

63. Landsþing

Landssambands hestamannafélaga

haldið í Fákshéimilínu í Víðidal 4.-5. nóvember 2022

Þingforsetar

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson

Þingritari

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Snæfellingi

Þingsetning

Guðni Halldórsson, formaður LH setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Þakkar Fákí fyrir að taka að sér að halda þingið, sem á vel við á afmælisári Fáks sem fagnar 100 ára afmæli á árinu, þingfulltrúar klappa fyrir afmælisbarninu.

Guðni segir þetta 63. landsþing sett.

Kosning þingforseta og þingritara

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson eru tilnefndir sem þingforsetar og teljast þeir rétt kjörnir.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir tilnefnd og rétt kjörin sem þingritari.

Formaður afhenti að þessu loknu stjórn þingsins til þingforseta og starfsmanna þingsins.

Gengið til dagskrár

Þingforseti Valdimar Leó þakkar traustið fyrir hönd þingforseta og starfsmanna þingsins, sem taka nú þátt í sínu fjórða þingi í röð.

Ávörp heiðursgesta

Gunnar Sturluson, forseti FEIF

Formaður LH og góðir landsþings fulltrúar. Það er mér sönn ánægja að fá að koma hér í dag og ávarpa stuttlega í upphafi þessa landsþings.

Langar að segja örlítið frá FEIF og því sem við erum að fást við en fyrir ykkur sem ekki vitið þá er FEIF alþjóðasamtök íslandshestafélaga, stofnuð árið 1969 að undirlagi Gunnars Bjarnasonar.

Innan FEIF eru 22 aðildarlönd, 65.000 manns sem eru félagar í 300 hestamannafélögum í þessum aðildarlöndum.

En hvað erum við að gera hjá FEIF, fyrir hvað stendur FEIF?

FEIF er með einkunnarorð sem eru á ensku "FEIF is bringing people together in the passion for the icelandic horse." og ég held að þetta nái ágætlega utan um þetta fyrirbæri.

Samtökin eru einstök á heimsvísu, ef maður horfir á alþjóðasamtök hestamanna eða hestamannafélaga, vegna þess að það eru engin önnur samtök sem bera ábyrgð á ræktunar-, íþróttar-, æskulýðs- og menntastarfi, öllu undir einum hatti.

Venjulega er það þannig að það eru ein samtök sem sinna ræktun og önnur að styðja við sportið.

Hlutverk FEIF er að vernda íslenska hrossastofninn og standa fyrir ræktun hans á heimsvísu, eftir samræmdum reglum og fyrst og síðast að tryggja það að við höldum áfram að rækta hreinræktaðan íslenskan hest, hvar sem þeir svo fæðast.

Við hlúum líka að æskulýðs- og menntamálum og stuðlum að ástundun hestamennsku og útreiða og síðast en ekki síst keppni á íslenskum hesti eftir samræmdum reglum og það er svolítið merkilegt vegna þess að okkar hestakeppni er allt öðruvísi heldur en allar aðrar hestakeppnir. Það er enginn annar að láta hesta hlaupa í hringi eins og við, nema þá í kappreiðum. Gangkeppnir eins og við þekkjum eru ekki algengar í það minnsta hjá öðrum hestakynjum.

Það er mikil áskorun að fá fólk til starfa í svona samtökum og það er eitthvað sem við erum alltaf að vinna að. Við erum stöðugt líka að huga að velferðarmálum hrossa og það hefur verið mjög í brennidepli upp á síðkastið. Það hefur farið fram hjá fáum t.d. umræðan um blóðmerahaldið og hestahald víðsvegar. En síðan erum við líka að að stuðla að því að hestamenn afli sér þekkingar og tileinki sér nýjungar því að áframhaldið okkar verður að byggjast á þekkingargrunni, vísindum, rökum og velferð.

En til að segja örlítið frá því hvernig FEIF vinnur þá kjósa samtökin á aðalfundi sjö manna stjórn og svo eru reknar fimm nefndir og hver nefnd ber ábyrgð á sínum málaflokki, en þær eru íþróttanefnd, ræktunarnefnd, menntanefnd, æskulýðsnefnd og útreiðanefnd eða Leisure riding commity sem er nefndin sem ætti að fjalla um hagsmunamál allra hestamanna.

Aðalfundur er haldinn árlega og þá hittast fulltrúar allra aðildarlandanna á viðkomandi sviði, og það eru þeir sem taka ákvarðanir t.d. um tillögur um reglugerðarbreytingar o.s.frv og svo funda nefndirnar reglulega yfir árið og svo hittast allar einu sinni á ári, á haustin.

Ísland hefur verið mjög virkur þátttakandi í starfi innan FEIF. Gunnar sjálfur, fyrsti og eini forsetinn en Jón Albert Sigurbjörnsson var varaforseti FEIF um árabíl en við eigum fulltrúa í öllum nefndum innan FEIF í dag og það er mjög mikilvægt að Ísland taki virkan þátt og láti sig málefni Íslandshestamenskunnar á alþjóðagrundvelli varða.

Þess vegna þurfum við að passa vel upp á WorldFeng sem er sameiginlegt verkefni FEIF og Bændasamtakanna, en þetta er einstakur gagnagrunnur á heimsvísu sem er grunnurinn að því að við getum haldið utan um hreinleika stofnsins og safnað upplýsingum um ræktunarstarfið allt. Þennan bolta megum við ekki missa. Bændasamtökin hafa dregið mjög úr áherslu sinni á þátttöku í hrossarækt og við hestamenn þurfum að passa upp á þetta sjálf. Í framtíðinni stöndum við frammi fyrir ýmsum áskorunum og það hefði fáum dottið það í hug að það yrði farið að ræða það hvort að það ætti yfirhöfuð að sitja á hestum og ríða þeim en það er nýjasta umræðan og hún kallast Social license to operate. Þetta er eitthvað sem við þurfum að huga að og afla okkur þekkingar, röksemda vísindalegra og annarra upplýsinga til að tryggja að við höfum stjórn á umræðunni um það hvernig við komum fram við hestinn því að velferðarumfjöllunin um hestamenskuna er að teygjast svo langt út að þetta er orðin þó nokkuð fyrirferðamikil umræða, eitthvað sem engum hefði dottið í hug.

FEIF er að láta sig þessi mál varða sérstaklega, með því að taka upp samstarf við dýralækna sem eru vísindamenn á sviði hesta, til að undirbyggja málflutninginn okkar um áframhaldið á hestamennsku eins og við þekkjum hana. Þetta þurfið þið að hafa í huga. Það sem er framundan hjá FEIF er aðalfundur í Stokkhólmi í febrúar en þá ætlar Gunnar sér að hætta sem forseti eftir að hafa verið í stjórn FEIF síðan 2011 og forseti síðan 2014, þannig að þar verður kjörinn nýr forseti og einhverjir nýir stjórnarmenn og vonandi verða í framboði fullt af glæsilegum fulltrúum frá Íslandi í þær nefndir sem þarf að endurnýja. Næsta sumar er svo Heimsmeistaramótið í Oirschot í Hollandi. Hollendingarnir eru orðnir mjög vel að sér í að halda heimsmeistaramót. Þeir hafa haldið tvö mót, 2007 og 2017 og fórst það frábærlega úr hendi og ég veit að það gengur mjög vel að undirbúa þetta mót og vonar að við hittumst öll í Hollandi næsta sumar.

Að lokum óskar Gunnar þingfulltrúum velfarnaðar í störfum sínum á þinginu og vonar að þeir hafi að leiðarljósi að Íslandshestamennskan er svo miklu stærra mál en að það sé einkamál okkar Íslendinga. Við þurfum að vera opin og virkir þátttakendur í hestamennsku á heimsvísu.

Að svo mæltu óskar Gunnar öllum góðra fundarstarfa um helgina og þakkar fyrir sig.

Valdimar gefur því næst orðið til Sveins Steinarssonar, formanns Félags hrossabænda.

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda

Þingforsetar og góðir fundarmenn.

Eins og vanalega þá eru spennandi tímar í hestamenskunni, endalaus tækifæri, verkefni og áskoranir kunna að koma inn á margt af því sem við þurfum að láta okkur varða og þessar áskoranir og tækifæri verða örugglega til umræðu í ykkar þingstörfum.

Er efst í huga mikilvægi samstarfs milli félaga, og sem betur fer hefur verið gott milli okkar hrossabænda og landssambandsins sem er í raun afar eðlilegt, enda margir af okkar félögum í báðum félögum.

Það eru áskoranir við þetta félagsstarf og hver tími hefur sínar áskoranir eins og við höfum reynt undanfarin ár en í ár er ánægjulegt að árið gekk nokkurn veginn eðlilega fyrir sig hvað varðar hestamennsku og hestaviðburði og við gátum haldið okkar stærsta viðburð, landsmót sem gekk vel sem slíkt og skilaði einnig góðri niðurstöðu rekstrarlega sem er afskaplega mikilvægt og í raun lyklatríði varðandi framtíð landsmóta og fyrir félagið okkar Landsmót ehf. Gott samstarf okkar í milli leiðir af sér gott samstarf við fleiri félög og fyrirtæki og það höfum við algjörlega reynt í því frábæra verkefni sem við höfum byggt upp í sameiningu og þið þekkið vel, Horses of Iceland (HOI). Verkefnið hófst formlega 2016 og byggir eins og þið vitið á framlagi frá okkur gegn mótframlagi frá ríkinu og Íslandsstofu auk þess sem Íslandsstofa heldur utan um verkefnið og leggur verkefninu til verkefnastjóra. Við þurfum sjálf að fjármagna verkefnið að hluta en höfum fengið góðan liðsauka í gegnum árin en um 70 aðilar hafa lagst á sveifina með okkur við fjármögnun verkefnisins og er það mjög þakkarvert. Engu að síður eru það hrossabændur, LH, FT og FEIF sem eru kjarnaaðilar að verkefninu og komu þessi félög verkefninu á á sínum tíma.

Ég segi að HOI er risaverkefni og stórt verkfæri sem við hestamenn höfum komið á en við ákváðum í upphafi að líta ekki á það sem tímabundið eða átak, heldur verkefni sem er komið til að vera.

Verkefnið er lifandi og í gegnum það getum við unnið að okkar áherslum hverjar sem þær eru og Gunnar fór nú ágætlega yfir það sem er að komast í umræðuna, t.a.m. þetta með að sitja á hestunum eins og við viljum.

Pórdís Anna, verkefnisstjóri (sem er verkefnisstjóri tímabundið) mun fara yfir helstu þætti verkefnisins hér síðar á þinginu. Vil nefna samning á milli hestasamfélagsins, okkar og ríkisins og Íslandsstofu, sem var undirritaður í sumar og gildir út árið 2025. Og svo það sé sagt þá gerist ekkert eða fátt af sjálfu sér, við þurfum klárlega að hafa öll lóð á vogarskálinni til að samningar næðust og stóð ykkar formaður sig vel í því sambandi.

En eins og áður, þá þurfum við að sýna fram á samstöðu og sameiginlegan vilja til að fá áheyrn og í þessu tilfalli hjá ráðherra til að fá nógu góða niðurstöðu gagnvart áframhaldandi markaðsverkefni.

Hestamennskan er í samkeppni við aðra afreyingu og því þurfum við að standa okkur vel og gera hestamenskuna og starfið okkar áfram áhugavert.

Þakka formanni og stjórn fyrir samstarfið til þessa og hlakkar til áframhaldandi samstarfs með stjórn og nýju stjórnarfólki.

Óskar LH og þingfulltrúum góðs gengis í störfum sínum á þinginu og að okkar mikilvægu málum og þakkar fyrir sig.

Látinna félagar minnst

Guðni Halldórsson, formaður LH fær þá orðið og þakkar fyrir góðu erindin hér að framan. Segirst öfunda Gunnar Sturluson af nokkrum hlutum, m.a. hvað hann sé hár og tignarlegur en helst þá því að vera kallaður forseti.

Formaður segir við hæfi við upphaf samkomu sem þessarar, að minnast látinna félagar og þeirra sem gengnir eru og biður þingheim að rísa úr sætum og votta látnum félögum virðingu sína með stuttri þögn.

Félagar heiðraðir

Formaður segir þá komið að því sem er skemmtilegast að gera, þ.e. að veita verðlaun og segist vera orðinn flinkur í að hengja borða á hross og lyfta bikurum.

Það eru heiðursverðlaun sem veitt eru þeim félagsmönnum LH sem taldir eru hafa lagt sérstaklega mikið af mörkum til samtakanna og verið verðmætir á einhvern hátt og heitir Gullmerki LH, ein æðsta viðurkenning sem hægt er að hljóta innan samtakanna.

Formaður biður Grétu Guðmundsdóttur, ritara stjórnar að aðstoða sig við þá framkvæmd að heiðra nú félagar með gullmerki. Guðni veitir verðlaunin og Gréta kallar upp og les ummæli um gullmerkjahafana.

Gunnar Sturluson

Gunnar Sturluson var stjórnarmaður og varaformaður Landssambands hestamannafélaga á árunum 2008-2012. Áður var hann formaður öryggisnefndar LH frá 2007-2008. Hann var formaður Snæfellinga frá 2007-2012. Árin 2009-2013 var hann formaður framkvæmdanefndar Fjórðungsmóts Vesturlands.

Hann var kjörinn í stjórn FEIF árið 2011, og var varaforseti FEIF 2011-2014.

Gunnar var kjörinn forseti FEIF árið 2014 en hann mun láta af embætti sem forseti í febrúar næstkomandi eftir 9 ár sem forseti.

Haraldur Þórarinsson

Haraldur Þórarinsson var formaður Hestaíþróttafélagsins Sleipnis frá 1991 til 1995.

Haraldur var formaður LH frá 2006 til 2014 eða um 12 ára skeið. Hann var

varaformaður LH frá 1998 til 2006 og í varastjórn LH frá 1995 til 1998.

Hann var einnig formaður Landsmóts ehf frá 2008-2014.

Á þessum árum vann hann ásamt öðru fólki að því að sameina Landssamband Hestamanna og Hestaíþróttasambandið undir merkjum ÍSÍ.

Hann vann að stofnun Landsmót ehf, eflingu menntunar tengdri íslenska hestinum og að tryggja hana innan íslenska menntakerfisins. Hann lagði sitt að mörkum til að standa vörð um rétt hestamanna til að ferðast um landið, efla umgjörð íslenska landsliðsins í hestaíþróttum, koma afrekshóp LH af stað, þróa kerfið "Klár í keppni", skilgreina gangteygundir íslenska hestsins og þróun tölvukerfa í kringum keppni, kynna TRECK keppnina, þróa og efla starf innan FEIF og starf á milli Norðurlandanna til að reyna að tryggja forystu Íslands í málefnum tengda hestinum okkar.

Hjörtur Bergstað

Fyrstu störf Hjartar í félagsmálum fyrir hestamenn voru árið 1985 á Landsmóti í Reykjavík. Hann var einnig í undirbúningsnefnd fyrir Landsmót 2000 og Landsmót 2018.

Hann tók sæti í stjórn Fáks 1991 og einnig í stjórn íþróttadeildar Fáks. Hann varð varaformaður Fáks 1992 og var svo kosinn formaður Fáks 2013 og hefur verið það síðan.

Hjörtur vakti veðreiðarnar upp á nýjan leik árið 1996 og kom þeim í beinar útsendingar í sjónvarpi. Hann sat í stjórn Meistaradeildar og kom því til leiðar að RUV hóf beinar útsendingar frá deildinni.

Fyrsta verk hans sem formanns Fáks var að koma á fót félagshúsi fyrir ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku.

Hulda G. Geirsdóttir

Hulda hefur starfað að félagsmálum hestamanna frá 14 ára aldri þegar hún tók sæti í stjórn Mána. Síðan þá hefur hún setið í ótal nefndum sem snúa að flestum hliðum hestamennskunnar, mótahaldi, æskulýðsstarfi, útbreiðslu- og kynningarstarfi, alþjóðlegu samstarfi og mörgu fleiru.

Hún hefur einnig starfað sem dómari í hestaíþróttum í áratugi og bæði setið í stjórn dómarafélagsins hér heima og í íþróttadómaranefnd FEIF. Þá hefur hún sinnt þularstörfum á alls kyns sýningum og mótum víðsvegar um heim.

Einnig hefur Hulda lagt mikla áherslu á aukna umfjöllun um hestaíþróttir í fjölmiðlum og komið að slíkri vinnu, bæði í gegnum prent- og ljósvakamiðla.

Auk sjálfboðastarfa fyrir hestamennskuna hefur Hulda líka starfað fyrir flest þau stóru samtök sem að greininni koma, m.a. LH, Félag hrossabænda, Félag tamningamanna og Landsmót.

Jóna Dís Bragadóttir

Jóna Dís hefur verið virk í þeim hestamannafélögum sem hún hefur verið í og má þar nefna sérstaklega hestamannafélögin Hörð og Fák. Jóna Dís sat í mörg ár í keppnisnefnd Hestamannafélagsins Harðar. Hún var kjörin formaður Harðar árið 2012 og gegndi því starfi í fjögur ár.

Árið 2014 var Jóna Dís kjörin í stjórn Landssambands Hestamannafélaga, varð varaformaður í kjölfarið og gegndi því hlutverki í fjögur ár. Hennar markmið í stjórn LH var að starfa fyrir alla hestamenn.

Hún var m.a. í landsliðsnefnd LH þau 4 ár sem hún var varaformaður og skipulagði ferð landsliðsins á tvö Heimsmeistaramót ásamt öðrum sjálfboðaliðum. Hún tók einnig virkan þátt í reiðveganefnd. Hún átti þátt í að koma Horses of Iceland af stað og sat í verkefnastjórn þess í 4 ár fyrir LH.

Jóna Dís er ein af stofnendum Meistaradeildar Æskunnar sem starfað hefur um árabíl og er þar formaður stjórnar.

Linda B. Gunnlaugsdóttir

Linda hefur komið að ýmsum mótum og félagsstörfum frá 2003.

Hún sat í stjórn Meistaradeildar í hestaíþróttum frá 2010 til 2014. Hún var formaður Spretts á árunum 2014-2016. Það var svo árið 2015 að Linda kom að stofnun Áhugamannadeildar Spretts ásamt Magnúsi Benediktssyni. Þau höfðu starfað saman í stjórn Meistaradeildar og langaði að stofna deild fyrir áhugamenn í keppni með svipuð fyrirkomulagi og er í Meistaradeildinni. Linda kom einnig að stofnun svokallaðar Blue Lagoon deildar Spretts árið 2017 ásamt Magnúsi Benediktssyni. Þetta var mótarið fyrir börn, unglunga og ungmenni með það að markmiði að opna aðgang yngri kynslóðarinnar að keppni. Linda hefur komið að og verið mótstjóri á fjöldi móta m.a. Íslandsmóti 2015 í Spretti, Gæðingamótum, úrtökum fyrir Heimsmeistaramót og svo mætti lengi telja.

Telma L. Tómasson

Telmu Tómasson þarf vart að kynna fyrir fólki en hún er frumkvöðull þegar kemur að hestasporti í fjölmiðlum. Hún var ritstjóri Eiðfaxes árið 2005 og árið 2013 útskrifaðist hún sem þjálfari og reiðkennari frá Háskólanum á Hólum.

Hún hefur nánast alla tíð unnið í fjölmiðlum og nýtt vettvang sinn til að koma hestamenskunni á framfæri með ýmsum hætti, bæði til að miðla til hestamanna og fagfólks, en ekki síður óþreytandi að mæta í viðtöl og fjalla um hestamenskuna á þann hátt að greinin höfði til þeirra sem ekki þekkja til hesta.

Með góða blöndu af þekkingu á fjölmiðlavinnu og námi í hestafræðum hefur hún komið hestamenskuna á framfæri með reglubundnum hætti í fjölmiðlum og lyft hestamenskunni á hærra plan á öllum stigum og gefið henni þann sess sem henni ber.

Þorvarður Helgason

Þorvarður Helgason sat í stjórn LH frá árunum 2006-2014. Hann var einnig í Æskulýðsnefnd LH árin 2004-2013.

Hann hefur séð um fánareidina á Landsmótum frá 2012 til 2022.

Þorri kom að stofnun úrvalshóps LH 2004-2012 sem síðan var breytt í landslið 21 árs og yngri.

Þorvarður sat í stjórn Fáks frá 2005-2017. Hann var í barna- og unglingadeild Fáks 2000-2005 og sá um Æskuna og hestinn árin 1999-2005.

Þorvarður situr einnig í Samtökum útivistarfólks og er þar í stjórn sem fulltrúi LH.

Gréta segir þetta fólk vera fyrirmyndir og hvatning fyrir okkur öll og óskar þeim til hamingju með gullmerkið.

Formaður þakkar Grétu fyrir hennar störf, og óskar þessum stórglæsilega hópi innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.

Valdimar Leó óskar verðlaunahöfum innilega til hamingju með þessa viðurkenningu og segir þingstörfum framhaldið.

Næst er komið að því að kjörbréfanefnd skili álit og biður þingforseti formann kjörbréfanefndar um að koma upp en áður en farið verður að greiða atkvæði segir hann þingforseta hafa kannað lögmæti þingsins án athugasemda en þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað, enginn hefur athugasemdir og skoðast þingið því lögmætt og rétt boðað og forseti gefur formanni kjörbréfanefndar orðið.

Kjörbréfanefnd skilar álit

Marteinn Valdimarsson, formaður kjörbréfanefndar tekur til máls og óskar nýjum gullmerkjahöfum til hamingju með sína viðurkenningu og heilsar í framhaldinu væntanlegum þingfulltrúum.

Þrjár fulltrúar störfuðu í kjörbréfanefnd, Marteinn, Jón Geir Sigurbjörnsson og Þórdís Arnardóttir.

Hafa gert grein fyrir kjörbréfum, það hefur verið venja að biðja fólk að standa upp, er það vilji þingsins að svo sé gert? Þingið samþykkir og Marteinn les því upp nöfn þingfulltrúa sem gera vart við sig með því að standa upp.

Fjöldi þingfulltrúa skiptist þannig eftir félögum:

- 1 Hestamannafélagið Adam 1
- 2 Hestamannafélagið Blær 2 - þaðan kemur ekki fulltrúi.
- 3 Hestamannafélagið Borgfirðingur 6 -
- 4 Hestamannafélagið Brimfaxi 2 - sendir ekki fulltrúa.
- 5 Hestamannafélagið Dreyri 4
- 6 Hestamannafélagið Fákur 19
- 7 Hestamannafélagið Feykir 1 - sendir ekki fulltrúa
- 8 Hestamannafélagið Freyfaxi 3 - sendir ekki fulltrúa
- 9 Hestamannafélagið Funi 2
- 10 Hestamannafélagið Geisli 1
- 11 Hestamannafélagið Geysir 10
- 12 Hestamannafélagið Glaður 3
- 13 Hestamannafélagið Glæsir 1 - sendir ekki fulltrúa
- 14 Hestamannafélagið Glófaxi 1 - sendir ekki fulltrúa
- 15 Hestamannafélagið Gnýfari 1
- 16 Hestamannafélagið Grani 2
- 17 Hestamannafélagið Háfeti 1
- 18 Hestamannafélagið Hending 2 - sendir ekki fulltrúa
- 19 Hestamannafélagið Hornfirðingur 3
- 20 Hestamannafélagið Hringur 3
- 21 Hestaípróttafélagið Hörður 9
- 22 Hestamannafélagið Jökull 9

- 23 Hestamannafélagið Kópur 2
- 24 Hestamannafélagið Léttir 7
- 25 Hestamannafélagið Ljúfur 3
- 26 Hestamannafélagið Máni 5
- 27 Hestamannafélagið Neisti 3
- 28 Hestamannafélagið Sindri 2
- 29 Hestamannafélagið Skagfirðingur 9
- 30 Hestamannafélagið Sleipnir 9
- 31 Hestamannafélagið Snæfaxi 2 - sendir ekki fulltrúa
- 32 Hestamannafélagið Snarfari 1 - sendir ekki fulltrúa
- 33 Hestamannafélagið Snæfellingur 4
- 34 Hestamannafélagið Sóti 2
- 35 Hestamannafélagið Sprettur 23
- 36 Hestamannafélagið Stormur 2
- 37 Hestamannafélagið Sörli 12
- 38 Hestamannafélagið Þjálfí 2 - sendir ekki fulltrúa
- 39 Hestamannafélagið Þráinn 1 - sendir ekki fulltrúa
- 40 Hestamannafélagið Þytur 4

Marteinn biður þingforseta að taka við erindi varðandi fulltrúa Jökuls, tveir fulltrúar Jökuls eiga þess ekki kost að mæta, þau Einar Ásgeir Sæmundsen, sem veitir Svavari Jóni Bjarnasyni umboð til að fara með atkvæði sitt og Svanhildur Jónsdóttir, sem veitir Ólafi Gunnarssyni umboð til að fara með atkvæði sitt.

Sömuleiðis frá Spretti, Birgir H. Björnsson, hefur ekki kost á að mæta og veitir G. Lilju Sigurðardóttur umboð sitt til kosningaréttar.

Seturétt á þinginu áttu 177 fulltrúar en það eru 159 fulltrúar sem mæta, eða hafa skilað kjörbréfum, þannig lagt fram til þingsins.

Marteinn lýkur þá máli sínu og þakkar nefndarmönnum fyrir samstarfið.

Þingforseti segir landsþing geta heimilað skv. lögum að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, forseti spyr hvort einhver geri athugasemdir við að þessir einstaklingar fái tvö atkvæði hvor? Enginn gerir athugasemdir þannig að það skoðast samþykkt.

Þingforseti gefur þá orðið til háttvirts íþróttamálaráðherra, Ásmundar E. Daðasonar.

Ásmundur E. Daðason, íþróttamálaráðherra

Ágætu landsþings fulltrúar,

Ráðherra segist halda að það sé óneitanlega léttari stemning hér en á öðrum landsfundi sem er að hefjast í dag, hér sé létt yfir vötnum, brosað og gaman.

Þakkar fyrir þann heiður að fá að koma og ávarpa hér hestamenn, sem ráðherra íþróttamála. Segir að hestaíþróttin sé ein fjölmennasta og stærsta íþróttagrein landsins. Hestamannskan hefur sameinað kynslóðir og fólk á öllum aldri í langan tíma. Hestaíþróttir hafa líka sýnt sig að vera mikil forvörn fyrir ungt fólk, og nefnir líka sérstaklega að honum finnst aðdáunarvert að sjá hvernig hesturinn hefur reynst þegar kemur að íþróttastarfi fatlaðs fólks en hann kynntist því líka sem félagsmálaráðherra á síðasta kjörtímabili.

Að fylgjast með slíkum námskeiðum, fyrir fatlað fólk með þroskahömlun, sem starfsrækt hafa verið t.d. hjá Herði í Mosfellsbæ frá árinu 2010, þar sem er búið að koma upp góðri aðstöðu eins og lyftu og sérútbúnum hnökkum og bakstuðningi, er eitt dæmi um frábært íþróttastarf sem hægt er að byggja upp í kringum hestinn og hestaíþróttina.

Hann segir líka að sem ráðherra íþrótt- og barnamála þá hefur hann verið í samtali við formann LH og formann Fáks, lofaði því reyndar á afmælishátíð Fáks í vor, lofaði reyndar tvennu þar - bæði þjóðarhöll upp í ermina á Degi B. Eggertssyni og lofaði einnig að setja af stað vinnu við að skoða með hvaða hætti við getum auðveldað börnum og ungmönnum aðgengi að þessari frábæru íþrótt. Þurfum að finna leiðir til þess að börn og unglingar geti stundað hestamennsku eins og aðrar íþróttagreinar, óháð því hvort foreldrar þeirra hafi aðgang að hestum eða ekki. Við þurfum að finna leiðir til þess að koma hestaíþróttinni líka nær skólakerfinu. Heldur að það séu tækifæri til þess í ráðuneyti mennta- og barnamála að gera það og þess vegna höfum við ákveðið að framkalla helminginn af þeim loforðum í þessum fasa sem ég lofaði á afmælishátíð Fáks en það er að setja í gang vinnu við að skoða það innan ráðuneytisins hvaða leiðir við getum farið til að gera það að verkum að öll börn sem vilja geti stundað hestaíþróttir. Hverjar eru áskoranirnar, hvar eru þröskuldarnir og í þessum tilgangi höfum við ákveðið að setja í gang stýrihóp sem mun skoða þessi mál þar sem ég vil vinna með Landssambandi hestamanna að því að skoða leiðir til þess að það geti orðið.

Reiknar svo með því að það verði væntanlega á næsta aðalfundi sem hann komi svo með þjóðarhöllina, því þá verði hans flokkur kominn með borgarstjórástólinn!

Vill líka nefna að það var gaman að fá að fara á landsmót sl. sumar og fylgjast með því. Hann náði að koma fyrstu dagana þegar barna- og unglingaflokkarnir voru að keppa og fannst gaman að sjá kraftinn og þessa góðu reiðmenn sem þar voru, færnina og alla umgjörð sem var í kringum barna og unglinga, ungmennastarfið. Ótrúlega magnað barna- og unglingastarf sem er í hestamenskunni og vil nota tækifærið, bæði sem íþróttamálaráðherra og ráðherra barnamála til að hvetja okkur til dáða í því. Vegna þess að, eins og hann segir, þá skiptir hestamennskan gríðarlega miklu máli og við eigum að leita leiða til þess að flestir sem vilja geti hana stundað.

Þakkar fyrir að vera boðinn til þingsins og hvetur þingfulltrúa til að halda áfram sínum góðu störfum, sér að það eru fulltrúar hér af öllu landinu, þekkir mörg andlit í salnum og hvetur til góðra verka og hlakkar til samstarfsins hér eftir sem hingað til.

Þingforseti þakkar Ásmundi fyrir sína framsögu og segir næst komið að fulltrúa ÍSÍ.

Viðar Garðarsson, stjórnarmaður ÍSÍ

Þingforsetar og landsfundarfulltrúar, ber ykkur kveðju forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar.

Það eru nokkur atriði sem Viðar langar að minnast á, eins og fram hafa komið í máli nokkurra aðila á þinginu en það eru áskoranir hreyfingarinnar. Bara í dag var verið að samþykkja ferla og vinnureglur fyrir samskiptafulltrúa íþrótt- og æskulýðsmála.

Ráðherra var að koma úr Laugardalnum, ekki af landsfundi sjálfstæðisflokksins, heldur úr íþróttamiðstöðinni í Laugardal þar sem var verið að fara yfir og samþykkja þessar reglur og hann hvetur okkur til þess ef við vitum af eða verðum vör við óásættanlega hegðun frá einhverjum aðilum, að hafa strax samband við samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála. Það er hægt að gera það í gegnum heimasíðu ÍSÍ - í staðinn fyrir að reyna að leysa mál sem koma óhjákvæmilega upp í stórri hreyfingu, í fámönnum hópi einhversstaðar og láta það svo

springa í andlitið á sér síðar. Fara strax með málin í réttan farveg og út fyrir hreyfinguna í fagfólk sem er til þess bært að taka á svona málum.

Getur ekki gefið ráð um velferð dýra og hugmyndir sem hafa heyrst um að eigi að gefa sérstakt leyfi til að fara á hestbak, finnst það galið og treystir þinginu til að standa duglega á móti þessari vitleysu.

Segir ekki fara á milli mála að stjórnvöldum í dag sé umhugað um lýðheilsu og risasamtök eins og hestamannafélögin allt í kringum landið hafa þar miklu hlutverki að gegna.

Tekur undir orð ráðherra um að gríðarlega mikilvægt fyrir hestaíþróttir og almenning í landinu að aðgengi að íþróttinni okkar sé gott, bæði fyrir börn og fullorðna. Þar verðum við að treysta á okkur sjálf, alls konar nýsköpun og nýjar hugmyndir um það, hvernig megi tengja á milli almennings og hestamannafélaganna. Það liggja hjá okkur og þannig, með þannig samvinnu og þannig hugsun getum við gert stór og öflug samtök enn betri.

Allur árangur liggur í samvinnu og vilja til þess að gera betur. Gera betur í dag en í gær.

Viðar vill enda á að segja að hann kíkta yfir reikningana eins og vaninn er, og segist sjá að sambandið er vel rekið samband, þrátt fyrir tap 2021 með niðurfærslu og rekstur það sem af er árinu 2022 sé með miklum blóma. Það er að sjálfsgöðu markmið allra íþróttafélaga að vera með góðan rekstur, það skiptir miklu mál að ekki sé verið að safna hagnaði, heldur að reksturinn sé góður og það sé verið að efla starfið með hverri krónu sem kemur inn.

Að lokum þakkar hann fyrir samstarfið og vonar að þingið verði starfsamt og gott og þakkar kærlega fyrir áheyrnina.

Þingforseti þakkar Viðari fyrir og segir að því komið að afhenda æskulýðsbikarinn og það verði á hendi formanns, með þátttöku aðstoðarmanns úr salnum. Guðni, formaður LH biður Dagbjörtu Huldu Guðbjörnsdóttur, formann æskulýðsnefndar LH um að afhenda bikarinn.

Æskulýðsbikar LH afhentur

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður æskulýðsnefndar

Forseti, góðir þingfulltrúar

Þessi eftirsótti bikar sem hér stendur er afhentur því félagi sem skara hefur þótt fram úr með sínu æskulýðsstarfi á undangengnu starfsári og hefur verið afhentur frá því 1996. Valið byggir á ársskýrslum æskulýðsnefnda félaganna, sem sendar eru inn til æskulýðsnefndar LH á haustin og hefur nefndin það verkefni að velja bestu skýrsluna.

Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíð félaganna, enda eitt það þýðingarmesta starf hvers félags. Við teljum að öflugt æskulýðsstarf skili af sér öflugum hestamönnum framtíðar. Með öflugu æskulýðsstarfi kemur framtíðargrasrót félaganna.

Nefndin heldur því staðfastlega fram að æskulýðsstarfið sé mikilvægasta starf hvers félags.

Í ár voru skýrslurnar 15 talsins. Skýrslurnar átti það sammerkti að vera skemmtilegar aflestrar og voru vel upp settar með ljósmyndum úr starfinu.

Nefndin hvetur fleiri félög að senda inn skýrslur æskulýðsnefnda en vill þó þakka öllum þeim félögum sem skiluðu inn skýrslu í ár því eins og allir vita hefur starf félaganna verið misvirkt af völdum heimsfaraldurs síðustu þrjú ár og erfitt að virkja aftur starf sem legið hefur niðri.

Það er ánægjulegt að sjá að félögin eru byrjuð að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum.

Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og með það að leiðarljósi muni greinin vaxa og dafna í framtíðinni.

Mátti sjá í skýrslunum að æði mikið og öflugt starf fer fram í félögunum. Það er ánægjulegt að sjá hve félögin eru dugleg að bjóða upp á hina ýmsu viðburði fyrir æskuna, jafnt með og án hesta. Mátti sjá öflugt og gott æfinga- og námskeiðshald hjá félögunum. Eins er gaman að sjá hve bæjarfélög eru dugleg að fá hestamannafélögin til að taka þátt í 17. júní hátíðarhöldum. Mörg félög stóðu fyrir keppnisnámskeiðum, enda um Landsmóts ár að ræða. Auk þess voru fjölmörg félög sem stóðu fyrir sýningum þar sem æskan fékk að njóta sín. Ærið verkefni var að velja hvaða félag skyldi hljóta bikarinn í ár en það félag sem æskulýðsnefnd þótti standa upp úr hefur lagt mikinn metnað í starf sitt og afar ánægjulegt að sjá hvað þau hafa náð að afreka mikið, sérstaklega þegar horft er til þess ástands sem ríkt hefur síðustu starfsár. Félagið hefur verið með mjög virkt starf og virðist sífellt vaxa og dafna. Á síðasta starfsári buðu þau upp á 9 staka viðburði og tvær viðburðaraðir. Félagið stóð fyrir alls 25 fjölbreyttum viðburðum og viðburðarröðum fyrir alla aldurshópa ef með eru talin námskeið og æfingar. Þau byrjuðu starfið sitt strax á haustmánuðum og er starfið þeirra orðið heilsvetrarstarf. Auk þess að starfrækja félagshesthús standa þau fyrir markvissum æfingum líkt og önnur sérsambönd ÍSÍ. Sjá má í skýrslunni þeirra að þau eru dugleg að bjóða upp á alls kyns nýjungar og hugsa út fyrir kassann.

Meðal þess sem okkur fannst athyglisvert er að þau virkja krakkana með sér og eru með sér ráð fyrir þau, settu upp TREC braut þar sem félagsmenn geta æft sig, buðu krökkunum í haustferð á hin ýmsu hrossaræktarbú og síðast en alls ekki síst nýttu þau aðstöðu Landssambandsins og stóðu fyrir fjölskyldu hestaferð á Skógarhóla. Félagið telur tæplega 900 félagsmenn og var stofnað á lýðveldisárinu 1944. Þau sendu inn vandaða 13 blaðsíðna skýrslu sem var vel uppsett.

Handhafi Æskulýðsbikars Landsambands hestamannafélag 2022 er Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði og er þar með fyrsta félagið til að hljóta Æskulýðsbikarinn þrisvar sinnum. Vil ég biðja Atla Má Ingólfsson formann félagsins að veita bikarinn viðtöku. Til hamingju Sörli!

Kaffihlé

Þingforseti gefur formanni LH, Guðna Halldórssyni, orðið fyrir flutning skýrslu stjórnar

Skýrsla stjórnar

Guðni Halldórsson, formaður flytur skýrslu stjórnar.

Núverandi stjórn var skipuð 2020, en einn stjórnarmaður sagði sig frá stjórnarstörfum á tímabilinu og fyrsti varamaður gekk inn í aðalstjórn í janúar 2022. Þetta hefur verið afskaplega samstillt og starfhæf stjórn og gaman að vinna með þessu fólki og vonandi tala verkin fyrir því.

Stjórn LH 2020-2022 var þannig skipuð:

Aðalstjórn

Guðni Halldórsson, formaður
Hákon Hákonarson, gjaldkeri
Gréta V. Guðmundsdóttir, ritari

Meðstjórnendur

Varastjórn

Stefán Logi Haraldsson, varaformaður
Aníta Aradóttir
Ingimar Baldvinsson
Lilja Björk Reynisdóttir

Einar Gíslason
Siguroddur Pétursson

Ómar Ingi Ómarsson

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 37 stjórnarfundir, tvær vinnuhelgar. Starfsmenn er í dag þrír í 260% starfshlutfalli, þau Berglind framkvæmdastjóri, Aníta verkefnastjóri og sá nýjasti Hinrik Sigurðsson, verkefnastjóri afreks- og mótamála. Aðrir starfsmenn eru þjálfarar sem ráðnir eru sem verktakar en það eru Sigurbjörn Bárðarson, landsliðsþjálfari, Ísólfur Líndal Þórisson, aðstoðarlandsliðsþjálfari, Hekla Katharina Kristinsdóttir, þjálfari U21 og Sigvaldi Lárus Guðmundsson, yfirþjálfari hæfileikamótunar.

Fastanefndir eru nokkrar og hafa átt gott og mikilvægt starf á starfstímabilinu. Haldnir voru fundir með öllum nefndum allavega einu sinni á tímabilinu sem gafst mjög vel.

Aðrar nefndir voru skipaðar á tímabilinu, ferða- og öryggisnefnd sem fjallar um öryggismál hestamanna, átakshópur um nýliðun og útbreiðslu, stór og mikil mótanefnd var skipuð í upphafi tímabils sem var falið að gera handbók fyrir mótshaldara fyrir næsta tímabil og leggja línurnar í mótahaldi til framtíðar. Starfshópur um þolreið LH, starfshópur um Íslandsmót í gæðingakeppni og starfshópur um gæðingafimi sem hefur verið að störfum frá árinu 2019 og hefur skilað af sér miklu og stóru plaggi um þá keppnisgrein.

LH er fjórða stærsta sérsambandið innan ÍSí með rétt um 12.000 skráða iðkendum en það eru Knattspyrnusambandið, Gólfambandið og Fimleikasambandið sem eru stærri, við erum aðilar að FEIF, og samtökum NIHC sem er samstarf formanna norðurlandasambandanna, sem hefur verið virkt og gagnvirkt samtal. Svo eru auðvitað einnig aðildarfélögin innan LH sem eru hér samankomin.

Í gegnum ÍSí eru gríðarlega mikilvægir tekjupóstar sem okkur berast, í gegnum Lottó tekjur, útbreiðslustyrkur, ríkisstyrk til reksturs skrifstofu, afrekssjóð sem við höfum verið jafnt og þétt að sækja í okkur veðrið og svo komu nýir styrkir, fjárhagslegir styrkir vegna Covid-19. Verður skýrt nánar í reikningunum.

Nýlunda var að það var kosinn LH félagi ársins, sem var framkvæmt í netkosningu, hugmynd sem kom frá Mette Mannseth. Mörg félög hafa gert þetta í áraráðir. Mikilvægt að draga fram það fólk sem er að starfa í félögunum og keppnisfólkið okkar sem er í forsvari fyrir félögin. Í ár var það Valur Valsson úr Hestamannafélaginu Neista sem hlaut nafnbótina LH félagi ársins fyrir óeigingjarnt starf fyrir sitt félag.

Reiðkennari ársins var valin Sara Arnbro fyrir frábæra vinnu með börnum, fötluðum og keppnisknöpum ásamt því að vera með framúrskarandi lausnir í rafrænni kennslu á erfiðu ári vegna Covid.

Menntaráðstefna FEIF, sem skipulögð var af menntanefnd, var gríðarlega vel heppnuð, sótt af 290 manns úr öllum heimshornum. Fyrirlesarar meðal fremstu sérfræðinga á sínu sviði vísindanna og reiðkennarar, og endað á pallborðsumræðum þar sem framúrskarandi knapar og reiðkennarar skiptust á skoðunum. Þetta var ótrúlega vel heppnað og flott og rós í hnappagatið fyrir þá sem stóðu að þessu.

Þolreið LH fór fram árið 2022 þar sem sex lið tefldu fram keppendum. Það var riðið úr Landssveit, um Rángárvelli og Fjallabak. Keppnin stóð í fjóra daga og heildarvegalengd var

um 250km. Allir hestar voru skoðaðir ítarlega af dýralækni fyrir og á meðan á keppni stóð og riðið með púlsmæla þannig að hægt var að fylgjast með álagi á hestunum í rauntíma. Þetta er eitthvað sem þarf að taka ákvörðun um hvernig menn vilja eða hvort menn vilja halda áfram eða hvort þetta sé eitthvað sem sambandið á að vera að standa fyrir eða hvort koma eigi í hendur einhverra annarra. Það er kannski hlutverk svona sambands að starta hlutum en kannski ekki að standa fyrir einhverjum árlegum keppnum. Það verður hlutverk nýrrar stjórnar að fara yfir en þetta er auðvitað ekki óumdeilt, það eru dýraverndarsamtök sem þótti þetta gengið að þoli og þreki hestanna, sem auðvitað eru skiptar skoðanir um og dýralæknir keppninnar mótmælir harðlega. Þetta þekkjja menn svo sem og þetta má alveg ræða.

Reiðvegamála, það var mikill gangur í þeim málum, og Hákon formaður reiðveganefnar ásamt Halldóri og fleiri hörkutólum, náðu miklu í gegn. Vegagerðin og LH skrifuðu undir samkomulag um gerð og útfærslu reiðstíga, á stofn- og tengivegum sem lagðir eru með bundnu slitlagi. Mikilvægt plagg sem tekur við af gömlu og löngu úreltu samkomulagi frá 1982 og var orðið tímabært að endurnýja. Mikilvægt fyrir okkur hestamenn, sérstaklega úti á landi þar sem verið er að nota akvegina sem reiðvegi og svo eru þeir allt í einu lagðir bundnu slitlagi og þá eru menn komnir út í móa í orðsins fyllstu merkingu.

Vegagerðin og Reiðveganefnd LH gáfu saman út endurgerðar leiðbeiningar um gerð reiðstíga, reiðstígagerð og uppbyggingu - mjög mikið plagg og svo var reiðvegahandbókin útgefin við sama tækifæri, Haraldur Sigursteinsson og Halldór Halldórsson unnu að endurskoðun hennar í samstarfi við Vegagerðina.

Þá hefur LH fundað með samgönguráðherra sem veitti aukafjárveitingu upp á 100 milljónir króna til úthlutunar í málaflokkinn '21 og '22 en nú er auðvitað mikilvægt að þetta verði framlengt og aukið. Í síðustu viku kom skipunarbréf frá ráðuneytinu þar sem óskað er eftir skipun í starfshóp til að meta og áætla og kostnaðarmeta tillögur í áætlun um reiðvegamála til framtíðar. Þetta er gríðarlega stórt skref að það verði farið í mat á þörfinni - hvar kreppir skóinn og hversu mikla fjármuni þarf til að reiðvegamála geti komist í almennilegan farveg. Ákveðið var á fundi að Hákon og Berglind taki sæti í þessum starfshópi og bundnar eru miklar vonir við þetta starf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Stefáni Loga Haraldssyni sem er formaður og Hákon Hákonarsyni f.h. LH, Sveinn Steinarsson f.h. FHB, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson. Stjórn fundaði nokkrum sinnum á árinu með mótshöldurum Landsmóts 2022, Rangárbökkum, og var upplýst um stöðu framgang undirbúnings við Landsmót.

Ein af stærstu eignum LM eru myndböndin í WF - 24 félög hafa keypt aðgang fyrir félaga sína.

Aðsókn að Skógarhólum var góð í sumar og voru hópar á staðnum um hverja helgi og talsverð nýting í miðri viku líka. Rekstur Skógarhóla hefur verið færður yfir á eignarhaldsfélag í eigu LH, Skógarhóla ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Sportfengur – alls haldin 160 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður með um 11.800 skráningar alls. Endurnýjun samnings LH og RML um framtíð Sportfengs, er í bígerð.

Sportablar - Felix hefur verið lagður af og gengið til samninga við Sportablar fyrir félagatal og námskeiðshald.

LH stóð á árinu fyrir námskeiði fyrir þuli sem stýra keppnum á mótum, mikilvægt að þeir séu inni í reglum og rekstri móta - 13 mættu víða af landinu og tókst mjög vel. Þyrftum að ganga lengra í þessu og halda fleiri námskeið. Aukin kunnátta á mótahaldi, því betra.

Það var tekið upp það verklag nú á haustmánuðum að félögin sækji um mótadagsetningar. Þetta kemur í kjölfar funda með félögunum, þar sem var nokkuð skýrt ákall um að LH þurfi að stíga fastar inn í mótahald og utanumhald enda erum við íþróttasamband. Hefur þótt full laust í reipunum hingað til. Verklagið er hugsað til að tryggja samræmi í mótahaldi löglegra móta yfir sumartímabilið, auðvelda mönnun og utanumhald og koma í veg fyrir árekstra í mótahaldinu.

Jöfnunarsjóður dómarakostnaðar - mikið rætt á formannafundum. Ójöfnuður sem félög á landinu búa við varðandi kostnað við dómgæslu á mótum, þar sem staðsetning gerir að verkum að dómaraþurfa að ferðast um langan veg með tilheyrandi kostnaði við ferðalög og gistingu, hefur verið að sliga mörg félög. Í lok árs 2021 auglýstum við eftir styrkumsóknum og sóttu 8 félög um styrk og fengu alls 630.000. Frestur til að sækjaum styrk vegna ferðakostnaðar á árinu 2022 er til 20. nóvember.

Landsmót 2022 haldið á Rangárbökkum í júlí, glæsilegt mót, 8-9.000 manns sóttu mótið og tókst mjög vel. Farið betur yfir landsmót hér á eftir.

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna var haldið af hestamannafélaginu Geysi, aðra helgina eftir landsmót eins og lög gera ráð fyrir og Íslandsmót barna- og unglinga var haldið af hestamannafélaginu Borgfirðingi í Borgarnesi 5.-7. ágúst.

Búið er að endurnýja öll farandverðlaun á Íslandsmótum, bæði barna og fullorðinna, með veglegum framlögum félaga og styrktaraðila. Töluvert góður bragur á því að hafa nýja og samstæða og flotta bikara.

Það er umhugsunarefni og stórt verkefni næstu ára að finna leiðir til að laða áhorfendur að á mótum - kem betur inn á þetta á eftir.

Framtíðarskipan mótamála og stórmóta er viðfangsefni sem við hestamenn stöndum frammi fyrir og þarf að taka umræðu um.

Uppskeruhátið ekki haldin 2021 en knapaverðlaun ársins voru veitt að afloknum formannafundi það árið.

Hér gaf Guðni orðið til Grétu til að fjalla um verkefni sem hún hefur haldið utan um.

Gréta minntist á plakötin frammi. Byrjuðum árið 2021 að fara af stað, gekk brokkgengt, en byrjaði undir nafninu 100 hestamenn heimsóttir en varð að Glugga inn í hestamennsku landsmanna.

Nokkrir spyrjendur sem fengu það verkefni að taka stutt viðtöl þar sem útgangspunkturinn var að svara áskorun um að gera almenna hestamennsku sýnilegri og opna þennan glugga fyrir landsmenn inn í hestamennsku á Íslandi, sýna fjölbreytileika innan raða hestamanna og ástríðu fyrir íslenska hestinum. Ekki síst að opna upplýsingar fyrir nýliða og búa til platform til

að koma á framfæri upplýsingum um hestamennsku til annarra hópa en hestamanna, því eins og við vitum þá virka samfélagsmiðlar þannig að þú sérð bara það sem þú hefur áhuga á - einblíndum á göngu og hjólahópa.

Fóru af stað í lok árs 2021, Hvíta húsið auglýsingastofa sá um verkefnið og stjórnaði birtingum á samfélagsmiðlum. Fyrstu viðtölin fóru í birtingu 13. apríl. Þeir sáu einnig um birtingu á auglýsingu Umferðarstofu á samfélagsmiðlum á sama tíma.

Kostuðu birtingar í útivistarhópum (göngu- og hlaupahópum) og Hvíta húsið sendi skýrslu um birtingarnar. Birt var frá 13. apríl til 24. júní - svo aftur frá 21. september til 3. október. 37 viðtöl tilbúin, 17 hafa þegar birst, 20 klár til birtingar. Skýrsla frá Hvíta húsinu sýnir að það er hár birtingarfjöldi á þessum örsögum, um 2,3m birtinga á þessum myndum, sem er góður birtingafjöldi. Má segja að fólk á aldrinum 25-34 ára var stærstur í áhorfi.

Lærðum heilmikið á þessu, tel að þetta efni geti hjálpað til við að sýna fjölbreytileika hestamanna og geti orðið LH til gagns til að auka skilning á hestamennsku. Ýmis teikn á lofti að við þurfum að sækja fram og kynna þetta sport okkar, og finna hestamenn í sem flestum félögum um allt land.

Það sem við lærðum á þessum stutta tíma er að aðkoma auglýsingastofu er aðeins kostnaðarsöm, og það væri mjög gott ef við gætum stjórnað birtingunum frá skrifstofu LH og það er alveg gerlegt. Viðtölin eru komin í fast form og nokkuð aðgengileg þeim sem koma til með að hjálpa okkur áfram.

Í ljósi þessarar vinnu telur Gréta að þurfi að stofna útbreiðslu- og kynningarnefnd. Við þurfum að gera betur í að kynna hestamenskuna.

Ótrúlegar sögur, hestamennska landsmanna er full af fjölbreyttum sögum sem þurfa að heyrast til að hjálpa okkur.

Gréta þakkar fyrir.

Guðni fékk orðið aftur og þakkar Grétu fyrir.

Horses of Iceland, hluti af okkar kynningarmálum og kemur hér aftur inn á eftir.

Starfshópur um eflingu gæðingakeppni sem við fórum í og létum birta myndbandið Af hverju gæðingakeppni, sem fékk mikið áhorf og þótti mjög skemmtilegt.

Miðbæjarreiðin, í tilefni af 100 ára afmæli Fáks í lok apríl - tókst vel, vekur alltaf jafn mikla athygli og þarf að halda inni.

Öryggis og tryggingamál - mikilvægt verkefni sem er okkur býsna hagleikið en það var gert myndband um umferð hestamanna og viðbrögð hestsins við áreiti. Gert í samstarfi við Samgöngustofu 2021, birt í miðlum og í sjónvarpi.

Öryggisnefnd stóð fyrir hönnun umferðarskilta, sem félögin geta keypt og sett upp í hverfum sínum.

Stjórn hefur verið í samtali við tryggingafélög um samstarf á sviði öryggismála hestamanna. Öryggis- og tryggingamál hestamanna eru ekki í góðum málum að mati formanns. Hestaslys eru alvarleg og svo eru hlutir eins og tryggingamál, hestarnir okkar valda tjóni, hvernig við erum tryggð með hesthúsin okkar, hestakerrurnar og annað. Þetta er fræðsla sem þarf að fara betur í og reyna að sækja á heildstæðari pakka frá tryggingafélögunum.

Öryggis- og ferðanefndin útbjó eyðublað sem er aðgengilegt á vef LH, til að tilkynna og skrá slys sem verða, til að hjálpa til við að meta aðstæður og útrýma slysaáhrifum ef einhverjar eru.

Afreksmálin - LH er í B-flokki alþjóðasársambanda, í afrekssjóði, með virka afreksstefnu, gríðarlega flott starf og mikið og hægt að lesa um þetta í skýrslu landsliðsnefndar.

Framundan er auðvitað HM á næsta ári þar sem við mætum öllum og styðjum okkar fólk. HM verður kynnt sérstaklega síðar á þinginu.

NM á Álandseyjum var haldið sl. sumar - gríðarlega flókið að koma hestum þangað, ekki alveg nógu vel heppnað og að mati formanns þarf að endurhugsa þessi Norðurlandamót og Evrópumót.

Á Landsþingi 2018 var ákveðið að hefja vinnu við að endurskoða lög og reglur LH og laganefnd falið að vinna að heildarendurskoðun laganna og samræmingu á þeim og núgildandi reglum FEIF. Nú liggur fyrir afrakstur þeirrar gríðarlegu vinnu, sem Ólafur Haraldsson hefur borið hitann og þungann af. Þetta er mikil framför telur Guðni, uppsetning og framsetning á lögnum verður miklu aðgengilegri og skýrari og líkari því sem gerist hjá FEIF.

Öruggt umhverfi í hestaípróttum - í tengslum við það sem Viðar kom inn á áðan, það hefur mikið mætt á okkur í þessum málum sem tengjast kynbundnu ofbeldi og ofbeldi. LH hefur ákveðið að auk samskiptaráðgjafans að setja upp sérstakan hnapp hjá okkur líka fyrir öruggt umhverfi í hestaípróttum þar sem þar til gerður hópur sérfræðinga mun aðstoða þá sem telja sig hafa orðið fyrir einhverju ofbeldi. Er og verður unnið með samskiptaráðgjafa og þetta er gríðarlega snúið og flókið mál. Hinrik og Gróa Björg hafa leitt forystu í þessu verkefni ásamt Berglindi.

Starfsemi LH hefur gengið vel á árinu og blómstrað, skrifstofan hefur verið vel mönnuð og fjárhagur LH sterkur og stjórn þakkar ánægjulegt og gefandi samstarf og horfir björtum augum til framtíðar.

Skýrsla formanns - Guðni Halldórsson

Það er fullt af hlutum sem maður getur ekki sagt í umboði stjórnar og þarf að segja sjálfur en nú eru liðin tvö ár frá því ég tók við sem formaður LH og þetta er búinn að vera skemmtilegur, krefjandi og lærdómsríkur tími. Fyrsta árið einkenndist af covid og erfiðleikum tengdum því sem seinkaði nokkuð að hægt væri að hitta fólk og kynna sér það sem brennur á hestamönnum í landinu. Í framhaldi af því fengum við ansi óvelkomið verkefni sem tengist áreitni og kynbundnu ofbeldi í okkar röðum, sem óumflýjanlegt var að taka afstöðu til. Þetta eru án efa erfiðustu og leiðinlegustu mál sem hægt er að fá inn á borð til sín. Alveg sama hvernig á þeim er tekið þá verður aldrei neitt sem verður rétt eða auðveld ákvörðun. Það er þó þannig að það að taka ekki afstöðu er að taka afstöðu í sjálfu sér og það er því ekki í boði heldur. Fyrir utan KSÍ þá hefur örugglega ekkert sérsamband þurft að taka stærri eða erfiðari ákvarðanir eins og stjórn LH stóð frammi fyrir í þessum málum. Það er erfitt að reyna að útskýra fyrir fólki hversu taugatrekkjandi það sé að vera settur í þessa stöðu, standa frammi fyrir fordæmalausum ákvörðunum sem enginn hefur vit eða þekkingu á en allir hafa skoðanir á. Að vera í forsvari fyrir félagasamtök, og búa við endalaus símtöl og tölvupósta frá öllum

fjölmiðlum landsins, málsaðilum og öðrum sem hafa skoðun á málum á degi sem nóttu og vita aldrei hvað kemur næst er eitthvað sem menn hafa ekki séð fyrir.

Þegar mest á gekk í þessum málum, og eftir nokkrar svefnlausar nætur þá tók ég ákvörðun með sjálfum mér að hætta sem formaður LH. En var svo bent á það af eiginkonu minni að þannig færðist vandamálið á einhvern annan, og það færi ekkert þó ég myndi stíga til hliðar, þá sá ég að það væri engin lausn, hætti því við að hætta og ákvað að halda áfram og sé ekki eftir því í dag.

Í aðdraganda landsþings hafði ég samband við fólk, sem ég þekki og þekki ekki, til að hvetja það til að bjóða sig fram til stjórnar LH. Tel afar mikilvægt að þingið hafi úr fjölda flottra frambjóðenda að velja og er ánægður með þann glæsta hóp sem hér er í framboði.

Margir veigruðu sér við því að bjóða sig fram vegna ótta við illt umtal og ótti við að fá á sig óvægna gagnrýni fyrir störf sín.

Eðlilega er fólk lítið spennt fyrir því að leggja á sig félagsstörf í sjálfböðastarfi og þurfa svo í ofanálág að hafa áhyggjur af skítkasti eða ærumissi. Fyrir mér er þetta stórt og mikið mál og í raun áfall að fólk veigri sér við því að vinna fyrir samtök eins og LH af þessum sökum.

Við þurfum öll að skoða okkar gang hvað þetta varðar. Skítadreifarar eru góðir til að bera skít á tún en þess utan má alveg gefa þeim frí.

Hef sjálfur ekki farið varhluta af þessu og þó ég biðjist ekki undan gagnrýni eða snörpum skoðanaskiptum þá viðurkenni ég að manni er stundum nóg um.

Þegar maður fær sendar beinar og óbeinar hótanir sem beinast að heilsu, æru eða starfsheiðri af því að maður hefur tekið að sér þetta hlutverk, þá er eðlilegt að velta fyrir sér hvert við stefnum.

Tek tvö örstutt dæmi því við höfum nógan tíma. Var með fólk í mat heima hjá mér og þegar ég kíkta á símann minn þá biðu átta sms frá einum aðila þar sem ég var úthrópaður aumingi, vesalingur, ræfill, og í síðustu skilaboðunum var bein hótun um að ég myndi hljóta verr af enda væri viðkomandi sendandi vel tengdur í undirheimunum.

Einnig tek ég dæmi um kvöld þegar ég var að lesa fyrir dóttir mína þá bíður mín símtal frá mjög áhrifamiklum manni í íslensku samfélagi, sem hefur ítök í íslensku viðskiptalífi og stjórnárum. Sá hélt fimm mínútna einræðu um það hversu mikill aumingi og vesalingur ég væri og hann myndi sjá til þess að allir á Íslandi myndu vita hversu mikill vesalingur og mannleysa Guðni Halldórsson væri. Hann myndi einnig sjá til þess að vinnuveitendum og atvinnurekendum yrði gert ljóst hversu skitlegan mann og ræfil ég hefði að geyma.

Samskipti sem þessi eru því miður ekki einsdæmi. Þetta er að verða viðvarandi vandamál innan íþróttahreyfingarinnar og ekki til þess fallið að laða fólk til starfa.

Ég hef bæði rætt þetta við forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ sem og ráðherra íþróttamála enda tel ég þetta vera meinsemd sem þarf að ná utan um. Þetta er því miður þekkt varðandi dómara og aðra sem þurfa að taka umdeildar ákvarðanir og skemmst er að minnast ömurlegrar upptöku á landsmóti í sumar sem m.a. rataði í fjölmiðla og er flestum væntanlega í fersku minni.

Við verðum að fara að taka okkur á og bæta okkur í þessum málum. Við verðum að finna leiðir til að verja okkar fólk fyrir árásum, áreiti og skítkasti. Það er engin afsökun þó einhver telji að sinn hestur hafi fengið lága einkunn, einhver hafi tekið ranga ákvörðun eða einhver sé ósáttur við að einhver sé valinn til forystu í samtökum.

Á tímamótum sem þessum er ekki óeðlilegt að horfa til baka og sjá hvað hefur áunnist, hvað hefði betur mátt fara og hvað er mikilvægt að leggja áherslu á á næstu misserum.

Hefði viljað sjá gerast hraðar og meira varðandi hluti sem snúa að æskulýðsmálum, nýliðun og útbreiðslu og kynningu íþróttarinnar.

Vissulega hefur verið settur fókus á kynningarmál með það fyrir augum að vekja athygli á okkar frábæru íþrótt og reynt að draga fleiri að sportinu en það þarf að gera enn betur og stíga fastar niður.

Guðni bindur vonir við að starfshópur ráðuneytisins geti komið með aukinn þunga inn í málefni barna og aðgengi þeirra að íþróttinni. Það er að mörgu að hyggja og ljóst að aukið fé þarf að finna til verkefnisins. Þetta er risamál sem þarf að vinnast hratt og þétt.

Það er mikilvægt þegar fólk er valið til forystustarfa í samtökum sem þessum að inn veljist fólk með fjölbreyttan bakgrunn og áhugasvið. Þegar núverandi stjórn skipti með sér verkum að afloknu síðasta landsþingi þá kom í ljós að áhugasvið stjórnarmanna lá ekki á sviði æskulýðsmála. Enginn úr aðalstjórn var áhugasamur að taka sæti í æskulýðsnefnd. Tek það fram að með þessu er ekki á neinn hátt verið að tala niður það frábæra fólk sem unnið hefur í stjórn síðustu tvö ár, heldur benda á það að ef þingið ætlar að veita málefni brautargengi þá er mikilvægt að velja inn fólk sem brennur fyrir þeim málaflokkum.

Eitt af því sem maður hefur lært af því að starfa í svona félagasamtökum er að viss verkefni eru einfaldlega of stór og viðamikil til að þau vinnist af sjálfboðaliðum. Hvort sem um er að ræða nefndum, hópum eða stjórnunum. Dæmi um það er þegar sett var á fót ný fjölskipuð nefnd í upphafi tímabils sem var ætlað að fara yfir mótamál, byrja að marka stefnu og koma með tillögur að framtíðarsýn mótamála ásamt því að setja upp handbók fyrir mótshaldara sem væri hægt að styðjast við í mótahaldinu.

Af ýmsum ástæðum komst þetta starf aldrei almennilega af stað og það var því um mitt þetta ár tekin ákvörðun um að ráða starfsmann móta og afreksmála sem gæti sinnt þessu starfi.

Enda ekki hægt að ætlast til að sjálfboðaliðar skili sama framlagi og ráðnir starfsmenn.

Magnað að sjá hvað viðkomandi starfsmaður, sem er í hlutastarfi, er kominn með mörg og stór mál á gott skrið í samstarfi við nefndir og hópa sem um sama málaflokk gera.

Tel málefni sem snúa að nýliðun, æskulýðsmálum og útbreiðslu- og kynningu íþróttarinnar séu svo stór málaflokkur sem þarfnist slíkrar athygli að vert sé að stofna sérstaka útbreiðslunefnd innan LH auk þess að skoða hvort þurfi að skilgreina sérstaklega eitt af störfum skrifstofu með fullan fókus á þessum málum.

Nú er ég ekki hokinn af reynslu þegar kemur að landsþingsetu, en hef hins vegar lesið margar þinggerðir fyrri þinga og þegar maður les gamlar þinggerðir þá verður maður ansi hugsi yfir því hversu margar væri hægt að nýta aftur og aftur, enda oft sömu umræðuefnin árum og áratugum seinna.

Það eru um 50 skjöl sem liggja fyrir þinginu til afgreiðslu, auk ársreikninga þriggja félaga og fjárhagsáætlunar. Þingið þarf að afgreiða öll þessi mál og skal kosið um þau öll.

Þetta fyrirkomulag gefur ekki færi á vönduðum vinnubrögðum, eða djúpum og/eða stefnumarkandi umræðum. Tel að við þurfum að hugsa málefni landsþings eitthvað upp á nýtt. Okkur vantar umræðuvettvang þar sem hestamannafélögin geta komið saman, gefið sér tíma til að ræða málin og tekið ákvörðun til framtíðar.

Á hvaða leið erum við, hvert viljum við stefna og hvernig viljum við komast þangað. Mótamál til framtíðar er eitt af þeim málum sem er mikilvægt að við hestamenn mörkum okkur skipulega stefnu til framtíðar. Fleiri og lengri mót með enn fleiri flokkum og skortur á áhorfendum á almenn mót er þróun sem við verðum að finna leið til að snúa til betri vegar. Ekki bara hér innanlands, heldur einnig mót eins og Norðurlandamót og Mið-Evrópumót og almennt mótafyrirkomulag í Íslandshestaheiminum. Einnig þurfum við að skoða betri leiðir til að samræma mótahald á Íslandi, ekki síst innanhúss mótahald.

Lands- og heimsmeistaramót eru þarna skýr undantekning og því þarf að horfa til þess hvað er vel gert þar og passa upp á þessi mikilvægu fjöregg okkar.

Telur þetta vera eitt af stóru málum næstu missera og að þetta brenni á félögum í landinu eftir fundaðerð stjórnar um landið sl. vetur.

Guðni þakkar að lokum öllu því frábæra fólki sem komið hefur að starfi sambandsins og hann hefur átt upp til hópa mjög góð samskipti og samstarf með. Stórkostlegt starfsfólk á skrifstofu, fráfaramandi stjórn sem hefur verið dugleg og staðið þétt saman í mörgum erfiðum málum, nefndum LH sem eru í raun burðarstólpar starfsins, dómarafélögum, forsvarsmönnum félaganna í landinu, mótshöldurum sem staðið hafa fyrir hverju frábæra mótinu á fætur öðru ásamt öllu því frábæra fólki sem hann hefur kynnst á undanförunum árum.

Það eru spennandi tímar framundan og fjölmörg spennandi verkefni sem bíða nýrrar stjórnar.

Ég hlakka til framhaldsins og tel að með samstöðu og jákvæðni getum við hestafólk gert ótrúlega hluti. Takk fyrir.

Þingforseti þakkar formanni fyrir sína framsögu. Umræða um skýrsluna fer fram á eftir, fyrst eru það reikningarnir.

Ársreikningar LH fyrir árin 2020 og 2021

Hákon Hákonarson gjaldkeri fær orðið til að fara yfir ársreikninga LH fyrir árin 2020 og 2021.

Árið 2020 voru rekstrartekjur kr. 68.704.369, rekstrargjöld kr. 63.163.184 og tap ársins kr. 12.969.491. Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sambandsins kr. 55.812.799, bókfært eigið fé í árslok var kr. 50.881.453 og eiginfjárlutfall 91%.

Árið 2021 voru rekstrartekjur kr. 77.133.611, rekstrargjöld kr. 67.390.408 og tap ársins kr. 2.439.221. Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sambandsins kr. 54.026.894, bókfært eigið fé í árslok var kr. 48.442.232 og eiginfjárlutfall 90%.

Áður en farið verður yfir sundurliðanir þá verða teknar fyrir niðurfærslur.

Á síðasta þingi, árið 2020 voru miklar umræður í fjárhagsnefnd varðandi kröfur LH á Landsmót og eins á hlutafjáreign.

Sá fáheyrði atburður gerðist að fjárhagsnefnd lagði til við þingið að reikningar LH yrðu ekki samþykktir. Þingið tók sem betur fer aðra ákvörðun og samþykkti þó reikningana. Þetta er fyrst og fremst bókhaldslegt atriði sem við erum að fara í. Það varð að gera eitthvað til að standast landslög, það var ekki hæft að hafa þetta eins og var. En til að skýra frekar þetta mál, þá var fenginn til starfa Lárus Finnbogason, endurskoðandi til að ráðleggja um þetta og hann skilaði um þetta tillögum sem voru samþykktar í báðum félögum og Lárus skýrir hér hverjar tillögurnar voru.

Lárus Finnbogason, endurskoðandi:

Eins og Hákon kom inn á þá óskaði stjórnin eftir því að ég myndi koma með tillögum um hvernig hægt væri að koma að því að breyta fjárhagsskipan Landsmóts ehf., félagsins sem LH átti þá $\frac{2}{3}$ hluta í en félagið hafði verið rekið með viðvarandi tapi, eigið fé var orðið verulega neikvætt og vangaveltur um hvort að stjórnin hafi verið í þeirri stöðu að henni bar að grípa til einhverra aðgerða. Það eru ákvæði um það í lögum um einkahlutafélög en þar segir: "Félagsstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að

eigið fé skv. bókum félagsins er orðið minna en skráð hlutafé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir þ.á.m. um slit á félaginu.”

Það var því augljóst mál að stjórn félagsins varð að grípa til aðgerða. Í árslok 2020 var eigið fé Landsmóts neikvætt um tæpar 15 milljónir, hlutafé var þar af 27 milljónir þannig að það var uppsafnað ójafnað tap upp á 41,7 milljón sem þurfti að gera eitthvað með.

Félagið var í raun fjármagnað þannig að hlutafé var um 27 milljónir, síðan var það fjármagnað að öðru leyti með lánum frá LH og Félagi Hrossabænda. Hlutfjáreignin því þannig að LH átti $\frac{2}{3}$ en með 82% af lánunum sem var búið að lána til félagsins svo það væri rekstrarhæft.

Niðurstaðan varð því sú að tillaga var gerð um að þetta yrði gert í tveimur skrefum, þ.e. að hlutafé væri fært niður til jöfnunar taps, og síðan var ákveðið að hækka hlutafé sem nam skuld félagsins eða kröfu LH og FHB á félagið og síðan var hluti af þeirri hlutfjáraukningu einnig færður til lækkunar á eigið fé og með þessu móti varð eigið fé félagsins því jákvætt um 6,5 mkr og ójafnað tap nánast eiginlega á núlli (vísar í skýringu 8 í ársreikningi Landsmóts ehf. árið 2021).

Þarna endurspeglast hlutfjáreignin og skuldir landsmóts við LH, það speglast í bókum LH, þ.e. hlutfjáreign LH í Landsmóti ehf. var færð um 19mkr og svo voru kröfur færðar á milli, um 17mkr eða samtals um 36 milljónir. Reyndin samt sú að þetta var alls ekki 36 mkr virði. Þannig að á árunum 2020 og 2021 var því færð niðurfærsla bæði á kröfum og hlutafé, eða um 30 milljónir sem fara í gegnum rekstrarreikning LH á árunum 2020 og 2021 og með þessu móti endurspeglast betur raunvirði eignarinnar í Landsmóti ehf. í ársreikningi LH. Við þessar aðgerðir breyttist í raun eignarhlutdeildin milli félaganna. Eign LH í hlutafé Landsmóti ehf. er því núna 82% og FHB 18% sem endurspeglar lánin sem veitt voru til Landsmóts ehf.

Ársreikningur Landsmóts ehf. sé heilbrigðari en áður og einnig er þetta viðbragð við því sem kveðið er á um í lögum, að félagsstjórn þurfi að grípa til aðgerða, því ekki vildu menn slíta félaginu. Þannig að þetta er miklu eðlilegra að færa þetta með þessum hætti, þannig að skuldunum var breytt í eigið fé og þetta speglast í reikningsskilum LH með því að færa þetta niður á þessum tveimur árum, 18,5m 2020 sem var að langstærstum hluta vegna Landsmóts ehf., en einnig var gömul hlutfjáreign í Eiðfaxa upp á 500.000 sem var færð niður og árið 2021 var restin færð eða liðlega 12 milljónir og núna er hlutfjáreign LH í Landsmóti ehf. færð á nafnverði.

Heilbrigðari efnahagsreikningur sem við erum að horfa á eftir þessar aðgerðir. Þetta hefur auðvitað slæm áhrif á rekstrarreikninginn bæði 2020 og 2021 fyrir LH en ég held að þarna sé verið að viðurkenna tap sem var í sjálfu sér orðið til fyrir einhverjum árum síðan.

Þetta eru niðurfærslur á hlutafé, ekki tap af því, því að LH á 82% hlut áfram í þessu sama félagi. Sama félag, bara með annarri fjárhagsskipan. Ekki endanlegt tap, heldur viðurkenning á uppsöfnuðu tapi frá fyrri árum.

Lárus þakkar fyrir að sinni.

Hákon tekur aftur til máls og þakkar Lárusi fyrir.

Engir peningar tapaðir við þessar aðgerðir, eigum þetta ennþá og ef Landsmót skilar hagnaði þá rennur eignarhlutur LH í þeim hagnaði til sambandsins.

Hákon hélt áfram sinni yfirferð yfir reikningana og fór yfir skýringar í ársreikningi. Tók m.a. fram að það var sér reikningur fyrir Skógarhóla 2021 en gjöld og tekjur fóru í gegnum LH árið

2020. Fór yfir tekjur og gjöld- afreksmál - laun og launatengd gjöld - rekstur skrifstofu - kynning fræðsla og útbreiðslu.

Orðið gefið laust um skýrsluna og ársreikninga síðustu tveggja ára.

Ólafur Þórisson, formaður Geysis

Það er ýmislegt sem hefur verið gert og gott og blessað með það. Það sem ég átta mig ekki á, eru nokkur atriði, hér var farið yfir skýrslu stjórnar og svo var Guðni með ræðu, ég hélt að framboðsræðan ætti að vera á morgun en ekki í dag. Hann gerði þetta líka á formannafundinum, hélt sér ræðu fyrir sig en talaði samt um að það hefði verið gott samstarf innan stjórnar. Það voru mörg atriði í hans ræðu sem hefðu mátt vera inni í skýrslu stjórnar. Hef lesið fundargerðir stjórnar síðustu tvö ár, veit ekki hve mörg ykkar hafa gert það, en held að við sem erum í forystu hestamannafélaga, ættum að gera meira af því til að hafa aðhald að stjórn og líka til að geta hjálpað til þegar þess ber undir.

Það kom ekki fram í skýrslu stjórnar að það var starfsstjórn á árinu, sem ég átta mig ekki heldur á - hvers vegna þurfti að skipta stjórn í tvær deildir fyrst starfið var svona gott? Það kemur heldur ekki fram hvað starfsstjórnin gerði, skilaði af sér eða hvaða ákvarðanir hún tók. Líka nýtt atriði í fundargerðum, að formaður fékk verktakalaun, en kemur ekki fram hvaða verkefni þetta voru, hvað kom út úr þeim eða hvaða niðurstöður voru þar.

Sá líka í ársreikningunum að kostnaður funda er svipaður og síðustu ár, nema í fundargerðum voru allir fundir fjarfundir, nánast, þannig að ég veit ekki hvað var undir þeim lið fyrst allir voru heima hjá sér!

Varðandi Sportabler og Felix, held að sé gott mál - líst vel á það sem ég hef skoðað. Hefur verið talað um tengingu við Sportfeng, en þarf að tengja líka við Worldfeng - svo við getum veitt félagsmönnum okkar aðgang að WF, þeim sem það vilja. Þarf að passa upp á að Worldfengur sé tengdur við Sportabler.

Það voru kynntir tveir starfsmenn á síðustu tveimur árum en ég veit ekki til þess að það hafi verið auglýst eftir starfsfólki í þær stöður og vil fá skýringar á því og hvers vegna öllum er ekki hleypt að.

Nýliða verkefnið lítur vel út, sé ekki annað en það eigi heima innan HOI, þar er stórt net margra hestamanna og þessi myndbönd eiga heima þar inni og allt sem þar er. Skil ekki af hverju LH nýtir ekki betur HOI í kynningum, í nýliðun og til að ná til stærri hóps heldur en er í hestamenskunni. Nýliðun er ekki myndbönd fyrir hestamenn, heldur þurfum við að ná í nýtt fólk. Þurfum að nýta HOI meira, erum að setja milljónir í þetta.

Mótadagsetningar, er ekki að átta mig á þeirri krísu sem stjórn telur sig hafa fengið úr funduferðunum en kannski er ég að misskilja eitthvað. En það að LH vilji ákveða hvenær við félögin höldum mót, sé ekki að það geri mönnun auðveldari tel að við í félögunum þekkjum okkar mannskap, hvenær hann er laus og hvenær við getum haldið mót. Það að láta LH stýra því, átta ég mig ekki á.

Að ársreikningnum. Það er gott að það er búið að lækna ársreikning LM og hann sé orðinn heilbrigður. En ef við tökum saman hvað var gert, þá er búið að lækka verðmætið en LM á myndböndin upp á fimm og hálfa milljón tæpa og ég veit ekki betur en tekjur LM séu um 8 milljónir, sem eru verðmæti upp á 13 milljónir en menn vilja verðmeta það upp á 6,5 milljónir sem er bara gott og blessað. Einföldunin er þessi, skuldin fór ekki neitt, það er bara búið að yta henni til hliðar þannig að hún sjáist ekki, sem kallast varfærnisniðurfelling.

En menn þurfa að átta sig á einu, að þegar LM fer að borga sínum eigendum skuldir, borgi ekki arð því þá þarf að borga skatta og þá er bara tapaður peningur. Menn þurfa að átta sig á því hvað og hvers vegna menn gera þetta.

Menntaráðstefnan gaf af sér tekjur en engin gjöld? Veit ekki hvað það er.

Átta mig ekki á hvar nýliðunarverkefnið, kostnaður af því kemur inn í ársreikninginn, svo voru verktakareikningar í árshlutauppgjöri 2022 sem gjaldkeri fór ekki yfir og heldur ekki fjárhagsáætlun, en það eru verktakalaun upp á 2 milljónir.

Afreksmál - væri gott að vita hvað skapar þá tölu sem er þar undir.

Átta mig ekki á af hverju LH þarf að standa fyrir þolreiðinni og vil sjá þeim peningum varið annars staðar.

Ólafur þakkar fyrir sig í bili.

Valdimar segir rétt að það eigi eftir að taka fyrir fjárhagsáætlun og 9 mánaða rekstur.

Hjörtur Bergstað, formaður í Fákí.

Var að spá hvort það hafi verið léleg færðin á heiðinni, finnst hann svo argur hann Óli. Skil það ekki, því skýrsla stjórnar góð, greinilega farið yfir allt og allt vel gert. Það sem Guðni sagði frá sínu hjarta undir skýrslu formanns, sé frábært að hann hafi kjark til þess að greina frá því hvernig okkar félagsmenn koma fram við formanninn sinn. Hann er ekki hávaxinn, en finnst hann miklu stærri maður í dag en þegar hann kom hérna inn.

Ef það á að vera einhver framboðsræða að menn séu að tala illa um hann og hans fjölskyldu þá held ég að við ættum að snúa okkur að einhverju öðru. Ég þakka þér fyrir Guðni að hafa kjark til þess að koma og segja okkur þetta, því þetta er það sem við þurfum að heyra. Við þurfum mann eins og þig, sem þorir að standa í lappirnar, við þurfum ekki eitthvað annað. Er sammála Óla um mótin, að við þurfum að skila dagsetningunum inn. Skiluðum á sínum tíma alltaf inn mótad agsetningunum og það gekk ágætlega en hann hlýtur að útskýra hvað liggur að baki þessu og ef það er eitthvað skynsamlegt þá tökum við á því. Við erum hérna til að ræða hlutina.

Langar einnig að þakka LH fyrir að hafa endurvakið miðbæjarreiðina sem mér þótti miður að hafi verið lögð niður á sínum tíma. Einfaldasta leið okkar hestamanna til að vera sýnileg, ríðum um götur bæjarins, yfirfullt af fólki sem sér okkur, komumst í blöðin o.fl. og þetta kostar okkur ekki neitt. Saknaði þess að það komu ekki fleiri af landsbyggðinni og riðu þarna með okkur. Þið getið tekið með ykkur heim, að við mætum þarna miklu fleiri og gerum þetta saman, þetta styður við nýliðun í hestamennsku, að vera sýnileg.

Það að nýliðun fari undir HOI er fatalt, við eigum sem landssamband að halda utan um þetta sjálf. Allavega kom ég hingað og ég er að gefa kost á mér til að vinna fyrir hestamenn á Íslandi, vinna fyrir krakkana, sem eru í Fákí. Er stoltastur af því að hafa byrjað á þessu félagshúsi fyrir krakkana.

Vil líka þakka fráfarandi stjórn, fyrir eitt sem var ekki sinnt nógu vel á árunum áður, þessi funduferð, að hitta formenn hestamannafélaganna og skiptast á skoðunum. Það hefði mátt gera meira af þessu. Mælist til þess við komandi stjórn að vera sýnilegri, gagnvart okkur félögum, þannig að við getum unnið nánar og haft skemmtilegra af þessum stundum okkar.

Hjörtur þakkar fyrir.

Stefán Logi Haraldsson

Þingforsetar, ágætu þingfulltrúar og félagar,

Best að senda mig í þetta núna, mér er alveg sama hvað ykkur finnst um það sem ég segi því ég er að hætta, ágætt að hafa það þannig.

Byrja á því að þakka Guðna og Hákonni fyrir að mínu viti ágætlega yfirgripsmikla skýrslu um starfið í stjórninni, hef setið sem varaformaður og ekki mikið mætt á mér miðað við þá og aðra stjórnarmenn.

Langar, því Ólafur kom hér argur fannst Hirti allavega þá skal ég reyna að fara ofan í þessa punkta sem komu fram hjá Ólafi. Sumt undir rós, en ég tel mig skilja það garðyrkjumál sem þar var á ferðinni.

Varðandi þessa starfsstjórn sem var talað um, óþarft að gera mál úr því. Við tókum ákvörðun í stjórninni á tímabili, að til að greiða fyrir ákveðnum verkefnum, því stjórnarfundir urðu oft 5-7 tíma fundir hjá fólki sem er að sýsla annað, að um ákveðin málefni myndu formaður, gjaldkeri og ritari eiga mánudagsfundi með framkvæmdastjóra. Þessi starfsstjórn og hennar málefni, komu svo til afgreiðslu og ályktunar hjá stjórninni. Þetta var bara til að vanda aðeins vinnubrögðin og undirbúa. Það gengur oft þannig í stjórnnum að það er ágætt að menn séu búnir að undirbúa sig og vinna vinnuna fyrir fundi en það er ekki alltaf hægt. Eðlilegt og sjálfsgagt með þessa starfsstjórn, átti sjálfur hlut að máli stundum, tók símtöl með þeim og annað og held það hafi ekki hallað á aðra stjórnarmenn eða skyggt á það samsstarf. Í síðustu stjórn, sem Óli sat með mér í, það var ekkert alltaf skemmtilegt.

Stjórn kemur svo hér fyrir dóm landsþings, stjórn hefur það vald og ábyrgð á milli þinga að sjá til þess að málefnum sambandsins sé sinnt sem best. 7 manna stjórn og 5 manna varstjórn og allir boðaðir á þessu fundi, og yfirleitt góð þátttaka, allavega framan af.

Ákveðið í upphafi árs að semja við formann LH um ákveðin verkefni sem stjórn fannst ekki vera að gerast nógu mikið í. Því var gert samkomulag við formann, um að hann fengi verkefni, það var verkefnalisti - veit ekki hvort það þjónar tilgangi að birta þennan verkefnalista, úrlausn þessa verkefnis liggur fyrir í verkefnum sem hafa verið unnin á þessu ári. Það var verkefni að koma á þessu samráði við félögin í landinu og ég held við höfum gert vel þar. Það var gríðarlega gott verkefni og þurfti skipulag og undirbúning undir það.

Það var líka verið að ýta áfram verkefnum, í sambandi við reiðvegamálin, í sambandi við auglýsinga og kynningarmál, verkefni sem við erum í í samstarfi við önnur norðurlönd. Því var gert samkomulag við formanninn og það liggur tillaga fyrir þinginu sem snýr að þessu. Spyr ykkur hér, viljum við halda áfram að vera landssamband með 80-90 mkr veltu og vera með ólaunaðan formann sem hafi það við sína vinnuveitendur að segja hvort hann hafi tíma til að sinna okkur. Stundum hefur hann ekki tíma, en skiptir samt máli fyrir okkur og hreyfinguna. Það er ekki óalgengt að sá sem velst til formennsku, hafi einhver laun fyrir það. finnst ekki óeðlilegt að samið hafi verið svona við formann. Það hefði kannski átt að skýra það betur í skýrslu stjórnar en ég get staðið fyrir framan hvern sem er og tekið debat um það að það er nauðsynlegt og til viðbótar við það, þá misstum við starfsmann úr vegna veikinda, sem herti aðeins á okkur líka að tryggja okkur starfskrafta og það býddi það að það var viðvera sem formaðurinn þurfti að eiga á skrifstofunni og vera til taks.

Fer ekki nánar út í þetta en þið getið yfirheyrt mig nánar ef þið viljið.

Auglýsing starfa - ábending frá Óla. Það má taka undir það að það er ákvörðunatriði hverju sinni. Það er ákvörðun okkar og var ákvörðun okkar í stjórn LH hvort við auglýsum eða veljum fólk í störf. Við erum ekki opinbert fyrirtæki og höfum ekki skyldu til að auglýsa.

Stundum til góða að auglýsa og stundum ekki, við stöndum bara við þá ákvörðun stjórnin. Höfum ákveðið að leita til ákveðinna aðila í ákveðin störf. Ef fólk vill lagasetja það, þá þarf bara að koma fram tillaga um það.

Svo er það þessi dæmalaus umræða um LM og LH - óþarfi að setja mikinn tíma í það. Stóð hérna leiðinlegur og reiður á síðasta landsþingi. Fannst yfiringilegt á síðasta þingi þegar fjárhagsnefndin lagði til að reikningar yrðu ekki samþykktir út af þessum tækniatriðum. Lárus endurskoðandi útskýrði þetta vel. Okkur bar skylda til þess, að annað hvort gera einhverjar aðgerðir, og annað hvort að búa til verðmæti til að jafna út óráðstafað og neikvætt eigið fé. Það var hægt að gera það en í staðinn völdu menn að fara þessa leið. Það er enginn að tapa peningum á þessu og það er enginn að fela neitt. Það þurfti að fara í gegnum þann hreinsunareld að geta staðist íslensk lög um einkahlutafélög. Held við höfum tekið mark á og brugðist við þeim athugasemdum sem komu fram á síðasta landsþingi. Hvort allir þingfulltrúar eru ánægðir með það eða ekki, þurfið þið að ákveða, held sjálfur að þetta hafi verið skynsamleg aðgerð.

Það á ekki að vera mikil hætta á því að þetta félagi fari að greiða einhverja tapaða peninga í skatt. Bendi á að þegar menn stofnuðu ehf, þá voru menn að fara í það umhverfi að borga skatt ef hagnaður yrði. Vitum að ef þetta hefði ekki verið gert, þá hefði LH ekki verið skattskyld en þar sem stofnað var ehf, þá er það skattskyld. Það býr það vel núna og á næstunni að það má nota uppsafnað tap í 10 ár. Það var séð til þess að það er til þó nokkuð af uppsöfnuðu tapi í þessu félagi, þannig að það verður ekki vandamálið, að borga skatt fyrir Landsmót ehf. Það er því ekki stærsta áhyggjuefnið og eins líka, að það er ekki þarft að þær greiðslur sem hafa komið inn í Landsmót ehf núna, það er hægt að gera það líka upp í gegnum hlutafé og á því ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að það þurfi að borga skatt. Þannig að við skulum ekki vera með tvískinnung í því, þegar menn stofnuðu einkahlutafélag þá voru menn að fara inn í ákveðið umhverfi, og menn geta ekki klórað sér eftir á með það. Í lokin, þessi gagnrýni varðandi mótahaldið, frá Hirti og Óla. Þegar ég var formaður Skugga í Borgarfirði, þá tíðkaðist það að það þurfti að senda inn, og það er í lögum LH, að félögin sendi inn og sæki um mótadaga. Af því að það hefur ekki verið gert undanfarið, finnst mönnum það skrítið að það verðlag sé tekið upp aftur, þó því hafi ekki verið framfylgt í einhvern tíma. Það er samþykkt fyrir þessu. Þetta er allavega tillaga og menn taka þá afstöðu til hennar. Fannsta það koma skýrt fram á þeim fundum sem ég tók þátt í að mönnum fannst þetta mótahald vera í svolitlum lausagangi. Og ég minni líka á það að stóru félögin í Reykjavík, hafa farið frjállega með þetta og skellt á móti með of skömmum fyrirvara en tekið er fram í lögum, en held að það sé ekki stóra vandamálið hjá okkur. Takk fyrir.

Hákon fær orðið aftur

Eitt atriði, það var ekki búið að kynna enn árshlutareikning 2022, ástæðan fyrir því var að endurskoðandinn er tímabundinn og við vildum klára umræðuna um LM og LH. Það var spurt um menntaráðstefnuna, hvort ekki hafi verið gjöld bara tekjur. Svárið er að gjöldin eru undir liðnum önnur gjöld. Verktakagreiðslurnar, skýrum það á eftir þegar við förum yfir árshlutauppgjörið.

Bæti við í sambandi við LM - einu skuldir LM voru við eigendur en það breytir ekki því, við urðum að fara að landslögum. Það eru tekjur, af LM núna í fyrsta sinn í langan tíma. Fagna því en minni á, fyrst að Ólafur talaði um þetta, að það var farið yfir það áðan hvernig það stóð, það var óráðstafað eigið fé með 42 milljónir í mínus. Okkur stjórnarmönnum bar ábyrgð að taka á því.

Landsmótið núna að Rangárbökkum var Hellumönnum til mikils sóma, bæði framkvæmd mótsins og líka rekstrarlega en ég minni Óla á það að í desember komu Rangárbakkamenn til LH og óskuðu eftir því að þetta gjald til LM yrði látið falla niður. Því var hafnað og ákveðið

að setjast niður að móti loknu og fara yfir stöðuna. Það reyndi ekki á þetta og það koma inn 7 milljónir í tekjur, sem nýtast LM til að reka LM og greiða skuldir við eigendur.

Gréta - ítrekar, að verkefnið Gluggi inn í hestamennsku er til landsmanna. Við erum að tala við aðra hópa en hestamenn. Erum að koma okkur inn í göngu og hjólahópa, til að þau sjái hestamennsku, því við erum svolítið að berjast um sömu staði. Líka að þjappa saman hestamönnum og gera hestamannafélögin sýnileg. Þetta kom kannski ekki nógu vel fram hjá mér. Takk.

Hjörtur - formaður Fáks

Byrjar á því að leiðrétta Hákon, því það var líka hagnaður af Landsmótinu í Reykjavík, en við greiddum líka þetta gjald, það eru því tvö mót sem hafa skilað hagnaði. Ef vel er að þessum mótum staðið þá er vel hægt að reka þau með hagnaði. Óska Geysismönnum til hamingju með vel rekið mót.

Til Stefáns, þetta var alltaf þannig með mótin að jú við skiluðum inn, en það var meira tilkynningarskylda en að mótunum yrði raðað niður. Hitt kannast ég ekki við að við á höfuðborgarsvæðinu séum að fara frjállega með mótadagsetningarnar.

Jón Þorberg Steindórsson, Geysi

Tvennt sem mig langar að fá frekari útskýringar á, það eru ársreikningur 2021 gjöld vegna Íslandsmóts upp á tæp 1300 þúsund. Minnir að talað hafi verið um framkvæmdastyrk til Skagfirðings og langar að vita hvað var framkvæmt á Hólum því ég held að Hólasvæðið sé svipað og önnur stór mótssvæði, plug and play. Annað undir afreksmálum, sé ekki tekjur af Alendis samningi sem var skrifað undir 25. mars og spyr hvers vegna þær eru ekki sjáanlegar, spyr jafnframt hvort sá samningur sé í gildi?

Það er þetta sem mig langar að vita aðeins nánar um, fyrir hverju og afhverju var Sörla hafnað um sambærilegan styrk fyrir sitt Íslandsmót?

Sigríður Magnea formaður Sleipnis

Langar að koma inn á nokkra punkta. Ber fullt traust til stjórnar hvað varðar reikningana, en kannski af því ég hef ekkert vit á þeim.

Fannst mjög gott sem formaður sem var að byrja, að þegar þau komu í heimsókn til okkar að við ræddum ýmis mál. Höfum verið í mörgum glímum í Sleipni, varðandi reiðvegamálin okkar, svæðið okkar og fleira þar sem við höfum notið góðs stuðnings frá stjórninni og ég vil að það komi hér fram.

Fórum í reiðtúr að Skógarhólum með stjórninni, og út úr því kom skýrsla sem sýndi upplýsingar um mismunandi stuðning og mismunandi stöðu hestamannafélaga varðandi sveitarfélögin. Erum með mismunandi rekstrarform á reiðhöllum o.fl. og þurfum að bera okkur saman til að hafa eitthvað viðmið. Langar einnig að koma inn á þetta verkefni sem Gréta hefur staðið fyrir. Erum að berjast við að setja upp félagshesthús, því ég brenn fyrir æskulýðsmálunum líka og veit að þetta er gríðarleg vinna. Erum með tvo sjálfbóðaliða í nánast fullu starfi í félagshesthúsinu okkar og erum með styrk frá sveitarfélaginu sem borgar leiguna á hesthúsinu. Veit þetta er öðruvísi í Sörla, þar er sveitarfélagið búið að kaupa hesthúsið, og ætlar að fara að byggja nýja reiðhöll fyrir þá, þannig að það er mjög mismunandi staða og aðstaða hjá hestamannafélögunum. Það er, ég veit á eigin skinni að það er erfitt þegar maður fær skítastið, þegar maður er að leggja frítímann sinn, eiginlega allan í að gera gott starf og við þurfum að standa saman.

Sverrir Einarsson, formaður Spretts

Þakka fyrir, lítur vel út allt saman. Þakka stjórninni og formanni. Tek heilshugar undir orð Hjartar og finnst þau hafa sinnt okkur vel og komið af stað, svo sem reiðtúrinn að Skógarhólum. Þetta eru góðar tengingar, búið að boða okkur á fundi og fara yfir það sem betur mætti fara. Þykist vita að þetta með mótahaldið, að setja upp mót með stuttum fyrirvara, við gerðum það, vildum halda mót og allt annað var í lamasessi. Engu við það að bæta í sjálfu sér.

Ýmislegt sem Óli sagði áðan sem er rétt. Vildi segja það að við þurfum að standa saman í þessu öllu. Er ánægður með það sem á undan er gengið og þakklátur fyrir stuðning sem við höfum allavega fengið. Nú erum við Sprettarar að fara að halda Landsmót 2024, við ætlum að gera það og geta það, svo framarlega sem sveitarfélögin hjálpa okkur. Það er allt í vinnslu, erum með góða aðstöðu og stefnum að því að halda flott og gott mót. Erum að klára núna og gerum það vonandi núna fyrir jólin að manna það allt saman. Takk fyrir.

Hákon - svarar spurningum.

Það var veittur styrkur til Skagfirðings og það var líka veittur styrkur til Sörla, svo það sé á hreinu.

Varðandi Alendis, þá varð ekki af þeim samningi, það féll um sjálft sig.

9 mánaða rekstur LH 2022 kynntur

Hákon fór yfir 9 mánaða uppgjörið, stiklaði á stóru í einstökum liðum og fór yfir sundurliðanir. Tekjur umfram gjöld á þessu tímabili eru 6,9 milljónir. Bendir á að enn eru eftir þrjú mánuðir og því enn eitthvað af tekjum og gjöldum eftir að skila sér inn.

Farið verður yfir ársreikning 2022 á formannafundi næsta árs.

Fór stuttlega yfir sundurliðanir einnig, en þar komu m.a. fram verktakalaunin sem spurt var um fyrr á þinginu. Samið var um kr. 250.000 á mánuði fram að landsþingi, 2 mánuðir féllu á árið 2021 og 8 mánuðir á árið 2022, sem eru þessar 2mkr sem spurt var um.

Ársreikningur LM fyrir árið 2021

Rekstrartekjur voru kr. 850.686, gjöld kr. 767.577 og því hagnaður upp á kr. 84.269.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 7.254.993, bókfært eigið fé í árslok 2021 var kr. 6.535.001 og eiginfjárlutfall 90%.

Hákon fór einnig yfir ársreikning Skógarhóla fyrir árið 2021 en þar voru rekstrartekjur kr. 4.118.083, rekstrargjöld kr. 2.508.485 og hagnaður ársins kr. 1.609.598.

Fjárhagsáætlun 2023 og 2024 kynnt

Talsverður munur 2023 og 2024, aðalmunurinn liggur í afreksmálunum því að 2023 er HM ár, aðrir liðir eru svipaðir. Skilar sér að sama skapi í gjöldum, afreksmálin fara þar úr rúmum 50mkr 2023 í rúmar 30mkr árið 2024, líka vegna HM árs. Áætlun byggð á á áætlunum undanfarinna ára.

Fyrirhuguð er menntaráðstefna árið 2023 og gert ráð fyrir tekjum af henni, eins og síðast.

Hákon þakkar fyrir sig eftir þessa kynningu á fjárhagsáætlun sambandsins.

Þingforseti greinir frá því að öllum þessum skjölum sé vísað til fjárhagsnefndar til umfjöllunar.

Landsmót 2022 - kynning á niðurstöðum

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

Þakka fyrir að fá að koma fram og kynna niðurstöður Landsmóts hestamanna 2022 sem við vorum svo heppin að fá að halda í sumar. Eiríkur er hluti af framkvæmdateymi landsmóts, en þar voru einnig Magnús Benediktsson, framkvæmdastjóri og Vilborg Smáradóttir sem var gjaldkeri.

Þetta hefur verið okkar stærsti viðburður frá upphafi. LH er fjórða stærsta sérsambandið innan ÍSÍ með rúmlega 11.000 félagsmenn. Landsmót var fyrst haldið á Þingvöllum 1950 og mótið sem við höldum á Hellu í sumar var það 24. í röðinni.

Mótið var haldið frá 3.-9. júlí og gekk mjög vel.

Settum okkur ákveðin markmið þegar riðið var úr hlaði, að viðburðurinn myndi skila fjárhagslegum ávinningi fyrir Rangárbakka og að viðburðurinn myndi festa sig í sessi á Hellu til framtíðar. Þurfum að fresta 2020 og fórum aftur af stað fyrir 2022, þá vorum við aðeins stressuð og eins og Hákon kom hér inn á áðan, þá fórum við og hittum stjórn LH í desember 2021, bárum okkur illa, hrædd við Covid, en þau stöppuðu í okkur stálinu sögðu ekki koma til greina að lækka afgangið og sögðu okkur að halda áfram. Sem við gerðum.

Ákváðum þá, til þess að mótið myndi reka sig, að miða við að 5.000 manns myndu borga mótið, gjöldin yrðu ekki hærri en svo.

Skrifuðum undir 7. júlí 2017 en Rangárbakkar er félag sem samanstendur af félögum frá Lómagnúpi að Hellisheiði og sveitarfélögum á sama svæði. Þarna voru því fulltrúar frá öllum þessum félögum ásamt fulltrúum úr stjórn LH og stjórn LM og ansi hátíðleg stund.

30.1.2019 er gerður viðauki við samninginn, afgangur lækkað úr 11,5mkr í 7mkr og svo annar viðauki um færslu mótsins frá 2020 til 2022.

Stjórnun og skipulag var þannig að stjórn Rangárbakka gerir samning um mótið og það skyldi haldið á Rangárbökkum og þar er Kristinn Guðnason formaður, hann bað fyrir kæra kveðju til þinggesta.

Ráðin var framkvæmdastjórn og svo var verkefnastjórn og þessir hópar sem lögðu af stað með undirbúning að mótinu, en svo komu fleiri að þegar nær dró móti.

Sérstök stjórn, framkvæmdarstjórn sem skipulagði framkvæmdir en svona mót er ekki haldið nema með stórum hóp af öflugum fólki (sýnir lista yfir lykilstarfsfólk sem hélt utan um mótið og lét það verða að veruleika).

Það voru breytingar, m.v. önnur mót, einungis rafræn mótaskrá, lengi vel átti að prenta en ekki hægt að prenta þar sem upplýsingar bárust mjög seint, en var aðgengileg á vef í staðinn.

Ákváðum í undirbúningnum, sem skipti verulega miklu máli, að hugsa þetta sem tvö mót: hestamannamót frá sunnudegi til miðvikudags og svo frá fimmtudegi til laugardags erum við að halda útihátíð. Þessi nálgun skipti öllu máli þegar samtalið var tekið við lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutninga og aðra um aðkomu þeirra að mótinu, eins með gæslu, því ekki þurfti mikla gæslu allan tímann og þetta kom sér vel kostnaðarlega.

Mótssvæðið er sérstaklega vel búið til að halda svona mót, ekki mikið sem þarf að gera á svæðinu, auðvitað þurfti að fara yfir ýmislegt, en nýframkvæmdir voru hverfandi.

Þjónusta við mótsgesti, löggæsla og brunavarnir, áttum svakalega gott samstarf með þessum aðilum öllum, sem olli því að samskiptin voru mjög góð. Umferðarskipulag hefur oft komið til tals á Rangárbökkum. Núna var ákveðið að þegar fólk keyrði inn á svæðið að stoppa það ekki, og því myndaðist aldrei röð eða tappi út á Suðurlandsveg.

Sáum þegar við horfðum á það gerast að tappi myndaðist út á föstudags og laugardagskvöld, að við erum komin með lausnina fyrir næsta mót og þóssum að það gerist ekki aftur.

Upplýsingaflæði til gesta var í gegnum samfélagsmiðla og á heimasíðu landsmóts. Snyrtingar og hreinlæti: gerðum samning við verðandi 10. bekk á Hellu og þeirra foreldra að sjá um öll þrif og allt rusl og það gekk! Það var alveg magnað, hef heyrt að salerni hafi sjaldan verið jafn hrein á svona stórmóti.

Tjaldsvæði - sáum um að reka tjaldsvæðin, lentum í smá vandræðum, en held það hafi sloppið mjög vel. Gerðum ákveðna reiti, skv. kröfu frá slökkviliði, 6*12 metrar og aðeins eitt hýsi á hverjum reit. Álag á línur varð því mjög mikið, varð til þess að það var stress um rafmagnsleysi en það slapp ótrúlega vel, það voru 28 hýsi sem misstu rafmagn í 4 klst. Mikilvægt atriði til framtíðar, því þessi krafa verður áfram að vera með tjaldsvæði, vorum með 370 hús tengd og það þarf að gera ráð fyrir þessu áfram, þessi hýsi í dag taka mun meira rafmagn.

Vorum með öflugan barnadagskrá og dagskrá öll kvöld, vorum með sponsora á fös og lau, en veitingatjald sá sjálft um sitt.

Sjálfbóðaliðar á mótinu, framlag þeirra alveg svakalega mikilvægt á svona móti og við fundum alls ekki fyrir því að framlag sjálfbóðaliða hafi minnkað. Leituðum til félaga á suðurlandi og einnig til LH og félaga á landinu, fengum um 100 sjálfbóðaliða til að taka þátt. Allir skráðu sig sjálfir, fylltu út form, fengu úlpu, miða á mótið og mat á vakt. Sjálfbóðaliðum var stýrt af okkar fólki Gústaf Magnús og Guðnýju Indriðadóttur. Sjálfbóðaliðar unnu 1688 klst á mótinu, sem er alveg geggjað.

Fórum í samstarf við Alendis með streymi. Skoðuðum málin fram og til baka og niðurstaðan var að gera samning við Alendis og það gekk mjög vel og þeir streymdu beint frá mótinu. Alendis samdi svo við Sjónvarp Stöð 2 Vísi og streymdu sjálf frá mótinu, áhorf var frá 42 löndum, langmest frá Íslandi. Gaman að sjá hversu víða var horft á mótið og á sama tíma hefði maður viljað ná meira áhorfi erlendis, helst að hlutfallið væri 70% erlendis, 30% innanlands.

Áhorfstölur komu frá Alendis, fengu góð gögn og greindi áhorf í klukkustundum, en vinsælust í klukkustundum var gæðingakeppni, þá kynbótahlutann og svo íþróttakeppni (án tillits til umfangs greinar í dagskrá). Vinsælasta greinin í áhorfi voru A-úrslit í T2, V1 og F1, B-úrslit B-flokk og 5 vetra stóðhestar.

Í hópnum í undirbúningi fyrir landsmót, þá var spáð í hvort sýningaratriði ræktunarbúa ætti enn heima þarna og áhorf eftir klukkustundum sýnir að þetta á klárlega heima á landsmóti. Tölur á visir.is segja að mótinu var streymt frá kl. 5-8 mánudag til föstudags og fjöldi sjónvarpa sem horfðu á eru 20.000 áhorf. Getum lesið út úr því að það var töluvert af fólki sem horfði á þessa stöð sem er frábær viðbót við það að streyma og sýna frá landsmóti. Veitingar á Landsmóti, voru í samstarfi við Laugaás sem voru með allar veitingar í veitingatjaldi. Starfsmenn og knapar höfðu aðgang að veitingum í anddyri Rangárhallar þegar þeir vildu, sem var algjör leikbreytir.

Það voru áskoranir á mótinu og þegar við lentum í því að þurfa að seinka á fimmtudegi vegna veðurs, var gott að hafa aðstöðuna til að hittast og vera saman.

Matarvagnar sem Laugaás sá um að fá inn, og þeir mynduðu skemmtilegt vagnatorg.

Markaðstjald gekk mjög vel, vorum með 550fm markaðstjald sem var uppselt.

Þóknun til LM upphaflega áætluð 11,5mkr, en samið um 7mk að hámarki og í staðinn þá fáum við réttinn til að halda Landsmót hestamanna, dómhúsin og rafmagnstengla .

Miðasala - úthlutaðir miðar voru 8963 og það selst svona 70-75% í forsölu og rest í hliði inn á mótið. Kom á óvart hversu mikil salan var í hliði.

Þeir sem sækja mótið, skv. tölum á tix.is sést að 82% gesta eru Íslendingar og því 18% frá öðrum löndum (22 lönd skv. tix.is). Vantar tölulegar upplýsingar um þá sem keyptu í hliði.

Viðskiptavinir eftir aldri, elsti er 92 ára+ og yngsti á frímiða, allir 13 ára og yngri á frímiða. Aldursdreifing nokkuð jöfn, flestir 20-24 og svo 50 ára og eldri.

Ef skoðaður er samanburður á miðasölu síðustu ára og stuðst við tölur sem birtar eru í skýrslu framkvæmdastjóra, að áætlaður fjöldi gesta á Hellu var 8.965, Reykjavík 9.080 og á Hólum 7.875.

Heildarinnkoma frá miðasölu 2022 er 95,6 milljónir sem er töluverð aukning frá árum áður. Tekjur voru 173 milljónir, gjöld 138 sem þýðir að hagnaður er um 35 milljónir af Landsmóti hestamanna 2022.

Ef við rýnum í tölurnar sjáum við að það er aukning í miðasölu, það er aukning í styrkjum til mótsins, tjaldsvæði skilar meira og þátttökugjöldin skila meira en ástæðan fyrir hærri þátttökugjöldum er að það var bætt við fleiri keppnisgreinum og þau fá öll gjöld af sýningum RML en í staðinn hækkar liðurinn kostnaður við stjórnun mótsins þar sem LM greiðir laun starfsmanna RML. Kostnaður við stjórnun mótsins er því hærri og aðrir liðir lægri eða svipaðir, kostnaður við stjórnun hækkar því þau borga laun RML, virðisaukauppgjör á landsmóti er hlutfallað, m.v. það að þau fá ekki endurgreiddan vsk af allri innkomu, þar sem miðasala er vegna menningarviðburðar og að hluta til vegna styrkjanna, þá þarf að greiða töluverðan vsk til baka.

Erum stolt af því að ná gríðarlegum hagnaði af mótinu 2022 eða um 35 milljónum, og mótið 2018 var um 4 milljónir í plús og á Hólum í mínus.

En hvernig verður svona rekstrarniðurstaða til? Gerist ekki út af einhverju einu, það þarf margt að hanga saman svo þetta gangi upp en það þarf gríðarlegt aðhald í fjármálum, gott skipulag og hóflegar væntingar um aðsókn skila þessari niðurstöðu.

Settum okkur það markmið að ef það kæmu 5000 manns inn á mótið þá myndu styrkir og miðasala borga mótið. Með því sýndum við mikið aðhald í öllum útgjöldum. Feikilegt framlag sjálfboðaliða á mótinu og fyrir mótið. Kostnaður greiddur af öðrum í samningum. Við gerðum mikið af góðum samningum: Allir flutningar voru styrktir af Samskip. 66north gáfu jakka fyrir sjálfboðaliða og starfsmenn. Sveitarfélögin komu að mótinu með slætti. Hluti af starfi Eiríks hjá sveitarfélaginu, var skilgreint sem vinna fyrir landsmót. Allt þetta ásamt öflugum bakhjörllum skilar þessari rekstrarniðurstöðu.

Rangárbakkar, það er svæðið okkar, sem okkur þykir vænt um enda mikil umferð um á sumrin. Helmingur allra kynbótahrossa 2022 var sýndur á Rangárbökkum.

Leyfi mér að segja að Rangárbakkar eiga orðið framtíð. Þetta var þannig þegar við lögðum af stað 2016, þá stóðu Rangárbakkar ekki mjög vel, en standa nú vel, eru skuldlausir, eiga pening á bók og tvo traktora. Það er alveg geggjað.

Trúum því að eitt af okkar markmiðum hafi náðst og við eigum núna framtíðar landsmótssvæði sem stenst allar nútímakröfur.

Nú er verið að byggja 4 hesthús, og búið að úthluta lóðum fyrir rúm 30 hús, þannig að sú uppbygging er farin af stað, þannig að Rangárbakkar munu styðja við uppbyggingu hesthúshverfis á Hellu með því að sinna sínum eignum vel svo þær nýtist hestamennsku á Suðurlandi öllu, því eigendur Rangárbakka eru öll félögin frá Lómagnúpi að Hellisheiði.

Framhald í okkar vinnu: erum að verða búin að skila af okkur framkvæmdaeymið, skilum lokaskýrslu í lok nóvember til stjórnar LM og stjórnar Rangárbakka.

Þökkum kærlega fyrir okkur, megið spyrja ef þið viljið. Stefnum svo á landsmót hestamanna 2028 á Hellu.

Takk fyrir.

Valdimar þakkar Eiríki fyrir góða kynningu.

Horses of Iceland

Þórdís Anna Gylfadóttir, verkefnastjóri

Langar örstutt að kynna þetta góða samstarfsverkefni Horses of Iceland. Þetta er verkefnið okkar allra sem dáum og dýrkum íslenska hestinn. Hófst með því að hagsmunasamtökin, LH, FT og Félag hrossabænda, fóru á fund ríkisins og óskuðu eftir fjármagni til að kynna íslenska hestinn betur, bæði hérlendis og erlendis. LH er því stofnaðili að verkefninu, sem er hýst hjá Íslandsstofu. Verkefnið nýtur stuðnings ríkisins þannig að á móti hverri krónu félaganna leggur ríkið krónu á móti og þannig tvöfaldast hver króna sem greinin leggur í verkefnið. Að auki leggur Íslandsstofa verkefninu til verkefnisstjóra, aðgengi að sérfræðingum á sviði markaðsmála, samfélagsmiðla, hönnunar o.fl.

Forystumenn innan hestamennskunnar hafa unnið að því hörðum höndum að fá stuðning áfram frá ríkinu og nú liggur fyrir stuðningur til ársins 2025.

Markmið HOI er að styrkja ímynd íslenska hestsins bæði hérlendis og erlendis sem og að fjölga iðkendum íþróttarinnar. Það að auka vitund fólks og styrkja ímyndina hefur sjaldan eða aldrei verið jafn mikilvægt og nú, hvort sem um er að ræða innan íslensks samfélags eða á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að fræða fólk um hestinn, kosti hans og senda skýr skilaboð um rétta meðhöndlun á hestinum. Við verðum að vera sýnileg og vekja á okkur jákvæða athygli.

HOI hefur gert það í samstarfi við LH m.a. með því að blása til herferðar um fjölgun félaga í hestamannafélögum, hvatningaverkefni um öryggi í umferðinni með Samgöngustofu, enda mjög mikilvægt að almenningur sé upplýstur um hegðun hrossa og að við getum hjálpast að við að forðast slysin.

Við höfum hvatt hestamenn hér og erlendis að halda upp á dag íslenska hestsins 1. maí ár hvert. Þetta var gert með samfélagsmiðlaherferð, og á tiktök fengum við samtals 49 milljón áhorf. Höfum aðstoðað LH við samfélagsmiðla þeirra og tókum m.a. yfir samfélagsmiðla LH fyrir HM 2019. Við styrktum og aðstoðuðum við menntaráðstefnu LH sem haldin var 2021 og höfum aðstoðað við að fjármagna og kynna þolreið LH, ásamt verkefni tengt gæðingakeppni, skruðreið, sýninguna æskan og hesturinn o.fl. o.fl.

Þórdís fór yfir markmið og tilgang HOI og þau verkefni og viðburði sem HOI hafa staðið fyrir og tekið þátt í undanfarin ár.

Upptalin verkefni eru þau verkefni sem unnin hafa verið í samstarfi við LH en verkefni eru mun fleiri.

Fylgjendur á samfélagsmiðlum eru um 130 þúsund manns. Við höfum verið með um 50 milljón birtingar á samfélagsmiðlum sem er gríðarlega mikið. Greinar og þættir um íslenska hestinn hafa birst þar sem áhorfendur eru um 290 milljónir manna. Met hefur verið sett í útflutningi hrossa og met hefur verið sett í fjölda ferðamanna sem fer á hestbak hér á landi. Aðgerðir til að kynna - fyrirlestrarröð um ræktunarstarf, samstarf við Eiðföxa, fréttir og fréttatilkynningar, póstlista, myndband um útflutning, byrjað á þáttaröðinni Get to know, farið á sýningar erlendir og í samstarf við þekktu áhrifavalda. Þessi verkefni hér upptalin hefur HOI framkvæmt - vonumst eftir hugmyndum um verkefni, hvað og hvernig á að framkvæma þannig að það þjóni hagsmunum hestamanna í landinu sem best.

Höfum einnig nokkrar hugmyndir, t.d. að minna á okkur á vorin með Samgöngustofumyndbandinu. Tillaga liggur fyrir þinginu um útbreiðslu og nýliðun og einnig kynningarnefnd, við fögnum því og bjóðum fram okkar samstarf. Einnig hafa vakið athygli okkar auglýsingar HSÍ, þar sem ungir krakkar eru hvattir til að byrja að æfa handbolta og spurt er hvort við viljum við gera eitthvað svipað?

Takk fyrir áheyrnina og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Kjör þingnefnda

Valdimar þingforseti greindi frá fyrirkomulagi þingstarfa en kjörnefnd hefur lagt fram tillögu að skipan nefnda um fimm nöfn í hverja nefnd. Aðrir þingfulltrúar, sem ekki eru einni af þessum fimm, skrá sig í nefnd og kjósa þá í þeirri nefnd. Ekki er hægt að kjósa í fleiri nefndum, en það má fara á milli nefnda.

Tillögur til þingsins frá kjörnefnd lagðar fram og vísað til nefnda

Allsherjarnefnd

Pétur Örn Sverrisson, Spretti, formaður

Jörundur Jökulsson, Sóta

Margrét Dögg Halldórsdóttir, Herði

Þormóður Skorri Steingrímsson, Fáki - forfallast vegna veikinda, Ólafur Tryggvason,

Snæfellingi kemur inn í hans stað

Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sörla

Þingskjal nr. 1 Lög LH

Þingskjal nr. 2 Ný uppsetningum á reglum og reglugerðum LH

Þingskjal nr. 3 Úrskurðarnefndir og dómstóll ÍSÍ

Þingskjal nr. 4 Dómarar

Þingskjal nr. 5 Ýmsar breytingar vegna nýrrar uppsetningar á reglum og reglugerðum

Þingskjal nr. 6 Félagaskipti

Þingskjal nr. 7 Frestur til að leggja fram tillögur til landsþings

Þingskjal nr. 8 Ársreikningur samþykktur á formannafundi

Þingskjal nr. 9 Starfssvið stjórnar

Þingskjal nr. 10 Birting starfsreglna nefnda

Þingskjal nr. 11 Innheimta árgjalda

Þingskjal nr. 12 Keppnisréttur

Þingskjal nr. 13 Félagaskipti

Þingskjal nr. 14 Samþykktir stjórnar

Þingskjal nr. 24 Dómarar í gæðingakeppni

Þingskjal nr. 37 Tölulegar upplýsingar

Þingskjal nr. 41 Dómarafélög

Þingskjal nr. 51 Dýravelferð - tillaga til ályktunar

Keppnisnefnd

G. Snorri Ólason, Mána, formaður
Einar Gíslason, Fáki
Anna Björg Ólafsdóttir, Sörla
Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Fáki
Kristín Lárusdóttir, Kópi

Þingskjal nr. 15 Íslandsmót
Þingskjal nr. 16 Íslandsmót
Þingskjal nr. 17 Fjórðungsmót ofl.
Þingskjal nr. 18 Val á Landsmót
Þingskjal nr. 19 Þátttökuréttur á Landsmóti
Þingskjal nr. 20 Val á Landsmót
Þingskjal nr. 21 Fjórðungsmót
Þingskjal nr. 22 Val á Landsmót
Þingskjal nr. 23 Keppnisvellir
Þingskjal nr. 25 Keppnisvellir
Þingskjal nr. 26 Vægi á tölti í A-flokki
Þingskjal nr. 27 Framkvæmd úrslita í gæðingakeppni
Þingskjal nr. 28 Keppnishestur yngri flokkum
Þingskjal nr. 29 Barnaflokkur úrslitakeppni
Þingskjal nr. 30 Sérstök forkeppni
Þingskjal nr. 31 Sérstök forkeppni
Þingskjal nr. 32 Gæðingatölt
Þingskjal nr. 33 Skáreim
Þingskjal nr. 34 Járningar
Þingskjal nr. 35 Áhugamannamót Íslands
Þingskjal nr. 39 Parafimi
Þingskjal nr. 42 Gæðingafimi
Þingskjal nr. 50 Íslandsmót í gæðingakeppni
Þingskjal nr. 51 Breytingartillaga við þskj. 42 - Ályktunartillaga

Fjárhagsnefnd

Marteinn Valdimarsson, Borgfirðingi, formaður
Kolfinna Guðmundsdóttir, Spretti
Ólafur Guðmundsson, Jökli
Ásdís Ó. Sigurðardóttir, Snæfellingi - Ásdís er forfölluð
og í hennar stað er tilnefnd Maríanna Gunnarsdóttir,
Ása Hólmarsdóttir, Dreyra

Þingskjal nr. 36 Jöfnunarsjóður
Þingskjal nr. 40 Sportfengur
Þingskjal nr. 43 Árgjald
Þingskjal nr. 44 Laun formanns
Þingskjal nr. 45 Ársreikningur 2020
Þingskjal nr. 46 Ársreikningur 2021
Þingskjal nr. 47 Árshlutareikningur 2022
Þingskjal nr. 48 Fjárhagsáætlun 2023-2024

Æskulýðsnefnd

Sigrún Sigurðardóttir, Fáki, formaður
Sjöfn Sæmundsdóttir, Glaði
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, Sörla
Jón Þorberg Steindórsson, Geysi - skipt út og Sara Nielsen kemur inn staðinn
Steingrímur Magnússon, Funa

Þingskjal nr. 38 Nýliðun í hestamennsku

Samgöngunefnd

Halldór Halldórsson, Spretti, formaður
Dagný Bjarnadóttir, Fáki
Þórarinn Birgir Þórarinsson, Glaði
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, Sleipni
Sigríður Kristín Hafþórsdóttir, Sörla

Ályktun varðandi Reiðvegamáli, frá Sleipni

Kynbótanefnd

Eyþór Jón Gíslason, Glaði, formaður
Haukur Baldvinsson, Sleipni
Erla Guðný Gylfadóttir, Spretti
Hannes Sigurjónsson, Spretti
Kristín Þorgeirsdóttir, Sörla

Þingforseti greinir frá því að formenn nefnda þurfi að skila niðurstöðum til þingforseta fyrir kl. 8.00 á laugardag.

Allsherjarnefnd í Guðmundarstofu
Keppnisnefnd í Fákshemili
Fjárhagsnefnd í veislusal reiðhalla
Æskulýðsnefnd, anddyri reiðhöll
Samgöngunefnd, veislusal í reiðhöll
Kynbótanefnd, innra rými í Fákshemili

Matarhlé kl. 19.30 - þingi frestað

Nefndastörf hefjast að afloknum kvöldverði

Hlé

Laugardagur 5. nóvember

9.45 þingfundur hefst

Nefndir skila álitum, umræður og atkvæðagreiðsla.

Þingforseti Valdimar Leó Friðriksson setti fundinn og sagði þingi framhaldið, þakkaði nefndum fyrir störf gærdagsins, framkvæmdum þingkosningu og afhenti að því loknu stjórn þingfundarins til Gretars D. Pálssonar, varaþingforseta.

Gretar þakkaði fyrir, sagði stóran þakka framundan, en þó ekki lengi genginn af mörgum. Ærið verk að vinna, sagðist þurfa aðstoð þingfulltrúa til að ná utan um þetta, tókum þingskjölin ekki í beinni röð. Þingskjölin eru 55. Fjöldi tillagna sem þarf $\frac{2}{3}$ atkvæða. Byrjum á samgöngunefndinni en fyrir henni liggja 3 tillögur og þar þarf eingöngu einfaldan meirihluta. Þá kemur allsherjarnefnd, svo æskulýðsnefnd, keppnisnefnd og endað á fjárhagsnefnd.

Samgöngunefnd

Halldór Halldórsson, Spretti, formaður
Dagný Bjarnadóttir, Fáki
Þórarinn Birgir Þórarinsson, Glaði
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, Sleipni
Sigríður Kristín Hafþórsdóttir, Sörla

Ályktun varðandi Reiðvegamálið, frá Sleipni

Halldór Halldórsson, formaður Samgöngunefndar hafði orð fyrir nefndinni. Ferða- og samgöngunefnd, voru fimm skipuð í nefndina eins og lög gera ráð fyrir, enduðu 24 í nefndinni frá rúmlega 20 félögum. Fyrir nefndinni lá eitt þingskjal sem reyndar barst of seint en var samþykkt að taka til afgreiðslu, frá Sleipni, þingskjal nr. 49.

Þingskjal nr. 49

Afgreiðslan í nefndinni var á þann veg að nefndin ákvað að hafna þessu skjali og ekki vinna upp úr því, það var eitthvað bitastætt í því, en það kemur eiginlega inn í önnur þingskjöl sem við tókum til, eða samþykktum í nefndinni í gær.

Gretar segir að fyrir liggja álit nefndarinnar sem leggur til að vísa þingskjali nr. 49 frá. Orðið laust um frávísunina. Enginn kveður sér hljóðs.

Samþykkt með meirihluta atkvæða að vísa þingskjali nr. 49 frá.

Þingskjal nr. 53

Ályktun ferða- og umhverfisnefndar þingsins.

Tekið fyrir í nefndinni á föstudag. Gengur út á að fá stjórn LH til að kynna betur ritið sem var uppfært og betrubætt, um reiðstígagerð og uppbyggingu. Þar er tekið á flest öllu því er varðar reiðvegamálið og það sem nefndinni finnst vöndun á samræmi hjá sveitarfélögum um skilning á þörfum fyrir reiðvegi, að það verði farið með inn á fundi hjá samtökum íslenskra sveitarfélaga og þetta kynnt og þau hvött til að hafa þessar leiðbeiningar til hliðsjónar við reiðstígagerð, til að leiða til samræmis í reiðstígagerð um land allt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 53. Enginn kveður sér hljóðs.

Þingskjal nr. 53 samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 54.

Ályktun frá ferða- og umhverfisnefnd þingsins. Því er beint til stjórnar LH og hún hvött til að beita sér fyrir því að framlag til reiðvega, reiðvegafé, skerðist ekki frá því sem var í ár. En 2021 veitti innviðaráðherra auka 100 milljónum til viðbótar við samgönguáætlun, 50 milljónir 2021 og 50 milljónir 2022. Til úthlutunar urðu 125 milljónir hvort ár í stað 75 milljóna. Teljum að þörfin sé enn meiri fyrir reiðvegafé en þetta og í greinargerðinni brýnum við stjórn LH, sem hefur haft fundi með innviðaráðherra, gefum þeim í veganesti til að hafa í handraðanum inn í nefndina. Bendum þar á að framlag hestamennsku og hestatengdrar ferðapjónustu til þjóðarbúsins er mælt í milljörðum króna á ársgrundvelli sé litið til gjaldeyristekna og þeirrar afleiddu tekna sem myndast vegna þessa og má hamra á því sem víðast og oftast.

Skv. mælaborði ferðapjónustunnar, komu til landsins 1.533.000 erlendir ferðamenn, þeir sem voru í fríi voru um 1.400 þúsund. Skv. hagvísi hagfræðideildar, eyðir hver um 420 þús að jafnaði sem gerir 644ma á ári - skv. upplýsingum frá ferðamálaráði eru 12% ferðamanna hér vegna hestamennskunnar. Bara það skapar þjóðarbúinu 70ma á ársgrundvelli.

Reiðvegir og reiðstígar eru undirstaða hestamennsku og ferðapjónustu og nauðsynlegt að standa vel að því að byggja það vel upp.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 54. Enginn kveður sér hljóðs.

Þingskjal nr. 54 er samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 55.

Skiptist upp í þrjá hluta. Skjalið var samið á staðnum á fyrri degi þings.

Fararstjóri fyrir þessum hóp sem reið út upp í reiðhöll í gær, missti taumhaldið þegar við vorum í þessu, varð mikið skvaldur sem olli ónæði í næstu nefnd, biður fjárhagsnefnd afsökunar á ónæðinu.

Tillaga 1: Ferða- og samgöngunefnd leggur til að veitt verði árleg verðlaun til þess sveitarfélags sem skarað hefur fram úr varðandi viðhald og uppbyggingu reiðvega og reiðstíga. Reiðveganefndir hestamannafélaga sendi LH tillögu að tilnefningu ásamt röksemdafærslu sem styður valið. Hugmynd að verðlaunum, t.d. Gyllta hóffjöðrin.

Tillaga 2: LH sæki um að halda erindi á haustþingi SATS til að kynna áherslur hestamanna í reiðvegamálum og minna á að reiðleiðir séu hluti af áætlanagerð sveitarfélaga.

Tillaga 3: Brýnt mál er að verja þjóðleiðir eða reiðleiðir um land allt, sem margar eru að tynast eða lokast af. Sem dæmi er margar skógræktaráætlanir þar sem þessar leiðir liggja og þurfi að gera ráð fyrir þeim í skipulagi. Ferða- og samgöngunefnd telur að það þurfi að vekja athygli sveitarfélaga á að þarna séu menningarminjar sem eru að tynast. Í þeim liggja líka mikil tækifæri fyrir ferðapjónustu af ýmsum toga, ekki síst hestatengdrar.

Sem dæmi má nefna að Skaftárhreppur er að innleiða horfnar þjóðleiðir inn í sitt aðalskipulag sem göngu- og reiðleiðir.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 55.

Dagný Bjarnadóttir, formaður reiðveganefndar Fáks

Styð þetta sem er lagt hér fram. Þetta með gylltu hóffjöðrina, er á því að við þurfum að fara að snúa okkar umræðu upp í gleðigöngu og hætta að vera píslarvottar. Reiðleiðir eru sannarlega hluti af áætlanagerð sveitarfélaga. Hélt ræðu í vor með Fákí og frambjóðendum Reykjavíkurborgar þar sem ég fór fram á að gerð yrði reiðvegaáætlun og að þessi málaflokkur sé inni í fjárveitingum sveitarfélaga og að það sé einhver sýn.

Þjóðleiðir okkar, vil taka það líka í gleðigöngu, eru menningarminjar og við eigum að tala um hestinn sem okkar þjóðarstolt og sækja á, ekki þurfa að vera að verja. Leggjja þetta fram sem

framfærarsýn. Gaman að sjá þetta og það að upphefja sveitarfélög sem eru að gera góða hluti, það gefur jákvæðan fókus.

Stefán Tryggvi Brynjarsson, stórbóndi, 1,68 - úr Breiðdal

Þarf ekki að breyta landslögum til að gömlu póstleiðirnar séu lagðar af? Held það þurfi töluvert til að póstleið, s.s. sem gömlu póstarnir fóru, að það sé skýrt í lögum að það megi fara þar um ríðandi.

Atkvæðagreiðsla um allar þrjár tillögurnar í einu. Samþykktar samhljóða.

Halldór, formaður nefndarinnar þakkar nefndinni störfina.

Þetta með lokun þjóðleiða, þá er ekkert sem segir beint í lögum um það, nema það er í vegalögum að nú liggur stígur eða slóði um land manns þá má hann ekki loka þeim vegi öðruvísi en með hliði á, nema með samþykki sveitarstjórnar. Þannig að sveitarstjórn getur ákveðið að loka þessum leiðum.

ALLSHERJARNEFND

Pétur Sverrisson, formaður fór fyrir nefndinni.

Þingforseti, fundarmenn, mér var falið að stýra starfi nefndarinnar, það voru 24 sem störfuðu, fimm skikkaðir en svo fleiri sem bættust við og sköpuðust ágætis umræður í nefndinni.

Varðandi þingskjal nr. 2 þá er ekki mikið um það að segja nema að nefndin samþykkti að vísa þingskjalinu óbreyttu til þingsins.

Þingskjal nr. 2 - lagt til að það sé samþykkt óbreytt. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 2 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 1 - heilmikið skjal og þingfulltrúar væntanlega búnir að kynna sér það í þaula. Talsvert mikil breyting á lögum félagsins og það sem verið var að samþykkja hér áðan, skjal nr. 2 er formið, og svo er efnið í öðrum skjölum, m.a. talsvert efni í þingskjali nr. 1.

Í nefndinni urðu talsverðar umræður en þó frekar afmarkaðar við þætti sem þótti ástæða til að breyta og það sem nefndin leggur til eftir meðferð gærkvöldsins er í 1.3.2. varðandi réttindi og skyldur aðildarféлага. Þetta var rætt talsvert, kemur þarna inn nýtt ákvæði frá öðrum aðildarfélagum ÍSÍ, en það voru viðraðar áhyggjur forsvarsmanna hestamannafélaga að þetta væri of víðtæk ábyrgð sem þarna væri sett á hestamannafélögin og þá sem þeim stjórna. Eftir talsverðar umræður varð niðurstaðan sú að allsherjarnefnd leggur til breytingu á þingskjalinu: Hestamannafélagi sem tekur þátt í móti þar sem keppt er innan vébanda LH. Rætt um þarna að þetta væri óþarflega víðtækt og ætti við öll mót.

Síðan var breyting gerð eða lögð til, til þingsins sem var að þessi klásúla sem byrjar á "Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu keppanda", hún var færð upp, og sett í frekari tengingu við það sem áður hefur komið fram. Þótti fara betur að þetta væri í samfellu. Lagt til eftir talsverðar umræður og áhyggjur af því að þetta væri of víðtækt.

Nefndarmenn almennt á því að það væri jákvætt að hafa ákvæði af þessum toga inn í, sem ákveðna áminningu um það hvernig ber að haga sér á viðburðum innan vébanda LH.

Önnur breyting á þingskjali nr. 1 sem var lögð til. Ný regla sem er að koma inn, á sér forsögu í úrskurði máls sem var vísað til aganefndar. Kom í ljós hjá dómstól ÍSÍ að stjórn LH hefur ekki heimild til að vísa málum til aganefndar, en taldi að það væri mikilvægt að það væri hægt í undantekningartilfellum. Ársfrestur væri þó mjög langur tími og í allsherjarnefnd var

þetta reifað talsvert mikið. Gerð tillaga um að fresturinn sé færður niður í 12 vikur (í stað árs áður).

Gretar, tekur þingskjal nr. 1 lið fyrir lið og samhliða því eru þingskjöl nr. 7-12 sem hafa áhrif á greinar í þingskjali 1 og þær verða teknar fyrir hver fyrir sig undir hverri grein fyrir sig. Þetta er lagabreyting, og þarf því $\frac{2}{3}$ atkvæða. 144 í salnum og því þarf 96.

Liður 1.1. Orðið gefið laust um lið 1.1. - enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Liður 1.1.2. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Liður 1.2. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Liður 1.3. Orðið gefið laust.

Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður Sleipnis

Ræddum þetta mikið í gær, því fyrir mér er mikil ábyrgð sett á herðar félagu án þess að um það væru verklagsreglur eða rammi um hvernig skuli bregðast við slíkum málum. Það var viðurkennt og rætt heilmikið í nefndinni. Var sú eina sem var á móti og tel mig þurfa að útskýra það, þetta er ástæðan. Beini því til stjórnar að vinna að því að við fáum þær verklagsreglur.

Gretar áréttar vegna fyrirspurnar úr sal, breytingin er í textanum, gerður greinarmunur um mót á vegum LH eða mót innan félags.

Borið upp til atkvæða breytingin á textanum. **Samþykkt samhljóða.**

Greinin þá borin upp með áorðnum breytingum. **Samþykkt samhljóða.**

Liður 1.4. nýr texti í 1.4.1. Orðið gefið laust.

Ólafur Þórisson, formaður Geysis

Er kannski að misskilja en velti fyrir mér lið B - stjórn LH fari með æðsta vald um málefni LH milli landsþinga. Spyr má stjórn LH setja reglu um það að lækka vægi á tölti í A-flokki? Erum við að færa of mikið vald til stjórnar frá hestamannafélögunum? Vil fá skýringar á því, hvort við séum að færa þetta vald þangað. Ef svo er, þá er ég á móti því, en ef ég er að misskilja þá er það bara minn misskilningur. Takk.

Stefán Logi Haraldsson, fráfarandi stjórnarmaður

Í sjálfu sér, þessi athugasemd Óla var rædd í nefndinni og það er klárt mál að það sem liggur á bak við þetta í tillögugerð stjórnar að þessum lagabreytingum, er eingöngu fólgið í því að stjórn LH hafi heimild til að útfæra reglur og reglugerðir sem settar eru á landsþingum LH og settar á vegum FEIF sem getur gerst á milli landsþinga. Kemur skýrt fram í grein 1.4.2. þar sem tekur svoltið af vafann í þessu, þar sem segir að allar breytingartillögur á keppnisreglum skulu berast keppnisnefnd og laganefnd LH. Teljum enn betur ítrekað í 1.10.4. sem verður tekin fyrir á eftir. Því klárt mál, hvort sem menn vilja skýra þetta betur í orðum eða ekki, að stjórn er ekki að sækjast eftir neinni heimild til að breyta neinu sem snýr að lögum eða reglugerðum. Það kemur líka fram að allar fjárskuldbindingar á félög, eru utan

verkssviðs stjórnar, þ.e. allar reglugerðarbreytingar sem geta þýtt íþyngjandi breytingar á aðildarfélög eru ekki á hendi stjórnar.

Óli í Miðkoti aftur

Þakkar Stefáni fyrir. Orðið “setur” situr samt aðeins í honum, myndi vilja hafa “uppfærir” í staðinn. Skilur þetta þannig að stjórnin megi SETJA reglur, leggur því til einfalda breytingartillögu að við lið B í 1.4.1 að í stað SETUR reglugerðir, komi orðið UPPFÆRIR reglugerðir.

Enginn kvað sér hljóðs.

Breytingartillaga um orðalag í 1.4.1. samþykkt með meirihluta.

Þá er orðið laust um grein 1.4.1. með áorðinni breytingu. Enginn kvað sér hljóðs.

Grein 1.4.1. samþykkt samhljóða með áorðinni breytingu.

Grein 1.4.2. Þar kemur inn þingskjal nr. 7.

Gretar biður Pétur um að gera grein fyrir afgreiðslu nefndarinnar á þeim þingskjölum.

Þingskjal nr. 7 frá Geysi

Allsherjarnefnd mælir með að tillögunni verði vísað frá í ljósi þess að þingskjal nr. 1 felur í sér breytingu á þessari málsgrein.

Pétur segir að nokkur umræða hafi orðið um þetta og að mat nefndarinnar hafi verið að þarna væri farinn millivegur. Það komu fram sjónarmið um það að þeir sem eru á kafi í keppni á sumrin séu ekki mikið að hugsa um breytingar á reglum á þeim tíma, kom líka sjónarmið um það að þeir vorkenndu þeim bara ekki neitt, en þarna er kominn millivegur og nefndin leggur því til að tillögu nr. 7 sé vísað frá en anda hennar komið inn í þingskjal nr. 1.

Þetta þingskjal hefur áhrif á grein 1.4.2 eins og hún er í lögunum núna.

Orðið gefið laust um 1.4.2.

Ólafur Þórisson

Veltir fyrir sér, í kaflanum ný grein um reglur, við förum eftir reglum FEIF en setjum stundum sér íslenskar reglur - hvernig meðhöndlum við þær ef allar reglur eiga að vera ályktunartillögur sem eiga að fara til FEIF?

Grein 1.4.2 borin upp til atkvæða eins og hún liggur fyrir. Verði hún samþykkt þá fellur þingskjal nr. 7 niður.

Grein 1.4.2. samþykkt samhljóða.

Grein 1.4.3. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.4.3. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.4.4. Dagskrá landsþings.

Orðið gefið laust. Siggí Ævar spyr um $\frac{4}{5}$ þingfulltrúa hluta í atkvæðagreiðslu, skv lögum ÍSí. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.4.4. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.4.5. Engin breyting

Grein 1.4.6. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.4.6. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.5.2. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.5.2. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.5.3. Þingskjal nr. 8

Afgreitt eins og 7, ef 1.5.3. samþykkt óbreytt, þá fellur þingskjal nr. 8.

Grein 1.5.3. samþykkt samhljóða og þingskjal nr. 8 þar með fellt.

Grein 1.6. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.6. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.6.1.

Fyrir liggur breytingartillaga frá nefndinni sem Pétur gerir grein fyrir.

Pétur ítrekar fyrri ávörp.

Þingskjal nr. 9 er komið á skjá, tillaga frá Geysi þar sem fyrsti liður þótti vera í andstöðu við reglugerfið í heild sinni því það er aganefnd sem tekur á þessu, og fyrir þinginu liggur ný heimild til stjórnar um að vísa málum til aganefndar.

Varðandi hina tvo liðina, varðandi sektir og í raun bann og sektir, þetta var ekki talið eiga við í raun og veru og óljóst hvernig ætti að útfæra þetta. Niðurstaðan hjá nefndinni var því að leggja til að þingskjali nr. 9 verði vísað frá.

Þingforseti áréttar að þingskjal nr. 9 er breytingartillaga á grein 1.6.1 og allsherjarnefnd leggur til að því sé vísað frá. Orðið laust um frávísunina. Enginn kveður sér hljóðs.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 9 frá.

Grein 1.6.1. Breytingartillaga þar líka, um að eitt ár verði 12 vikur. Orðið gefið laust.

Ólafur Þórisson

Þarna kemur aftur setning: “sjá um að samdar séu reglur um keppni og annast birtingu þeirra”. Þarna er aftur verið að færa vald til stjórnar sem mér finnst að eigi að taka ákvörðun um hér.

Þingforseti skilur það svo að þessi texti um að samdar séu reglur, sé nú þegar í lögnum. Þarna er bara kveðið nánar á um, um hvað er verið að ræða.

Siggi Ævars

- úr sæti. 12 mánuði frá því að atvik átti sér stað eða frá lokum móts. Má þetta ekki bara vera frá lokum móts til að einfalda?

Atli - þarf ekki endilega að vera mót, getur verið annað atvik.

Breytingartillaga allsherjarnefndar um að 1 ár verði 12 vikur, samþykkt.

Orðið laust um 1.6.1. eins og hún liggur fyrir. Enginn kveður sér hljóðs.

Grein 1.6.1. samþykkt samhljóða eins og hún liggur fyrir. .

Grein 1.6.2.

Ólafur Þórisson, veltir fyrir sér hvort gleymst hafi að setja inn tölvunefnd, hvort hún eigi ekki að vera í þessum kafla líka?

Guðni segir það standa neðst, aðrar nefndir sem stjórn LH telur þörf á og setur starfsreglur. Þannig að þetta var niðurstaðan, má ræða það.

Grein 1.6.2. Þingskjal nr. 10 kemur inn á þessa grein. Allsherjarnefnd lagði til að það þingskjal yrði samþykkt. Breytingartillaga á þingskjali nr. 10.

Orðið gefið laust.

Borinn upp þessi hluti á þingskjali nr. 10 breyting við 1.6.2. Samþykkt samhljóða.

Þá liggur fyrir 1.6.2. með áorðinni breytingu. Orðið er laust.

Ólafur, sá greinilega í lögnum að tölvunefndin er ekki inni, legg til að tölvunefnd verði bætt við þessar nefndir fyrst það er verið að bæta öðrum nefndum inn, takk.

Tillaga um að í þessari upptalningu að tölvunefnd bætist við. Orðið laust. Enginn kveður.
Samþykkt með þorra atkvæða.

Þá liggur fyrir 1.6.2. með áorðinni breytingu. 1.6.2. Enginn kveður sér hljóðs.

Grein 1.6.2. samþykkt samhljóða.

Grein 1.7. Fjármál

Grein 1.7.1. Breyting um árgjald.

Orðið gefið laust.

Þingskjal nr. 11 er samhljóða. Nefndin lagði til að því yrði vísað frá. Samhljóða breyting, sem gengur út á það sama. Þingskjal nr. 11 og grein 1.7.1. er tekið saman. Ef 1.7.1. er samþykkt þá fellur þingskjal nr. 11.

Enginn kveður sér hljóðs.

Grein 1.7.1. samþykkt samhljóða eins og hún liggur fyrir og þingskjal nr. 11 fellur því niður.

Grein 1.8. Ný grein, keppni í hestaþróttum

Þingforseti bendir á að í texta er vísað í ÍSÍ, en á að vera LH (er copy/paste villa).

Þingskjal nr. 12 hefur áhrif á grein 1.8. Orðið gefið laust um grein 1.8. og þingskjal nr. 12.

Pétur skýrir breytingatillögu.

Ítrekar fyrri ávörp og gerir grein fyrir því að þarna varð umræða um þetta mál. Kom frá Geysi tillaga um að þetta gerðist strax og búið væri að skrá viðkomandi í tiltekið hestamannafélag og þessi mánaðarkæling, það voru engin sérstök rök fyrir henni. Ef einhver er skráður í hestamannafélag, þá hafi hann rétt til að taka þátt í keppni um leið og hann er skráður, þurfi ekki að bíða í mánuð. Þetta breytir þó ekki því að einungis má keppa fyrir eitt félag á ári.

Tillaga nefndarinnar er að fella tillögu Geysis í þingskjali nr. 12 inn í grein 1.8.

Orðið er laust. Enginn kveður sér hljóðs.

Breytingartillaga um að 1 mánuður falli út borin upp og samþykkt samhljóða.

Grein 1.8. Þá borin upp með með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

Grein 1.9. Ný grein, reglur um úrlausn ágreiningsmála.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.9. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.9.1.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.9.1.samþykkt samhljóða.**

Grein 1.9.2. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Grein 1.9.2. samþykkt samhljóða.**

Grein 1.9.3. Engin breyting

Grein 1.10. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Borin upp með undirgreinum.

Grein 1.10. samþykkt samhljóða.

Ólafur bendir á að í 1.10.4 að stjórn hafi enn vald til að breyta reglum, spurning hvort það skarist á? Gretar segir þetta vera að tillögu keppnisnefndar.

Atli Már Ingólfsson

Það var töluverð umræða um þetta í nefndinni. Þetta stangast ekki á. Stjórn hefur heimild til að breyta að fengnum tillögum keppnisnefndar. Þetta er eðlilegt, þetta eru ekki lög, þetta eru reglurnar. Það hafa komið upp dæmi þar sem reglugerðirnar voru einfaldlega rangar, þá er nauðsynlegt að þessi heimild sé fyrir hendi. Stjórn vill helst aldrei þurfa að nota þessa heimild, en hún getur verið nauðsynleg, þetta er bara til vara.

Ólafur spyr hvort keppnisnefnd geti þá lækkað vægi á tölti?

Atli

Nei, það þarf að vera einhver tillaga að breytingum. Vil ekki tjá mig um hverju þeir geta breytt, en það getur komið til þess að það þurfi að breyta keppnisreglum á milli landsþinga. Svo er það þannig að sportkaflinn, honum verður ekki breytt nema eftir alþjóðareglum og í samráði við FEIF, það er bara þannig. Við erum skuldbundin til að hafa sömu reglur í því, nema þessar séríslensku reglur. Þetta er varaskeifa sem menn vilja helst ekki nota, en þurfa að nota. Það eru til lög og reglugerðir í samfélaginu. Það er ekkert óeðlilegt við það að einhver geti gripið inn í og breytt lögum og reglum, þegar enginn annar er til að gera það. Það að það sé ómögulegt í tvö ár, er ekki gott.

Pétur

Bara svo fólk átti sig á því að þetta er þröng heimild og þarf að vera í raun eins og stendur, mín túlkun og erfitt að túlka þetta öðruvísi, að frumkvæði þurfi að koma frá keppnisnefnd. Það er ekki þannig að stjórnin beini því til keppnisnefndar að stinga upp á breytingum heldur þurfi keppnisnefnd að koma með slíkar tillögur, þetta er algjör varaskeifa eins og Atli segir. Það kemur upp atriði sem er bagalegt, keppnisnefnd getur þá fjallað um það, og þar hafa hestamannafélögin talsvert breiða aðkomu, og þá er hægt að beina til stjórnar að lagfæra í samræmi við þær tillögur eða þann vanda sem fyrir er og gera tillögu um lagfæringar á þeim reglum.

Ólafur

Tef þetta ekki mikið lengur, en hef áhyggjur af þessu, hér er talað um varaskeifu. Sammála því að sumum reglum þarf að breyta. Málið er bara það að þarna er búið að gefa vald um að breyta þó að það sé ekki nauðsyn. Keppnisnefnd getur komið með reglugerðir og fengið

stjórn til að samþykkja þær. Verður væntanlega samþykkt en vildi leggja mínar áhyggjur af þessu á borðið.

Þingforseti vekur athygli á því að þetta eru varnaðarorð og búið að afgreiða þennan lið.

Þingforseti ber þá upp lög sambandsins með áorðnum breytingum í heild sinni. **Lögin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Kaffihlé frá kl. 11.10-11.20

Þingskjal nr. 3. Reglugerð um agamál.

Pétur segir að allsherjarnefnd hafi komið með breytingartillögu, óveruleg breyting við grein 1.1.2. Lagt til að orðin “þar af 7.000 kr. séu ávallt óendurkræfar” falli út. Það kom fram sjónarmið að þegar menn hefðu rétt fyrir sér að þeir hefðu ekki kostnað af því að sækja rétt sinn. Orðið gefið laust um breytingartillöguna.

Ólafur Þórisson er hvorki með né á móti, spyr hvort þetta sé í samræmi við FEIF reglunar, hvort þurfi að halda hluta eftir, svo við séum ekki á skjön við FEIF?

Orðið áfram laust um breytingartillöguna.

Hulda Gústafsdóttir í keppnisnefnd LH og sportnefnd FEIF

Það eru ákvæði um þetta í FEIF reglunum og við erum jafnframt að samþykkja að við ætlum að halda okkur við FEIF reglunar, þannig að ég veit ekki hvort við eigum að vera að hræra í þessu í okkar lögum. Held að ástæða sé að bíða og búa ekki til íslenskrar sérreglur. Áður en lengra er haldið, þurfi því að kanna hvernig þetta er í FEIF reglunum og láta þær standa.

Dagbjartur held að verið sé að gera mistök og misskilning, það var samþykkt áðan að eigi að fara eftir reglum FEIF og því eru engar sérreglur til.

Guðni er ekki sérfræðingur í FEIF reglum, en ástæðan fyrir þessu varðandi þessar 7.000 krónur, er að það þótti stangast á að þessi fjárhæð sé ávallt óendurkræf og svo komi síðar í texta að trygging skuli endurgreidd ef fallist er á fullgildar ástæður fyrir kærunni. Það var því þeirra mat að bæði gæti ekki staðið og eftir umræðu voru menn á því að ef einhver leitar réttar síns og fær sitt í gegn, þá ætti viðkomandi ekki að sitja uppi með kostnað.

Orðið áfram laust.

Breytingartillagan borin upp, um að texti um kr. 7.000 falli út. **Breytingartillaga felld.**

Stefán Logi - tel hárrétt að fella þetta niður, en til að gæta samræmis legg ég til orðalagsbreytingu á síðustu setningu, verði “Endurkræf trygging skal endurgreidd.”

Orðið gefið laust.

Pétur - svo þetta verði ekki túlkunaratriði, þá geri ég svohljóðandi breytingartillögu: “Endurkræfur hluti tryggingar skal endurgreiddur.”

Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 3. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 3 samþykkt samhljóða með áorðinni breytingu.**

Þingskjal nr. 4

Reglugerð um dómara í hestaíþróttum. Nefndin lagði til hún sé samþykkt eins og liggur fyrir. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 4 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 5

Pétur segir að allsherjarnefnd hafi lagt til að skjalinu sé vísað óbreyttu til þingsins. Ýmsar breytingar sem leiða af ýmsar breytingar sem þegar er búið að samþykkja á þinginu, einnig nokkrar uppsafnaðar villur sem vitneskja var um að væru til staðar. Þetta er því dæmigerður bandormur sem fylgir mikilli uppstokkun á lögum, þó ekki sé verið að breyta efninu þá er verið að breyta forminu og lagfæra það sem hefur verið þörf á um nokkurt skeið.

Þingforseti tekur fram, varðandi þingskjal nr. 5 sem er í nokkuð mörgum liðum, að rennt verður í gegnum það eins og það liggur fyrir.

A - liður, lagt til að 2.8.1. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

B- liður, 2.8.4 falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

C-liður, 2.8.6. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

D-liður, 2.8.8. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

E-liður, breyting á 2.8.8. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

F-liður, 2.8.10. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Grein 6.6. og 6.7. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

G-liður, grein 7.4.1. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Grein 7.4.2. falli brott. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

H-liður, tillaga um að færa málsgrein úr reglum um íþróttakeppni yfir í reglur um gæðingakeppni. Grein 8.2.3. verður GK 1.3.2. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

I-liður, breyting á reglu. 1.5.1. Íslensk sérregla. Orðið laust.

Dagbjartur - bendir á að þegar er búið að samþykkja að fara eftir reglum FEIF, þá er ekki hægt að setja sér reglur um íslenska rigningu, rok, stytta skammhliðar o.s.frv.

Þingforseti segir ekki um breytingu að ræða, bara verið að raða upp á nýtt, staðsetja þetta.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Grein 1.5.2. Fimmgangur. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Grein 1.5.3. Hestar jafnir að stigum. Raðað upp á nýtt. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Grein 1.5.4. Breyting - frestað.

J-liður. Breyting á reglu, A 9.2.1. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

K-liður. Færa málsgrein úr reglum um íþróttakeppni yfir í reglur um landsmót. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

L-liður. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.** (kom fram beiðni um endurskoðun).

M-liður. Breytingartillaga. Verður A1. Þar kemur inn LH; dómari með dómaraáráttindi frá FEIF og LH. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Þá er Þingskjal nr. 5 afgreitt að frátöldum lið 1.5.4. (frestað vegna gæðingafimi sem er ekki búið að taka fyrir).

Þingskjal nr. 6 og þingskjal nr. 13 tekin saman.

Pétur segir að ákveðin breyting hafi verið samþykkt í nefndinni. Búið að koma inn á þetta áður. Þingskjal nr. 6 og tengslin við þingskjal nr. 13 er að mánuðurinn er tekinn út og ákvæði um félagaskipti og að félagið skrái nýja iðkendur í sitt félag.

Rætt í nefndinni að þetta kemur fram í þingskjali nr. 6 og er þegar í reglum LH og hestamannafélaganna að þau halda sjálf utan um hverjir eru þeirra félagsmenn. Breytingin varðar þingskjal nr. 6 og að þingskjali nr. 13 verði vísað frá.

Þingforseti segir þingskjal nr. 6 og þingskjal nr. 13 til umfjöllunar, varðandi félagaskipti. Verið að sameina í eina tillögu. Borin upp breytingartillaga við þingskjal nr. 6. Orðið gefið laust.

Enginn kveður sér hljóðs. **Breytingartillaga samþykkt.**

Þingskjal nr. 6 þá borið upp með áorðnum breytingum. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Þingforseti gefur Huldu Gústafs orðið um L-lið í Bandorminum, óskað er endurskoðunar.

Hulda - segir að það sé inni setning, hesturinn sem vinnur sér inn þátttökurétt en ekki parið, þetta er eitthvað gamalt sem hangir inni en þetta er í mótsögn við lög og reglur FEIF og ef

við höfum þetta þarna inni og ef við færum eftir þessu þá værum við í verulegum vandræðum. Þetta á að vera parið þannig að þessi setning þarf að falla út. Legg það til sem breytingartillögu við þetta.

Í framhjáhlaupi, varðandi flokkaskiptinguna, þá stóðu alltaf íslenskar sérreglur. Þær eru íslenskar og eru sérreglur, því FEIF fjalla ekki um flokkaskiptingu heldur þurfa löndin, hvert og eitt að setja sér reglur um þetta. Þannig að þessar íslensku sérreglur eru ekki á skjön við FEIF á engan hátt. Munur á því að setja sér reglur um eitthvað sem er ekki til hjá FEIF og öðrum íslenskum sérreglum.

Þingforseti óskar eftir afstöðu til endurskoðunar á L-lið. **Samþykkt samhljóða.**

L-liður borinn upp aftur. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða að þessi setning falli út.**

Þingskjal nr. 14

Pétur - tillaga sem kemur frá Geysi. Svo sem ekki mikil umræða í allsherjarnefnd um þessa tillögu en það voru greidd atkvæði um hana og það kom fram tillaga um að vísa henni frá. Það var eitt mótatkvæði. Allsherjarnefndin lagði því til að tillögunni verði vísað frá. Ástæðan fyrir þessu er andstaðan við að stjórnin geti ákveðið eitthvað á milli landsþinga og það var niðurstaða allsherjarnefndar að leggja til að þessu yrði vísað frá.

Þingskjal nr. 14 sem er liður 3.6. um breytingar, lagt til að því sé vísað frá. Að hluta til komið inn í lög í 1.6.1. Orðið gefið laust. Þeir sem eru samþykktir frávísun allsherjarnefndar.

Samþykkt að vísa frá þingskjali nr. 14.

Þingskjal nr. 24

Pétur - í samræmi við það sem allsherjarnefnd var búin að leggja til að færi inn á þingið var vitað að þetta væri atriði sem ætti að vísa til stjórnar til tilhlýðilegrar meðferðar. Frá gæðingadómarafélaginu og snerist um fjölda dómara. Til að mót teljist löglegt þurfi dómara að vera þrír eða fimm við mótsstörf, oddatala svo hægt sé að skera úr. En eins og lagakerfið er sett upp eftir það sem af er, er eðlilegt að þetta fari til stjórnar. Alls ekki verið að segja að þetta sé röng tillaga, heldur að það sé stjórnin sem á að fjalla um þetta.

Allsherjarnefnd leggur til að þingskjali nr. 24 sé vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 24 til stjórnar.**

Þingskjal nr. 37

Pétur - tölfræðileg greining. Þarna kom skemmtileg umræða sem var tæknileg, talað um gagnavörðun og eitthvað sem hljómaði í mínum eyrum eins og gagnapollur. Kom í ljós að það voru margir tölfræðiperrar og gagnaperrar sem vita hvernig á að meðhöndla og greina tölfræðileg gögn. Tillaga allsherjarnefndar, er að það er mælt með því að hún verði samþykkt, ekki samhljóða en það voru þrír sem greiddu atkvæði á móti.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 37. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 41

Pétur - tillaga frá Geysi. Í sjálfu sér fin tillaga að efni en formið, þetta var rætt í nefndinni, að þarna væri verið að taka ákvarðanir eða beina því til frjálsra félaga, að hafa ákveðið samráð. Jákvætt að samráð sé haft en ekki LH að skikka menn í slíkt samráð og þess vegna kom

tillaga um að vísa þessari tillögu frá og það var samþykkt samhljóða. Kom einnig fram hjá einum dómara sem sat í nefndinni að þetta væri nú þegar í ágætu horfi. Nefndin er ekki á móti samráði en þeir sem eru frjálssir þurfa að koma að því að taka ákvarðanir. Allsherjarnefnd leggur til að þingskjali nr. 41 sé vísað frá. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 51 um dýravelferðarmál

Pétur - þetta er ályktun sem var tekin fyrir á fyrri degi þings, vísað inn með afbrigðum. Ósköp einfalt, en nefndin mælir með að tillagan verði samþykkt og vísað til þingsins með því fororði. Þarna er það sett í tillögu að LH er alfarið á móti slæmri meðferð dýra, hafi einhverjum dulist það áður.

Allsherjarnefnd leggur til að þingskjal nr. 51 verði samþykkt. Orðið gefið laust.

Stefán Tryggvi

Langar að fjalla aðeins um merarkóngana. Allavega 90% af okkur í Geisla teljum þetta ekki hestamennsku, blóðmerarstand. Þetta er iðnaður, þetta á engan rétt á sér og á ekkert skylt við hestamennsku. Varð það á að lána fyrstu verðlauna hest 2006 í Húnavatnssýslu, fór svo árið eftir og sótti 12 hesta og þarna var ég að bjarga lífum. Hélt þetta væri notað í P-pilluna en nei, þetta er til að auka svínarækt í Danmörku! Og sådan gor man ikke på Island. Er alfarið á móti þessu og vil að það sé greitt atkvæði um það hvort þetta sé hestamennska eða dýranið. Liggur í augum úti. Takk.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 51 samþykkt samhljóða.**

Þingforseti þakkar allsherjarnefnd fyrir þeirra störf.

Æskulýðsnefnd

Þingskjal nr. 38 liggur fyrir nefndinni ásamt öðrum ályktunum.

Sigrún Sigurðardóttir, formaður nefndarinnar.

Eitt þingskjal lá fyrir nefndinni, frá Hestamannafélaginu Herði. Sigrúnu til mikillar ánægju voru 39 fulltrúar sem sátu í æskulýðsnefnd, það voru skemmtilegar samræður, og við lærðum öll eitthvað. Verulega ánægjulegt starf og ég vona að við sjáum eitthvað af þessum hugmyndum komast í framkvæmd.

Nefndinni þótti þingskjal nr. 38 svolítið opið og leggur því fram tvær breytingatillögur nr. 38A og nr. 38B.

Þingskjal nr. 38A. Landsþing LH samþykkir að skipaður verði starfshópur innan LH um nýliðun í hestamennsku. Stjórn LH skipi starfshóp sem taki til starfa eigi síðar en 1. febrúar 2023. Sú nefnd skili af sér aðgerðaráætlun og kynni á formannafundi LH haustið 2023.

Þingskjal nr. 38B. Stjórn LH sendi formlegt bréf til ráðherra íþróttamála eigi síðar en 30.11.2022 og óski eftir aðild að starfshópi um nýliðunarmál barna, unglinga og ungmenna innan ráðuneytisins. Óskað er eftir að stjórn LH upplýsi formenn hestamannafélaganna og formenn æskulýðsnefnda hestamannafélaganna um framvindu efni bréfsins.

Við vonum, þessi 39 sem sátum í nefndinni að þingið samþykki þetta og við getum séð fram á bjartari framtíð í æskulýðsmálum hér á landi.

Þingforseti tekur fram að lagt er til að þingskjali nr. 38 verði vísað frá og í staðinn komi þingskjal nr. 38A og þingskjal nr. 38B.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt að vísa þingskjali nr. 38 frá og taka þingskjal nr. 38A og þingskjal nr. 38B í staðinn.**

Orðið gefið laust um 38A og 38B

Trausti Hjálmarsson, Jökli

Í fyrsta skipti sem ég kem á landsþing hestamannafélaga og finnst heiður að fá að vera hér. En vil benda þingfulltrúum á eina staðreynd, það sátu 39 í nefndinni þar af voru 4 karlmenn sem höfðu kjark til að fara í þessa nefnd. Takið það til ykkar strákar þetta er ekki bara kvennastarf, við eigum öll að sameinast í þessu. Þetta er ábyrgð okkar allra. Styrkur félagsins okkar er æskulýðsstarf. Segi það aftur strákar, æskulýðsstarfið kemur okkur við, við eigum börnin líka.

Orðið gefið laust áfram um 38A og 38B.

Dagný, formaður reiðveganeftndar Fáks

Vil fjalla um þetta, við erum með risastórt mál hérna sem er lítið talað um. Hjó eftir því í gær þegar ráðherra nefndi að það væri kominn starfshópur, og að við ættum að fókusa á að hestamennska eigi að vera val, íþróttagrein eins og allar aðrar íþróttir.

Velti því fyrir mér, er það lag núna að vinna með ráðherra og þessari nefnd, að búa til og vinna fræðslufni, sem fer í alla skóla, og að öllum börnum lands verði boðið upp á með einhverjum hætti að koma og kynna íslenska hestinum. Stundum erum við lokuð eining, og það væri mjög fallett að geta haft opið hús, við sem erum hestamenn á svæðinu, bjóðum í kaffi einu sinni á ári, borgarbúum. Þetta er einfalt, hafa kaffi og kleinur og opna aðeins á þetta, okkar áhugamál, inn í samfélagið. Þannig skapast líka nýliðun, og velvilji inn í sportið. Engin tillaga, en af því að við erum að fjalla um æskulýðsmál, þá vildi ég varpa þessu fram.

Ólafur Þórisson

Þetta hefur verið frábært og við þurfum að hugsa um æskuna eins og fram hefur komið, æskulýðsstarfið er grunnurinn. Velti fyrir mér hvort hafi komið fram í æskulýðsnefnd um menntamál. Því að knapamerkin eru gott námsefni, eru kennd í þó nokkrum grunnskólum sem valfag. Svo kemur galli inn í fjölbraut og menntaskóla að þessar valgreinar skila engum einingum þar inn. Ef til umræðu kom í nefndinni, af hverju kom ekki tillaga um að LH myndi beita sér fyrir því að knapamerkin og valáfangarnir gildi sem einingar inn í framhaldsskóla? Það er aðeins misjafnt, það eru sumir skólar sem samþykkja þetta en aðrir ekki og þarna verðum við að stíga aðeins niður og koma þessu á jafns við aðrar tómsundur eins og tónlist og aðrar íþróttir sem eru samþykktar sem valeiningar inn í framhaldsskóla. Takk.

Margrét Dögg Halldórsdóttir, formaður Harðar

Tillagan kemur upphaflega frá okkur, var vísað til æskulýðsneftndar en þar sem misstum út klausuna frá okkur og fókusinn sem á líka að vera á fullorðna. Við höfum töluvert mikinn

áhuga á að ná inn fullorðnu fólki, sem fer í golf en gæti skilað sér í hestamennskuna. Það er eitthvað sem við þurfum kannski að forma á öðrum vettvangi en nýliðun í hestamennsku á ekki bara við um börn. Kem líka inn á það sem Dagný sagði, það má ekki fara með svona fræðslu inn í skóla, enginn íþróttafélög eða trúfélög mega kynna nokkurn skapaðan hlut inni í skólum, en við hljótum að finna flöt á því.

Sigrún, formaður

Breytingartillaga á þingskjali 38A hljóðar upp á að skipa starfshóp um nýliðun í hestamennsku, ekki talað um neinn aldur, það var gert með vilja. Dagný talaði um skort á kennsluefni, knapamerkjabækurnar eru til, frábært efni alveg frá fyrstu skrefum og upp í heilmikið háskólanám.

Að sjálfsgöðu var rætt í nefndinni að það er mismunur á milli skóla, sumir skólar taka Knapamerki sem fullgilda einingu í íþróttum en aðrir taka þetta ekki. Það er partur af þessum starfshóp sem við erum að mana stjórnina í að koma á fót að fara í samræður við barnamálaráðherra um að þetta komi inn í kerfið í öllum skólum, að stjórn LH fari í þessar samræður við skólakerfið, og þetta fari réttar boðleiðir. Takk.

Oddrún, Jökli

Óli minntist á, að við eigum gott námsefni, knapamerkin sem eru kennd í hestamannafélögum og í einhverjum skólum. Við tölum um skólakerfið að ekki megi fara þar inn með efni. Það er nú þannig að við sendum í haust bréf á alla skóla í uppsveitum sem tilheyra okkar svæði, boð um val í hestamennsku. Þar sem við eigum ekki mikið námsefni sem er tilbúið, þá að sjálfsgöðu nýtum við knapamerkin því þau eru alveg frá grunni og upp. Ástæðan fyrir því að við fáum að koma með þetta inn, er að við sköfum hesta. Ef við hefðum ekki haft hesta þá myndu þau aldrei líta við þessu, það er það sem er dýrt líka. Skólarnir eru ekki að greiða laun reiðkennara, þetta er samstarfsverkefni hestamannafélagsins um að reyna að koma einhverjum fleti á þetta. Þetta er dýrt og þar stoppar þetta oft því skólarnir eru ekki tilbúnir að borga laun reiðkennara, nema starfsmanna skólans. Við þurfum alltaf aðstöðu, við þurfum reiðhöll, við þurfum hesta, reiðtygi, aðstoð. Vildi segja ykkur hvað við erum að gera upp frá og við erum komin með 20 krakka í nám hjá okkur núna í Knapamerki 1. Þetta er gerlegt, þurfum ekki að finna upp hljólið, getum gert þetta saman.

Guðni Halldórsson

Fagnar þessum gríðarlega áhuga og líflegu umræðum, átti ekki heimangengt að vera í æskulýðsnefnd, en við þurfum klárlega fleiri karla með í þennan slag. Ég fagna þessum tillögum, finnst þær mjög fínar, minni á það sem kom fram í gær. Hér var ráðherra barna- og menntamála. Eftir því sem mér skilst er skipunarbréf ráðuneytisins komið í póst, þar sem LH verður falið að skipa tvo fulltrúa í starfshópinn, sem mun hafa það að leiðarljósi að finna leiðir inn í menntakerfið. Einnig kom fram í gær að til stæði að stofna starfshóp um nýliðun sem verður starfshópur eða átakshópur um nýliðun, mun beita mér fyrir því innan stjórnar. Tel líka að við séum komin á þann stað að þetta sé það þarft verkefni að það þurfi í raun stöðugildi, aðkallandi og brýnt verkefni að taka þessi nýliðunarmál (ekki bara börn og unglíngja) heldur að ná til sem flestra. Held að með samstilltu átaki verði settur meiri fókus á þetta, ráðuneytið komi sterkara inn, skipaður verði starfshópur og við vonandi náum að taka þetta lengra sem ég fagna á allan hátt.

Atli

Loksins höfum við um eitthvað mjög mikilvægt að tala. Afskaplega stoltur af bikarnum, en þetta eru verðlaunin sem við í Sörla vildum vinna, höfum unnið þrisvar og viljum helst vinna líka næst.

Vonandi tryggja þessi verðlaun að í framtíðinni eignumst við fleiri íslandsmeistara en þetta byrjar þarna. Ég ætla að tala um áhersluna sem þarf að vera á nýliðun bæði hjá börnum og fullorðnum. En við getum ekki útvístað nýliðun til HOI eða til ráðherra. Skulum átta okkur á því að ef við auglýsum eftir börnum og það flykkist allt til okkar af krökkum, því HOI fengu þau til að koma til okkar með frábærri auglýsingaherferð, þá þurfum við að hafa aðstöðu fyrir þau og geta tekið á móti þeim. Hvar ætlum við að gera það? Við getum bara gert það í félagshesthúsum eða húsum sem við höfum leigt undir þá starfsemi. Þetta er hands on verkefni inni í félögum og ég segi að við höfum alls ekki staðið okkur í þessu, við höfum gleymt okkur áratugum saman í alls konar öðrum hlutum.

Fyrir ca. 7 árum var mörkuð stefna um að gera eitthvað alvöru í Hafnarfirði til að fá fleiri börn og nýliða. Það tók 7 ár að eignast félagshús sem við eigum í dag, erum komin með vilyrði fyrir starfsmanni á launum sem verður greiddur af Hafnarfjarðarbæ. Verðum að átta okkur á því að án þess að byggja á þessari undirstöðu þá getum við ekki neitt. Við í stjórnunum verðum að fókusa á að við getum ekki útvístað þessu. Ég kaus núverandi formann LH út af hans stefnu í nýliðun og átaki. Ég hefði viljað sjá skýrslu um þetta núna um hvernig við ættum að gera þetta, að það væri komin einhver áætlun. En allt í lagi, kylum á þetta núna. Þetta er hlutur sem við verðum að vinna í, alvöru vinnu heima í félögum. Það eru risastór félög hérna sem gætu gert miklu betur og ættu að vera ennþá meira leiðandi.

Annað sem mig langar að tala um. Hvar er stoltið hjá okkur hestamönnum? Það er enginn kaupstaður, bær eða borgin þar sem hægt er að ríða inn í miðbæ á reiðvegi, þar sem er aðstaða, rétt og hægt að stoppa og brynna hestum og vera sýnileg. Við erum bara búin að gleyma því hvaðan við komum. Þú ferð í Hafnarfjörð og það eru þrjú fótboltahús og önnur fótboltahús að rísa. Hvar eru reiðhallirnar, hvar eru menningarhúsin undir hestinn sem við erum alltaf að dásama. Við gleymum hestamenskunni inni í skipulaginu. Þegar skipulagsyfirvöld byrja að skipuleggja þá dettur þeim helst í hug að færa hesthúshverfin lengra og lengra í burtu í staðinn fyrir að hugsa um þetta sem hluta af okkar umhverfi. Við látum ýta okkur burtu. Þegar Garðabær byggir nýtt hverfi þá skipuleggur hann nýtt hverfi ofan í reiðvegi og skipulagt hverfi sem hestamenn hafa byggt og spáir ekki í það. Við eigum að fá 2-300 milljónir á ári í reiðvegi.

Allavega, vildi segja að við eigum að vera stolt, ákveðin og berjast fyrir þessu. Getum ekki útvístað þessu, eigum að hugsa þetta inni í félögum. Ef við ætlum að fá nýliða, þá þurfum við aðstöðu fyrir þá og það er bara þannig að sveitarfélögin borga ekki fyrir okkur fullorðna fólkið að keppa á hestum, en þau borga peninga fyrir að við sinnum barna og unglingastarfi. Ef þið viljið fá peninga frá sveitarfélögum ykkar, sinnið þá þessu starfi betur. Takk fyrir.

Ragnhildur, frá Ljúfi í Hveragerði

Hef almennt voða lítinn áhuga á æskulýðsstarfi en elti þessa þingtillögu út af nýliðun. Held að ég þekki fjögur andlit hérna því ég er með einni í stjórn og þekki aðra í gegnum aðra hluti. Er búin að vera í hestamannafélagi í 18 mánuði og er formaður nýs félags, þannig að nýliðun er mér hugfangið mál, að hjálpa nýliðum að komast inn í þennan félagsskap. Rek mig rosalega oft á að fólk er búin að eiga hesta síðan það var lítið, eða kemur inn því það þekkir einhvern en ég er sú eina í minni fjölskyldu og minni stórætt sem veit hvað hestur er.

Nýliðun er mikilvæg og æskulýðsstarf er mikilvægt, og eftir umræðuna í gær þá er það eitthvað sem við þurfum að skoða mjög vel.

Í Hestamannafélaginu Ljúp erum við 173 félagsmenn, af þeim eru 55 talsins 17 ára og yngri. Þurfum líka fleira fullorðið fólk til að halda utan um það. Erum búin að vera með um 200 aðila sem hafa komið á námskeið hjá okkur, 46 börn eru á haustnámskeiðum sem er meirihlutinn af börnunum í félaginu. Reiðnámskeið eru ekki inni í Hveragerði, heldur í Ölfusi því þar var frístundabíll sem keyrði á milli (eftir að íþróttastarfi var útvistað til annarra sveitarfélaga eftir að höllin fauk). Allar greinarnar fóru því annað, og bíllinn var upptekinn við að skutla börnum og hestaíþróttin fékk ekki pláss í þessu. Við þurfum að vera vakandi fyrir því að hestaíþróttin er íþrótt og við þurfum að koma því til skila til sveitarfélaganna okkar. Það væri þægilegt fyrir nýliða, að vita hvaða pening sveitarfélög eru að setja í hin íþróttafélögin vs hvað þau eru að setja í hestamannafélögin. Þá gæti ég sagt Mosfellsbær er að borga þetta í Hörð, Reykjavík að borga þetta í Fák o.s.frv. og við gætum nýtt í okkar starfi.

Dagný, Fáki

Verð stutturð, varðandi fræðsluna og skólakerfið - þá getum við líka verið að fræða um íslenska hestinn, landið byggist af því við höfðum hestinn. Við getum tekið ímyndarsköpun í kringum hestamennsku á svo mörgu ólíku leveli. Þannig að það þarf ekki að útiloka okkur frá því að komast með eitthvað efni inn í skólakerfið. Tölum um reiðleiðir. Af hverju tölum við öll sama tungumál? Af því að við gátum ferðast á ísenska hestinum og einangruðumst ekki í fjörðum hér og þar. Hvernig var farið yfir ár á Íslandi? Þetta er fróðlegt og skemmtilegt efni til að kynna inn í skólakerfinu.

Hjörtur, Fáki

Tek undir með Trausta sveitunga sínum, með fjölda karlmannna sem sýnir þessum málaflokki skilning. Höfum gaman að búa þau til en svo er gamanið búið.

Tillagan er frábær og við eigum að styðja hana. Erum búin að vera hér í allan morgun og fara yfir margar tillögur sem sumir náðu ekki að tengja við, gefum okkur ekki nægan tíma í þetta.

En allir frambjóðendur sem gáfu kost á sér í stjórn LH síðast, töluðu öll mjög fjálglega um það að ætla að sinna æskunni og sinna nýliðun og þetta og hitt. Haft var eftir formanninum sem mætt svo hér og hélt góðan pistil, að svo var skipað í nefndir hjá LH og enginn hafði áhuga á að taka þátt í æskulýðsmálum! Finnst þetta rosalega skrítið, þannig að ég vona að þeir sem bjóða sig fram hér á eftir, sýni sinn hug á því að þá langi að koma að þessum efnum.

Langar líka, að óska Sörla til hamingju með frábæran árangur. Bæði þeir og við öll hin, erum ekki að gera nóg, getum gert svo miklu betur. Eigum að sinna þessu, börnunum okkar og nýliðun, hvort sem það eru börnin okkar eða fullorðið fólk.

En fjölmiðlar, sagði hérna með félagshúsið hjá okkur, erum búin að vera að gera þetta í 10 ár og fyrir tveimur árum síðan þá urðu krakkar sem eiga enga að í hestum, búin að fá lánaða hesta og standa í þessu alveg sjálf, þau urðu Reykjavíkumeistarar í sínum flokki. Ég hefði samband við Morgunblaðið, Eiðfaxes og Hestafréttir því mér fannst þetta það almerkilegasta sem gerðist á þessu Reykjavíkumeistaramóti okkar. Það hafði enginn af þessum miðlum nokkurn áhuga á að fjalla um þetta. En ef þeir kæmu hingað upp þá segðust þeir hafa áhuga. Það er ekki nóg að standa hér og segjast hafa áhuga, það þarf að sýna það í verki. Takk.

Mælendaskrá er þá tæmd um þingskjöl nr. 38A og 38B.

Þingskjal nr. 38A borið upp. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 38B borið upp. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti segir störfum æskulýðsnefndar þá lokið og þakkar nefndinni fyrir þeirra störf.

Matarhlé kl. 12.40-13.15.

Valdimar þingforseti tekur til máls og kynnir beina útsendingu frá Hollandi

HM 2023

Coen Buijsse, framkvæmdastjóri HM 2023 kynnir WM á næsta ári í Oirschot í Hollandi, sem fram fer 7.13. ágúst 2023.

Coen segir að haldin hafi verið mjög gott mót þar árið 2017 í fyrsta sinn. Mótið verður á sama svæði 2023, nálægt Eindhoven og 1 klst akstursfjarlægð frá Amsterdam.

Sýnir myndband af svæðinu og fór yfir heildarskipulag svæðisins. Byggt verður upp svæði, hálfgerður Laugavegur, hægt að versla, kaupa veitingar, gólf alls staðar, og því engin drulla á svæðinu. Mjög flott svæði.

Ef fólk er spurt hvers vegna það fer á heimsmeistaramót, þá segjast allir fara til að sjá bestu íslensku hestana, en líka til að hitta nýja vini, gamla vini, versla, fá góðar veitingar. Þannig að áhersla er lögð á að fólk geti hist og verið saman á góðu svæði eins og á landsmóti. Verður meira eins og hátíð íslenska hestsins (icelandic horse festival) en bara HM.

Einhverjar breytingar verða á dagskrá, mótið hefst á mánudegi og það verður dagskrá frá u.þ.b. kl. 9 að morgni til kl. 21 að kvöldi flesta daga en þá dimmir. Opnunaráttíð fer fram á miðvikudagskvöld, án hesta, fer fram á markaðstorgi, tónlist, flugeldar o.fl. Úrslit fara fram á laugardag og sunnudag.

Tjaldsvæði verður í boði, þar verður hægt að leigja hús með fjórum rúmum, hægt að gista/vera á svæðinu.

Áhersla lögð á matartorg, fjölbreytt framboð, og í boði lengra fram á kvöldin.

LH og VITA munu bjóða upp á pakkaferð í samstarfi við WC 2023.

Miðasala er hafin. Nýtt er að það voru ´ser blokkir fyrir öll löndin, í þetta sinn er öllu blandað og það eru ekki blokkir, nema að það er blokk er frátekin fyrir Ísland fyrir þá sem bóka í gegnum LH-Vita.

Coen þakkar fyrir sig.

Þingforseti þakkar Coen kærlega fyrir og gefur orðið til Kristins Skúlasonar, formanns Landsliðsnefndar LH

Kristinn Skúlason

Kæru þingfulltrúar og félagar, held áfram og tek við af honum Coen en það sem við erum að gera er að við erum að taka við boltanum og undirbúa HM. Ég vildi því koma á eftir Coen til að hvetja ykkur til að fara með okkur alla leið. Þurfum á ykkur að halda. Við kynntum hópinn um daginn, þetta er byrjun á verkefninu (birt listann), erum að tala um að velja landsliðshópin fyrir U21 mánudaginn 14/11 og þá er kominn grunnurinn af því sem við ætlum að gera í vetur.

Það er mikið verk fyrir höndum. Við byrjum 10. desember í Fákí, með jólasýningu eða jólakennslu, startið að því sem verður í vetur, svo verður stíf dagskrá og við keyrum á fulla ferð. Þið þurfið að standa með okkur, við þurfum stuðning, hvatningu, þurfum að fylla stúkuna og eiga sviðið, stóra sviðið.

Erum að undirbúa ferð með VITA, það verða pakkaferðir og eins og Coen sagði, þá liggur það yfir eftir ca viku. Jólagjöfin í ár!

Eina sem við ætlum að gera og við lofum því að við munum gera okkar allra besta, meira getum við ekki gert en við viljum fá ykkar stuðning.

Sjáumst í Hollandi. Takk fyrir.

Valdimar þakkar Coen og Kristni fyrir. Fín pása frá tillögum þessi HM umræða.

En nú höldum við áfram að afgreiða tillögur. Það er komið að keppnisnefnd og Gretar tekur aftur við stjórn þingsins.

Þingfundi framhaldið.

Keppnisnefnd

Þingforseti segir að byrjað verði á Þingskjali nr. 42 sem er tillaga um gæðingafimi og í kjölfarið verður tekið þingskjal nr. 52 sem er ályktun um samkeppni á nafni og svo þingskjal nr. 39 sem er paraþimin.

Gretar gefur orðið til Snorra Ólafssonar til að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Snorri Ólafsson

Keppnisnefnd fundaði í gær eins og aðrir, 46 voru skráðir í nefndina. Umræður gengu vel og tiltölulega hratt fyrir sig, mikið rætt.

Þingskjal nr. 42 gengur út á að samþykkja að reglur um gæðingafimi verði hluti af keppnisreglum LH. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Gretar ber upp þingskjal nr. 42. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt. Orðið gefið laust um þetta þingskjal eins og það liggur fyrir. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 42 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 52

Ályktunartillaga frá stjórn LH. Þingið samþykkir að stjórn LH efni til samkeppni um nafn á nýja keppnisnefnd í regluverki LH á gæðingafimna.

Keppnisnefnd leggur til að ályktunartillagan sé samþykkt.

Gretar gefur orðið laust um þingskjal nr. 52. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 52 samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.**

Þingskjal nr. 39.

Flytjandi er Geysir. Tillagan gengur út á að LH taki paraþimi inn sem keppnisgrein og að farið verði með paraþimi eins og aðrar keppnisgreinar innan LH.

Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði felld.

Þingforseti segir þingskjal nr. 39 liggja fyrir. Nefndin leggur til að tillagan verði felld. Orðið er laust um tillöguna. Enginn kveður sér hljóðs.

Ósk úr sal á skýringu á tillögu um niðurfellingu.

Snorri segir að það hafi verið álit manna að við þyrftum ekki á þessari keppni að halda.

Það sem verið er að fjalla um er þingskjal nr. 39 um araþimi. Nefndin leggur til að tillagan sé felld, það er þeirra hugmynd, ekki frávísun. Þingsins að taka til afgreiðslu hvort tillagan er felld eða samþykkt.

Þingskjal nr. 39 - orðið gefið laust aftur. Enginn kveður sér hljóðs. Þingskjal nr. 39 felld með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingforseti ber fram frestað atriði frá því fyrr á þinginu, Bandormurinn, eða grein 1.5.4. Orðið gefið laust.

Ólafur Þórisson

Tókum til umræðu í keppnisnefnd, og mig langar að vita, varðandi samanlagðan sigurvegara unglinga. Það stendur í greininni, fjórar bestu keppnisgreinar, ekki tiltekna hvaða keppnisgreinar. Hvernig fór eða er erfitt að verða samanlagður sigurvegari unglinga. Er að spá hvort það séu of margar greinar eða hvort það þurfi að tilgreina það sérstaklega.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og þá borið upp til atkvæða. **Grein 1.5.4. samþykkt samhljóða eins og hún liggur fyrir þinginu.**

Þingskjal nr. 15

Flytjandi er keppnisnefnd LH. Tillagan hljóðar upp á að þingið samþykkir að fella brott reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum og í staðinn komi ný reglugerð um Íslandsmót í hestaíþróttum. Það voru miklar umræður um þessa tillögu en keppnisnefnd samþykkir tillöguna með áorðnum breytingum. Breytingar eru, í fyrsta lagi að ekki séu sérstök aldurstakmörk í kappreiðaskeiði á landsmóti. Í öðru lagi að það séu tveir yfirdómarar á Íslandsmóti, annars vegar yfir gæðingadómum og hinsvegar yfir íþróttadómum.

Áhyggjur voru helst þær að landsmót yrði of langt ef íþróttamótinu yrði bætt við á landsmótsárum og hins vegar að ungmennum yrði ekki gert nógu hátt undir höfði því þau yrðu ekki með í íþróttakeppni á landsmóti.

Á móti kom að mótið varð degi styttra en mótið þar á undan og sumir voru á því að umgjörðin yrði bara að vera meiri um yngri flokkana en til þessa.

Tillagan var samþykkt í keppnisnefndinni með 23 atkvæðum, 13 voru á móti.

Keppnisnefnd er með breytingartillögu við þingskjal nr. 15, að út falli, þátttökurétt hafa allir 22 ára og eldri, og að í grein 5.6. varðandi skipan dómara, komi inn þessi texti um að hafa tvo dómara, annan yfir íþróttakeppninni og hinn yfir gæðingakeppninni.

Orðið gefið laust um þessar tvær breytingar, þ.e. breytingartillögu keppnisnefndar. Enginn kveður sér hljóðs.

Borið upp til atkvæða, fyrst sá hluti um að fella út allir 22 ára og eldri. **Samþykkt samhljóða.** Svo borin upp grein 5.6. um að skipaðir séu tveir dómara. **Samþykkt samhljóða.**

Þá er orðið gefið laust um þingskjal nr. 15 með áorðnum breytingum.

Ólafur Þórisson

Hér er stór tillaga og stór breyting. Var mótsstjóri á LM í sumar og á Íslandsmóti í sumar, er í keppnisnefnd og kom að þessari tillögu. Hugmyndin að mörgu leyti er góð, enginn í vafa um það. Það sem hefur snúið mér á að samþykkja tillöguna er af hverju þurfi að festa þetta í lög strax? Við getum haldið áfram að prófa þetta, höfum prufað hluta af þessari tillögu. Viljum við að það fari strax í lög það sem ekki hefur verið prófað?

Það sem hefur einkennt umræðuna er Íslandsmót fullorðinna, þeir fá athygli á landsmóti. Þá eigum við eftir börn, unglínga og ungmenni og m.v. umræðuna áðan þá er fólk líklega ekki sammála um að ýta því til hliðar og þá segja einhverjir, því er ekki endilega ýtt til hliðar.

Fyrir mér vil ég að við fellum þessa tillögu því það þarf ekki að setja þetta í lög, við getum prófað áfram, getum prófað gæðingakeppni á Íslandsmóti barna- og unglínga, getum prófað íþróttakeppni á landsmóti. Gerum það, áður en við festum í lög eitthvað sem við vitum ekki hvernig virkar.

LM gekk vel og að hafa íþróttakeppnina inni. Það kom líka núningur í sumar um hvenær væri besti sýningartíminn fyrir hinar ýmsu greinar, af hverju er gæðingakeppnin þarna og af hverju er íþróttakeppnin þarna, og allt eftir því. Ég vil reyndar bara horfa á landsmót á þann hátt að þegar landsmót byrjar, þá er bara öll dagskrá á prime tíma því það ætla allir að horfa á það sem þeir ætla að horfa á, hvort sem það er snemma á morgnana eða seint á kvöldin.

Við eigum eftir að prófa allt sem viðkemur börnum, unglíngum og ungmönnum.

Keppnissumarið sl. sumar og undanfarin sumur eru líka búin að vera gríðarlega þétt. Menn velta fyrir sér hvort ekki er hægt að sameina eitthvað af þessum mótum. Það eru rök. Það er okkar skylda að finna aðra lausn en að festa þetta í lög, áður en við vitum hvernig það virkar.

Orðið er áfram laust.

Þingforseti bendir á að þetta eru ekki lög, heldur reglugerðir.

Einar, formaður keppnisnefndar LH og meðlimur í Fákí

Tillaga keppnisnefndar hefur gerjast með okkur í heil tvö ár. Vona að þið hafið kynnt ykkur greinargerðina, því í meginatriðum þá eru þetta tvö atriði. Að gera Íslandsmóti hærra undir höfði á LM árum og á móti að gera gæðingakeppni hærra undir höfði þegar ekki er landsmót. Við vitum að þátttaka í gæðingakeppni hefur verið lítil þegar ekki er landsmót.

Er ósammála Ólafi í því að ungmönnum sé gert lægra undir höfði með því að fá ekki að keppa með fullorðnum. Held að kostir þess að krýna Íslandsmeistara fyrir fullri brekku á landsmóti sé þess virði að prófa. Ekki fylgjandi tilraunastarfsemi. Vil samþykkja lögin eins og þau eru. Það tekur tvö ár að prófa þetta. Á næsta ári yrði þá haldið Íslandsmót með gæðingakeppni og Íslandsmeistarar krýndir í A og B flokki, barna-, unglínga- og

ungmennaflokkur og eftir tvö ár þegar næsta landsþing veður haldið þá er komin reynsla á þetta fyrirkomulag og þá getur landsþing tekið ákvörðun byggða á þeirri reynslu.

Langar að nefna að þingið stendur frammi fyrir þremur kostum.

Fyrst er að samþykkja breytt fyrirkomulag, krýna Íslandsmeistara á landsmóti og sýna útlendingum það besta í íþrótt- og gæðingakeppni

Annað, það liggur líka fyrir tillaga um að halda Íslandsmót í gæðingakeppni sér. Veit ekki á hvaða helgi yfir þétt skipað sumarið, slíkt mót ætti að fara fram.

Þriðja er nánast óbreytt staða, sem er nánast áhorfenda laust Íslandsmót á eftir landsmóti og lítill áhugi á gæðingakeppninni þegar ekki er landsmót.

Hvet ykkur til að lesa greinargerðina og samþykkja þessa tillögu.

Orðið áfram laust.

Hulda Gústafsdóttir, keppnisnefnd

Styð þessa tillögu heilshugar. Einar fór yfir söguna og ástæðurnar. Mig langar að tína til nokkur rök sem styðja það að við eigum ekki að vera hrædd við að breyta.

Prófuðum á landsmóti, var skeptísk fyrst þegar ég heyrði að það ætti að vera íþróttakeppni á þessu landsmóti. Sá ekki fyrir mér að það yrði áhugi og svo tíminn, en tíminn dugði og að auki sáum við á tölum hjá Eiríki Vilhelm í gær að áhugi var mikill og áhorf var gott á íþróttakeppnina. Eftirspurnin er því til staðar, spurning hvað við viljum gera við það.

Þó við samþykkjum þetta núna og þetta virkar ekki, þá er það ekki flókið.

Samþykktum fyrir tveimur árum stöðulista inn á landsmót og það virkaði, þurftum að hringja í kannski 5 til að fylla. Fyrir Íslandsmótið voru knapar og hestar gífurlega þreyttir og stundum komið á sumum listunum niður í 50 sætið á stöðulista og samt náðist ekki að fylla. Þetta segir okkur það að dagskráin okkar er orðin svo þétt og landsmótið sem er svona stór og vinsæll viðburður og fólk er þreytt eftir landsmót. Þetta myndar rými fyrir hestamenn að fara í ferðir eða aðeins slaka og njóta.

Getum breytt, erum að reyna að hugsa út fyrir boxið, lyfta Íslandsmótunum upp og lyfta gæðingakeppninni upp hin árin. Núningur um dagskrá er alltaf, það breytist ekki þó íþróttakeppni bætist við. Það eru ekki rök í þessu máli.

Hvet ykkur til að horfa á þetta með opnum hug, áhuginn er til staðar, áhuginn hjá áhorfendum innanlands og erlendis. Keppendur eru upp til hópa mjög hlynntir þessu, þetta léttir á sumardagskránni. Hvet ykkur til að lesa og greiða atkvæði með opnum hug.

Sigurður Ævarsson,

Hulda búin að segja nánast allt sem ég ætlaði að segja og ég er hjartanlega sammála henni. Við eigum ekki að hafa Íslandsmót á tilraunavettvangi, að sjálfsgöðu eigum við að fara eftir lögum og reglum, rétt eins og við gerðum á liðnum tveimur árum. Höfum tvö Íslandsmót og eitt landsmót til að prófa þetta. Ef það gengur ekki þá bara breytum við til baka. Ég held að þetta stórstyrki yngra mótið, það verði burðugra og betra. Fleiri greinar, verða skeiðkappreiðar og öflugra mót.

Vil að því sögðu koma með breytingartillögu, þar sem við samþykktum fimi áðan sem heitir ekkert. En í barnaflokkur erum við með fimi sem keppnisgrein í samanlögðum stigum en það er dottið út í unglingsflokkur. Mæli með að setja fimi sem keppnisgrein hjá unglings og ungmennum. Svo bara prófum við þetta, það er búið að þrælraða yngra mótið, eina sem skeður er að ungmennin koma inn í það og þau styrkja það á allan hátt. Prófum þetta og svo ræðum við saman eftir tvö ár. Takk.

Gretar gefur orðið laust um breytingartillögu Sigurðar. Að fimi sem er í barnaflokki, komi einnig inn í unglingaflokk og ungmennaflokk.

Breytingartillagan borin upp. **Samþykkt samhljóða.**

Orðið þá laust um þingskjal nr. 15 með áorðnum breytingum.

Jón Þorberg, Geysi

Varðandi þessa tillögu, þá er stórt skref að setja svona tillögu inn í lög, en ég er sjálfur gæðingadómari og var á síðasta landsmóti. Var sjálfur skeptískur á sérstaka forkeppni, hvort ætti að breyta því, snerist hugur um það í sumar.

Það hafa verið þungar raddir um að landsmót eigi að stytta og léttu, erum að fara í öfuga átt við það sem hefur verið í umræðunni með þessum tillögum sem uppi eru núna.

Í framhaldi held ég að umræðan verði aftur krafa um að fækka hrossum á landsmótum, og hvar á að gera það, er hræddur um að það verði þá í gæðingahlutanum. Er það það sem við viljum? Þetta hefur verið þeirra vettvangur í keppni undanfarin ár og áratugi. Þessi tilraun tókst ágætlega í sumar, en allt gott um það að segja. Hræddur um að umræðan fari í þá átt að við verðum að fækka, og þá held ég að við missum félagslega kerfið sem við erum með núna með þátttökuréttinn.

Ólafur

Eitt sem ég nefndi það ekki áðan, að það er búið að gera samning um landsmót 2024 og 2026 og þar er hvergi minnst á íþróttakeppni. Auðvitað hægt að gera viðauka en mótshaldari þarf að samþykkja það.

Hitt er að það hefur ekkert verið minnst á börn, unglinga og ungmenni, bara verið að einblína á að koma Íslandsmóti fullorðinna inn á landsmót. Það er það sem verið er að gera. Held að það sé ekki tímabært núna. Ef Sprettarar vilja íþróttakeppni inn á landsmót 2024 þá bara gera þeir það, en setjum þetta ekki í lög.

Það var gerð breyting síðast um að færa ungmennin með fullorðnum, því unga mótið var of stórt en nú ætlum við að prófa það til baka.

Vil prófa, án þess að setja þetta í lög.

Vil hvetja það félag sem er með næsta Íslandsmót, fullorðinna og ungmenna, að prufa gæðingakeppnina. Hafa það inni og þá sjáum við hvort það virkar eða virkar ekki. Takk.

Einar

Vil benda Jóni Þorbergi á það að það er engin tillaga um það á þessu þingi um að fækka þátttakendum í gæðingakeppni á landsmóti þannig að það eru ótímabærar áhyggjur.

Það sama á við um það sem Ólafur nefndi um óljósa heimild um að gera þetta svona eða hinsegin. Það hefur engin slík borist. Legg til og vona að við getum samþykkt þessa tillögu með áorðnum breytingum.

Hulda Gústafs

Ítreka það að eftir að mótunum var skipt í yngri og eldri, var aldrei þannig að það voru börn og fullorðnir. Það var strax ungmenni og fullorðnir og svo börn og unglingar. Þegar allt var saman, þá var þetta allt of stórt, svo það sé áréttað.

Jón

Vil svara Einari um áhyggjur mínar af fækkun í gæðingakeppninni. Auðvitað liggur ekki tillaga fyrir þinginu um það. En það er orðræða á fb, stórum hópi þar, frá keppnisnefndarmanni sem lýsir því sem næsta skrefi að horft verði á fækkun í gæðingakeppninni, þannig að áhyggjur eiga rétt á sér, þó þess lags tillaga liggi ekki fyrir þessu þingi.

Þingskjal nr. 15 borið upp til atkvæða. Eftir fjórar talningar eru niðurstöður eftirfarandi. **Já segja 73, nei segja 79 og tillagan, þingskjal nr. 15, því fellt.**

Þingforseti greinir frá því að keppnisnefnd hafi ekki fjallað um þingskjal nr. 16 eða þingskjal nr. 50. Vildi sjá fyrst hvernig þingskjali nr. 15 myndi reiða af. Spyr hvort keppnisnefnd vilji fá tækifæri til að ræða tillögurnar og koma með álit inn á þingið eða ekki. Ef svo er, þá frestum við afgreiðslu þeirra tveggja þar til fjárhagsnefndin skilar skýrslu og þá gæti nefndin fundað um hana.

Þingskjal nr. 16.

Ólafur

Þessi umræða var tekin í keppnisnefnd og niðurstaðan var að tekin var ákvörðun í gær um að keppnisnefnd myndi ekki taka fyrir 16 nema ef 15 yrði felld, aðeins rætt í gær um hvort þurfi að ræða ákveðin atriði áður en tillagan er tekin fyrir. Það eru örfá atriði í tillögunum sem væri betra að keppnisnefnd ræði áður en hún kemur hérna fyrir.

Gretar frestar umfjöllun um þingskjali nr. 16 aðeins fram eftir þinginu.

Þingskjal nr. 17.

Flytjandi er keppnisnefnd LH. Breytingin er að bæta inn í reglugerðina, Fjórðungsmót. Reglur um undirbúning lands- **og fjórðungsmóta.** Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti tekur fram varðandi þingskjal nr. 17, að lögð til orðalagsbreyting, að við bætist Fjórðungsmót í 6.1, 6.3 og 6.4 og rétt að geta þess að Þingskjal nr. 21 er um sama atriði, þannig að verði þingskjal nr. 17 samþykkt þá er verið að samþykkja þingskjal nr. 21 í raun líka.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 17.

Ólafur Tryggvason, Snæfellingi

Starfaði í mótsstjórn FM 2021. Af hverju segi ég FM? Hvað er fjórðungsmót og af hverju erum við að tala um fjórðungsmót? Það er ekki til nein skilgreining á Fjórðungsmóti skv. reglunum. Fjórðungsmót er viðburður, hestamannafélaga sem búa til sinn eigin viðburð. Í nefndinni minni ræddum við hvort við eigum að kalla þetta Stórmót NV? Ef við gerum það, gilda þá um það fjórðungsmótsreglur? Því gamla Fjórðungsmótið er búið, það er engin skilgreining til á Fjórðungsmóti. Það er auðvelt að breyta bara nafninu ef menn vilja hafa sínar eigin reglur.

Þingforseti spyr hvort menn sættist á að bera þingskjalið upp í heild sinni? Engin athugasemd.

Þingskjal nr. 17 borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 18.

Flytjandi er keppnisnefnd LH. Keppnisnefnd er með breytingartillögu við þingskjalið sem felst í því, varðandi úrtökur, séu keppendur jafnir eftir tvær umferðir fái báðir sæti, ekki þurfi hlutkesti. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðinni breytingu.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Breytingartillaga samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 18 borið upp með áorðnum breytingum. Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 19.

Flytjandi er keppnisnefnd LH. Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 19 samþykkt samhljóða.**

Þingforseti gefur Marteini, formanni kjörbréfanefndar, orðið.

Martein

Það styttest í stjórnarkjör og áhugi fyrir því að öll atkvæði nýtist félögunum. Þrjú umboð liggja fyrir, Kristín Þorgeirsdóttir, yfirgefur svæðið, veitir Sigríði Hafþórsdóttur umboð til að veita atkvæði fyrir sína hönd. Báðar í Sörla.

Haukur Baldvinsson í Sleipni, veitir Ragnhildi Loftsdóttur, umboð til að fara með atkvæði fyrir sína hönd. Sólveig Pálmadóttir, Sleipni, veitir formanni Sleipnis, Sigríði, umboð til að fara með atkvæði sitt á landsþinginu.

Þannig lagt fyrir þingið.

Þingforseti segir hér hafa verið lögð fram ný umboð. Athugasemdir voru engar og skoðast þau því samþykkt.

Þingskjal nr. 20.

Flytjandi keppnisnefnd LH. Breytingartillaga kom fram frá keppnisnefnd þingsins og leggur nefndin til að þingskjalið verði samþykkt með breyttu orðalagi.

Umræður urðu um þetta, erfitt að geirnegla sama dómaragengi, kannski erfitt í framkvæmd. Eins valið með að keppandi geti valið eina umferð eða báðar.

Þingforseti gefur orðið laust um breytingartillögu við þingskjal nr. 20.

Ágúst, GDLH

Veltir þessari síðustu setningu fyrir sér, þátttakanda heimilt að taka þátt í hvorri umferðinni eða báðum. Á þetta ekki bara að detta út? Þarf þetta að vera í reglugerð?

Ólafur Þórisson

Heilmikil umræða var í nefndinni um þessar tvær umferðir. Allir sammála að þetta væri fínt eins og er í dag. Getum verið sammála um það, að félög geti ákveðið hvort þau hafi eina eða

tvær, og hvort félagsmenn ráði því hvort þeir komi í fyrri eða seinni eða eins og sumir, að keppendur verði að mæta í fyrri.

Snýst hér um þátttakandann, ráði hvort hann mæti í fyrri eða seinni, það tekur valdið af félaginu og félagið geti þá ekki ákveðið að allir þurfi að mæta í fyrri.

Ef þessi setning dettur út þá geta allir haft þetta eins og þeir vilja eins og er í dag.

Síðasta setningin, við megum ekki láta keppendur taka valdið af félögunum. Takk.

Einar, formaður keppnisnefndar

Það var fín umræða um þetta í gær. Niðurstaða keppnisnefndar var að hafa orðalagið svona.

Viljum hafa eitthvað form fyrir úrtökur og fyrir mót og það sem fer fram innan vébanda LH.

Það er mjög vont ef ekki eru til reglur um hvernig skuli framkvæma tvöfaldar úrtökur. Þetta fyrirkomulag, um að það líði mest tveir dagar á milli úrtaka, snýst um að keppendur séu að keppa á jafnréttisgrundvelli, við svipaðar aðstæður með sömu dómara. Svo var bætt við setningunni með fyrri/seinni. Hjá Fákí var fyrri úrtakan gæðiingamótið, hitt svo valfrjálst hvort keppandi mætir í seinni úrtökuna.

Ólafur Þórisson

Leggur til breytingartillögu um að þessi síðasta setning falli út. Rétt að knapar eigi að hafa val, en leyfum samt félögunum að hafa valið um hvernig þau haga sínum úrtökum.

Þingforseti leggur breytingartillögu við breytingartillöguna fyrir atkvæði. **Samþykkt.**

Þingskjal nr. 20 með áorðinni breytingu við breytingum, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 22.

Flytjandi Geysir. Keppnisnefnd leggur til að þingskjali nr. 22 verði vísað frá þar sem það eru svo margar tillögur í þessari einu tillögu.

Orðið gefið laust um tillögu um frávísun. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt að vísa þingskjali nr. 22 frá.**

Þingskjal nr. 25.

Nefndin leggur til að tillagan verði felld út, þ.e. tillagan er afturkölluð af GDLH. Engar athugasemdir bárust. Tillagan fellur því út.

Þingskjal nr. 26.

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Varðandi vægi á töltili í A-flokki gæðinga. Rætt fram og aftur og sitt sýndist hverjum. Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Orðið gefið laust.

Ágúst, GDLH

Það var umræða um þessa tillögu í nefndinni. Fannst umræðan fara aðeins vitlausa leið, átti ekki að snúast um hæfni dómara til að dæma töltil eða skeið. Kemur af því að áður var nóg að eiga vel vakran hest sem fór á frekar bjöguðu töltili, varla brokkaði, og gat unnið A-flokk, þá var vægið aukið á töltili til að sækja betri töltila. Flestir hestar nú vel færir um að töltila og brokka í A-flokki, en nú finnst þeim vegið að skeiðinu. Talað um mót almennt, að hestur sem

getur lítið skeiðað, tölt vel, sé að vinna A-flokkinn. Það er þetta sem við erum að benda á, og gera skeiði hærra undir höfði, að auka vægi skeiðsins á móti töltinu.

Orðið laust um tillöguna. Fleiri kveða sér ekki hljóðs.

Þingskjal nr. 26 borið upp til atkvæða. Fellt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingskjal nr. 23.

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Grein 7.2.3 og 7.2.5. Tekin út lengd á langhlið keppnisvallar, 300m - þ.e. þarf ekki að vera 300m lengur. Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 23 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 27

Flytjandi er Gæðingadómarafélagið. Fjallar um breytingu á grein 7.6.2. framkvæmd úrslitakeppni. Keppnisnefnd LH lagði til nýtt orðalag á málsgreininni.

Orðið gefið laust um breytingartillögu keppnisnefndar. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt.**

Orðið gefið laust um Þingskjal nr. 27 með áorðnum breytingum. Enginn kveður sér hljóðs.

Þingskjal nr. 27 samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 28

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Keppnisnefnd telur regluna skýra eins og hún er nú þegar í reglum. Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 28 fellt með yfirgnæfandi meirihluta.**

Þingskjal nr. 29

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Keppnisnefnd LH gerir ekki athugasemd við tillöguna og keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 29 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 30

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Sérstök forkeppni. Keppnisnefnd þingsins leggur til breytingu við þingskjalið, inn komi meðaleinkunn eða meira og út falli fullnaðareinkunn. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með breyttu orðalagi.

Orðið gefið laust um breytingatillögu. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt.**

Orðið þá gefið laust um þingskjal nr. 30. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 30 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 31

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Sérstök forkeppni. Tveir hringir, verði allt að tveir hringir. Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt með breyttu orðalagi.

Orðið gefið laust.

Þingforseti áréttar að eingöngu er verið að fjalla um þessa orðalagsbreytingu um allt að tvo hringi.

Atli

Ætla að tala í hálf tíma um þessa deilistölu. Nei, ætla ekki að gera það. Hef fullan skilning á því að þurfi að ræða keppnisreglur, ber fulla virðingu fyrir því. Finnst þetta frábært starf. Þetta er þriðja þingið mitt en ég neita að mæta á fleiri þing þar sem allur tíminn fer í þetta. Erum með frábært fólk í þessari vinnu. Hvernig stendur á því að það er fullt af tillögum sem eru samdar á nærbrókinni á Suðurlandi, og koma hér upp, þar sem menn eru búnir að vera í varastjórn LH og í keppnisnefnd LH, sitjandi þar og samþykkja allt saman en svo þarf að eyða öllum tíma þingsins í svona. Hvar er framtíðarsýnin sem við eigum að vera að ræða? Auðvitað þurfum við að klára þetta. Segi við þá sem standa að þessu, ég ætla ekki að misnota lýðræðið svona aftur. Ef ég á að mæta hér á svona þing, þá vil ég ræða hluti sem skipta máli. Keppnisreglur skipta mjög miklu máli en það á að taka það á réttum vettvangi. Ég sit ekki undir þessu aftur, ef það á að halda þessu svona áfram. Takk fyrir.

Þingforseti biður þingfulltrúa að halda sig við dagskrá, sama hvað tilfinningar varðar. Sér ekki að það komi þingheimi við hvernig menn eru klæddir þegar þeir skrifa sínar tillögur.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 31. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 31 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 32

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Keppnisnefnd LH gerir ekki athugasemdir og keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 32 samþykkt, einn á móti.**

Þingskjal nr. 33

Flytjandi Gæðingadómarafélagið. Skáreim bönnuð. Keppnisnefnd leggur til að íslensk sérregla verði felld niður. Tillaga samþykkt um að taka út íslenska sérreglu um skáreim.

Þingforseti gefur orðið laust um breytingartillöguna. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt.**

Þingskjal nr. 33 borið upp með áorðnum breytingum og samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingskjal nr. 34

Flytjandi Járningarmannafélag Íslands, varðandi bannlista. Afgreiðsla keppnisnefndar þingsins er þannig að hún leggur til að tillagan verði felld.

Þingforseti segir þingskjal nr. 34 er til umræðu. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 34 fellt með yfirgnæfandi meirihluta.**

Þingskjal nr. 35

Flytjandi Geysir. Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 35 um áhugamót.

Ólafur Þórisson

Þetta mót hefur gert heilmikið fyrir hestamenskuna fyrir sunnan. Kem með eina breytingartillögu svo hún skarist ekki við aðrar reglur, það er að taka út dagsetningu áhugamótsins. Dagsetning skuli vera þriðju helgina ár hvert í júlí, falli út.

Orðið gefið laust um breytingartillöguna. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt.**

Orðið gefið laust um Þingskjal nr. 35 með áorðnum breytingum. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 35 samþykkt með örfáum mót atkvæðum.**

Þá er lokið yfirferð hjá keppnisnefnd, fyrir utan Þingskjal nr. 16 sem var frestað og keppnisnefnd leggst yfir núna í hléi.

Formaður kjörbréfanefndar fær orðið.

Marteinn

Enn berast umboð. Styttist enn aftur í kosningar. Fyrst til að taka, Sóley Halla Möller veitir Einari Gíslasyni umboð til að fara með atkvæði sitt. Vigdís Matthíasdóttir veitir Hirti Bergstað umboð til að fara með atkvæði sitt.

Það er kannski full ástæða til í þessu sambandi að vekja athygli á því að formenn félaga, reyndu að hafa örlítið meira tangarhald á sínum fulltrúum svo ekki sé verið að hlaupa með svona verkefni fram eftir öllu þingi. Smá losarabragur á þessu að mati Marteins.

Vekur einnig athygli á því að það var haft orð á því við hann í gær að það væri jafnræði með kynjum á þinginu. Hann tók jú vel eftir því, en taldi ekki ástæðu til að hafa orð á því. Getur hins vegar sagt frá því að töluvert langt er síðan hann sat sitt fyrsta landsþing. Það er það langt síðan að þá talaði hann bara um sitt kyn og hitt kynið. Vissi ekki um þessi 27. Miklu skemmtilegra á þingunum núna, því honum finnst skemmtilegra að horfa á hitt kynið en sitt kyn.

Keppnisnefnd fer nú í Guðmundarsal og fer yfir þingskjal nr. 16.

Kaffihlé 15.30 til 15.45

Fjárhagsnefnd

Marteinn Valdimarsson

Í fjárhagsnefnd voru skipuð fimm, 12 sátu fundinn og héldu öll út þó langur væri. Man að fyrir allmörgum árum þá var Ragnar Tómasson skipaður formaður fjárhagsnefndar og nefndinni var úthlutað svæði til að vinna á, hann settist við borð og setti fund en hann var einn, þannig að það var tölffaldur fjöldi í nefndinni í ár miðað við það.

Nefndin fór yfir þessi þingskjöl og byrjuðum á þingskjali nr. 36.

Þingskjal nr. 36

Kviknaði umræða um að það gengur illa að fá reikninga frá dómurum, sem hefur með þessa tillögu að gera. Þar sem dómáram hafa hækkað sína gjaldskrá, frá 35-50% og þar með eru

þeir að jafna kostnað, taka ekki ferðakostnað á fyrstu 250 km, því þótti ekki ástæða til að taka þessa tillögu til meðferðar. Fjárhagsnefnd leggur til að henni verði vísað frá.

Beina því til stjórnar að haldið verði áfram með tilraun um jöfnunarsjóð og reynt til þrautar að ná samkomulagi við dómara. Þessi tillaga var samþykkt með öllum atkvæðum nema einu.

Hákon fer aðeins yfir þennan jöfnunarsjóð til að kynna hann.

Hákon

Haustið 2021 var ákveðið að leggja til í jöfnunarsjóð 2 mkr stjórn LH til að sjá, til að mæta ferðakostnaði dómara, til að sjá hver þörfin væri. Auglýstum þá til félaganna, reyndar eftir að búið var að halda flest eða öll mótin og það voru nokkur félög sem sendu inn beiðni og samtals voru þetta um 630.000 kr. sem farið var fram á í styrk til að mæta ferðakostnaði dómara. Þetta var í fyrsta sinn sem við auglýstum og auglýstum eftir á, flest öll mótin búin og þessir aðilar fengu öll þann styrk sem þau óskuðu eftir, gegn framvísun kvittana.

Dómarafélag HÍDÍ breytti svo sinni gjaldskrá og þar er ákveðinn akstur innifalinn í þeirra verðskrá, sem breytir kannski þörfinni. Auglýstu aftur fyrir viku síðan og frestur rennur út núna í nóvember.

Verður spennandi að sjá hvernig það kemur út, gerðum þó ekki ráð fyrir þessu í áætlunum 2023 og 2024, viljum fyrst sjá hvað kemur út úr þessari tilraun. Ef þörf krefur, þá verða samdar reglur fyrir sjóðinn.

Þingforseti segir varðandi þingskjal nr. 36, að nefndin legg til að tillögunni sé vísað frá. Orðið gefið laust um frávísunina. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt að vísa þingskjali nr. 36 frá, með meginþorra atkvæða.**

Þingskjal nr. 40

Lagt til að lagt verði töluvert fjármagn í Sportfeng. Fjárhagsnefnd leggur til að tillögunni sé vísað frá, þar sem LH á ekki Sportfeng, heldur hestamannafélögin sem eiga Sportfeng. Því er beint til stjórnar að vinna að nýjum samningi við RML um uppfærslur á kerfinu sem eru algjörlega nauðsynlegar.

Þingskjal nr. 40, nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá. Orðið gefið laust um frávísunina. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 40 frá.**

Þingskjal nr. 43

Tillaga um hækkun árgjalds. Marteinn vekur athygli á því að ekki er lagt til að greiða sérstaklega til HOI, en af árgjaldinu fara 250kr í Sportabler. Ekki mikil hækkun á fjögurra ára tímabili að árgjaldið hækki um 300kr. Stjórnin hefur í hendi sér hvernig hún ver sínu fé í kynningarstarf og hvort það fer í HOI.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 43.

Hákon

Þannig háttar til eins og Marteinn kom inná, að síðast var árgjaldið 1.800kr á hvern greiðandi félagsmann, síðan var inni 300kr fyrir HOI verkefnið, sem gaf ca. 2,1 mkr og LH greiddi mismuninn þessi ár sem verkefnið hefur verið. Ekki verið að fara fram á það núna, heldur að festa þessar 300kr inni í árgjaldinu. ÍSÍ hefur rekið félagakerfið Felix aðildarfélagunum að kostnaðarlausu. Nú er verið að loka Felix og Sportabler er tekið við. Það er víst mjög gott

kerfi, nokkur félög þegar búin að semja við Sportabler en með þessu er LH að semja og greiða fyrir öll félögin. Af þessari 300kr hækkun, fara 250kr á hvern greiðandi félagsmann til að greiða Sportabler. Stendur til að Sportabler tengist Sportfeng og síðan Worldfeng. Erum að fá töluverðan afslátt með því að LH greiði þetta beint.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 43 samþykkt með tveimur mót atkvæðum.**

Þingskjal nr. 44

Stjórn fer fram á heimild til að ákvarða laun formanns. Töluverð umræða, menn vildu ekki kalla þetta laun, heldur þóknun fyrir sérstök störf.

Nefndin samþykkti þetta þannig:

Fjárhagsnefnd samþykkir að heimila stjórn LH hverju sinni að semja við formann um hæfilega greiðslu fyrir sérstakt átak í völdum verkefnum sem stjórn LH metur að sé viðbót við almenn verkefni formanns. Skal vinnuframlag á hverjum tíma haft til hliðsjónar þegar ákvörðun er tekin um greiðslur til formanns.

Orðið gefið laust um breytingartillögu nefndarinnar. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt með fjórum mót atkvæðum.**

Þingskjal nr. 44 borið upp til atkvæða með áorðnum breytingum. **Þingskjal nr. 44 samþykkt með meginþorra atkvæða, fimm á móti.**

Þingskjal nr. 45 Ársreikningur 2020

Nefndin leggur til að ársreikningur 2020 verði samþykktur.

Orðið gefið laust. Enginn kveður sér hljóðs. **Ársreikningur 2020 samþykktur samhljóða.**

Þingskjal nr. 46 Ársreikningur 2021

Það voru meiri umræður um 2021 en 2020, lagt til að reikningurinn verði samþykktur, var samþykkt þannig í nefndinni mótatkvæðalaust. Lagt til að gerður verði samningur milli LH og Skógarhóla ehf. um leigutekjur Skógarhóla. Á öðrum staðnum eru færðar tekjurnar og hinum staðnum gjöldin, þetta þótti ekki eðlilegt en það eru skýringar á þessu sem eru að Skógarhólar voru ekki komnir í LH, á koppinn sem félag á fyrri hluta ársins, sem skýrir framsetninguna í ársreikningum.

Tilmæli nefndar eru um að samþykkja ársreikninginn. **Ársreikningur 2021 samþykktur samhljóða.**

Þingskjal nr. 47 Árshlutauppgjör 2022 (9 mánuðir) lagt fram til kynningar

Ekki til afgreiðslu sem slíkt, engar athugasemdir í nefndinni. Ekki hér um að ræða að hafna eða samþykkja. **Framlagt.**

Þingskjal nr. 48 Fjárhagsáætlun fyrir árin 2023-2024

Ekki mikil umræða um áætlunina. Fengu að sjá frá gjaldkera, sundurliðun, þeir sem þess óskuðu á fundinum. Hægt að fletta upp á vef. Nefndin leggur til að fjárhagsáætlunin verði samþykkt.

Marteinn þakkar samnefndarmönnum sínum samstarfið, sérstaklega ritara nefndar.

Orðið laust um þingskjal nr. 48. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 48 samþykkt samhljóða.**

Þingforseti þakkar Fjárhagsnefnd fyrir þeirra störf og segir keppnisnefnd hafa lokið störfum aftur, og því næst á dagskrá að taka þingskjal nr. 16, sem var frestað fyrr á fundinum.

Þingskjal nr. 16

Flytjandi Geysir. Formaður keppnisnefndar greindi frá tillögum að breytingum. Keppnisnefnd mælir með samþykkt tillögunnar með áorðnum breytingum.

Þingforseti segir lagðar fram breytingartillögur við þingskjal nr. 16, viðurkennir að hann sé ekki búinn að ná utan um þær, en þær liggja frammi. Keppnisnefnd leggur til að tillagan sé samþykkt með áorðnum breytingum.

Orðið gefið laust.

Á meðan farið er yfir breytingartillögunum greinir þingforseti frá því að talnanörðar hafa hér reiknað út, að hér værum við búin að leggja fram 2.600 tíma á þessu þingi. Ef ég man rétt þá var talað um 1688 sjálfboðaliða tíma á landsmótinu, og því gífurlegt vinnuframlag lagt hér fram og spurning til þingsins hvernig viljið þið nýta þennan tíma.

Þingforseti gefur orðið laust um breytingartillögunum. **Samþykkt með nær öllum greiddum atkvæðum.**

Orðið þá gefið laust um þingskjal nr. 16 með áorðnum breytingum. Enginn kveður sér hljóðs. **Þingskjal nr. 16 samþykkt samhljóða.**

Þingskjal nr. 50

Flytjandi stjórn LH. Ákveðnar breytingar, sem urðu það miklar að ákveðið var að vísa til stjórnar og að stjórn LH vinni þetta áfram. Það er tillaga nefndarinnar.

Þingforseti segir lagt til að vísa tillögunni til stjórnar, því þarf ekki að taka afstöðu til breytingartillagna því ekki er verið að samþykkja þingskjalið sem slíkt. Tillagan fer í hendur stjórnar og vonandi verður til gagn síðar.

Orðið gefið laust um að vísa þingskjali nr. 50 til stjórnar LH. Enginn kveður sér hljóðs. **Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 50 til stjórnar LH til frekari úrvinnslu.**

Þingforseti tekur fram að klukkan sé 16.30 og orðin 1,5 tíma seinkun, sem sé ekki þingforsetum að kenna heldur þeim sem skipulögðu og áætluðu of skamman tíma.

Gögnin sem liggja fyrir þinginu, eru talsvert betur unnin í ár en á fyrsta þingi sem þingforseti sat fyrir sex árum. Segir þingfulltrúa hafa staðið sig mjög vel. Hrósar starfsmönnum samtakanna, hafa staðið sig vel. Þetta sé gaman og það sé auðvelt fyrir þingforseta að vinna með fólki sem veit hvað það er að gera og gerir það vel.

Gretar biðst afsökunar ef hann hefur yfirkeyrt einhverja, eða truflað svefnrof. Hlakka til að vera með ykkur í kvöld, þakka fyrir og afhendi hér með þingið yfir til Valdimars.

Gretar uppskar lófaklapp frá þingfulltrúum.

Valdimar, ræðir ábendingar um hvort verið sé að taka of mikið fyrir á þingunum þeir séu sammála um það þingforsetarnir, sumt megi jafnvel vera hjá stjórn eða nefndum.

Þingforseti óskaði eftir framlagi í bundnu máli, fékk vísu frá Sprettaramönnum sem Halldór Blöndal á að hafa ort á hrútasýningu í Pistilfirði:

Í holti var hrútur einn vænn
hann er dauður
Steingrímur Joð er stundum grænn
og stundum rauður

Valdimar leggur fram fyrri part

Hestar teygja langa limi
á leið að markinu

Stefán Tryggvi, toppar

Öll erum við vorsins börn og ég fer með kviðling sem Kiddi málari orti:

Er vorið kemur, lifnar lauf á tré
grösin spretta, tíbrá yfir sænum.
Hundur bónda upp við húsvegg mé
en haninn er sá graðasti á bænum.

Þingforseti segir þá komið að kynningu frambjóðenda til stjórnar. Kjörseðlar eru klárir hjá starfsmönnum, forseti athugar stöðu hjá formanni kjörbréfanendar, engar frekari breytingar.

Valdimar kallar eftir lista yfir frambjóðendur til aðalstjórnar upp á skjá.

Kynningar hafa verið á heimasíðu í einhvern tíma, fimm frambjóðendur hafa óskað eftir að kynna sig sérstaklega núna.

Fjórir í framboði til aðalstjórnar, einn til varastjórnar:

Edda Rún Ragnarsdóttir, Fáki

Kæru þingforsetar og þingfulltrúar, sit við mína kynningu.

Er 46 ára gömul og bý í Reykjavík, er félagi í Fáki. Hef stundað hestamennsku frá því ég man eftir mér og er mjög heppin með það að öll fjölskyldan mín gerir það líka. Ég er gift Sigurði Vigni Matthíassyni og saman eigum við þrjú börn. Við rekum hestamiðstöðina Ganghesta og höfum einnig verið með Reiðskóla Reykjavíkur samhliða því í 22 ár. Ríflega 20 þúsund nemendur hafa útskrifast í gegnum reiðskólann hjá okkur. Það sem gleður mitt hjarta mest þegar maður lítur til baka farinn veg er að sjá hversu margir nemendur hafa skilað sér inn í hestamenskuna og endað sem atvinnumenn eða jafnvel afreksknapar. Ég held það sé augljóst að ég hef mikinn áhuga á að kynna öllum þeim sem vilja fyrir hestinum okkar, auka nýliðun og að allir hafi kost á að kynnast þessari einstöku skepnu sem

hesturinn okkar er. Það á að vera jafn greiður aðgangur fyrir börn og fullorðna sem stunda hestaþróttir eins og allar aðrar íþróttagreinar.

Tel að mínir kraftar innan Landssambands hestamannafélaga geti nýst vel, þar sem þekking mín innan hesta heimsins er mikil og fjölbreytt og ég mun lofa því og ætla að gera það að vinna vel í þágu okkar hestamanna ef ég fæ traust frá ykkur til að vera kosin í stjórn.

Ólafur Gunnarsson, Jökli

Þingforsetar, ágæti þingheimur.

Ég heiti Ólafur Gunnarsson og er gjaldkeri Hestamannafélagsins Jökuls. Er nýfluttur til Íslands frá USA eftir að hafa búið þar í 25 ár. Við fjölskyldan fluttumst upp að Helgastöðum í Biskupstungum. Ég fór fljótlega að taka þátt í félagsmálum hestamanna, tók skýrt fram þá að ég vissi ekki muninn á T1 og T3 en hefði mikinn bakgrunn í rekstri og stjórnun. Hef skynjað í gríðarlega skemmtilegu starfi hjá Jökli að þekking mín og reynsla í ýmsum praktískum málum, að starfskraftar mínir gætu nýst LH og öllum hestamönnum. Skynja líka, á tilfinningasömum nótum, á strák 13 ára sem er að verða unglingur og okkar bestu stundir núna er þegar við förum á hestbak saman. Ég er að vona að þetta starf sem hefur verið í Jökli varðandi æskulýðsmálin og það sem varð til þess að þau hestamannafélögin þrjú sameinuðust, var í grunninn æskulýðsmálin. Sá áhugi og það starf sem við náðum þar á fót. Þannig að ég þekki núna á eigin skinni hvernig hestamennska og þetta hestalíf getur umbreytt og hjálpað til við svo margt. Ekki bara á keppnis vellinum heldur líka bara sem almennur reiðmaður og sem almennur áhugamaður um hesta.

Kominn í djúpu laugina, búin að prófa að keppa og geri kannski meira af því. Langaði að láta vita af mér og því ég er búinn að vera að kaupa hesta, og verið að tala hér um bundið mál og lesa eina vísu í lokin sem kom frá einum sem seldi mér hest og ég keypti hestinn um leið.

Hér er Bára blesótta,
sem býr að kostum gæðinga.

Talar gegnum taumana,
við tilfinningar eiganda.

Báru geta allir átt,
sem elska vilja, þrótt og mátt
og spretta af í sælli sátt,
er sól er hnigin undir nátt.

Eftir Bjarna Þorkelsson á Þóroddsstöðum.

Takk fyrir.

Sveinn Heiðar Jóhannesson

Þingfulltrúar og þingforseti

Sagðir að ég fengi lengri tíma ef ég kæmi með bundið mál.

Hestar teygja langa limi
á leið að markinu.

Er á leið í paraþimi,
hundleið öll á slarkinu

En að mér, ég heiti Sveinn Heiðar Jóhannesson, fæddur og uppalinn á Akureyri. Höfdælingur í báðar ættir, móðir mín fædd og uppalin á Skriðu og faðir minn á Vindheimum í Hörgárdal.

Kynntist íslenska hestinum 7 ára og fór þá í sveit í Skriðu og búinn að vera í hestum síðan. Hef starfað í stórfyrirtækjum í stjórnunarstöðum, starfa nú sem framkvæmdastjóri hjá hugbúnaðarfyrirtæki. Félagsmál, búinn að starfa hjá Sörla frá 2004, í nefndum og lengst af sem formaður. Hef komið að undirbúningi íslandmóta, gullmóta. Sat í undirbúningsnefnd LH fyrir landsmót 2012.

Það sem ég vil leggja áherslu á er að ég vil efla menntun í hestamennsku, nýliðun og finnst forréttindi að allir sem vilja og hafa getu, eigi að kynnast íslenska hestinum. Myndi leggja mikla áherslu á félagshúsin.

Að lokum tel ég að reynsla mín í hinum ýmsu félagsstörfum hjá hestamannafélaginu Sörla og í öðrum störfum ætti að geta nýst LH og þess vegna býð ég fram krafta mína. Takk fyrir.

Þingforseti þakkar fyrir botninn.

Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Skagfirðingi

Hún er ekki á staðnum, þannig að fyrir hana les Rósa María Vésteins ættuð af Akranesi. Rósa segir Unni vera mikla félagsmanneskju. Hún brennur fyrir æskuna, tölvumál, menntun og nýliðun og hefur reynst félaginu sínu gríðarlega vel, því hún er mikil já manneskja og stekkur alltaf til að vinna þau störf sem lögð eru fyrir hana.

Ávarp:

Ég er uppalin í Hestamannafélaginu Léttfeta, þar til það félag sameinaðist hestamannafélaginu Stíganda og Svaða og úr varð hestamannafélagið Skagfirðingur. Ég hef stundað hestamennsku frá barnsaldri en ég er sú eina úr minni fjölskyldu sem smitaðist af þeim áhuga. Ég útskrifaðist af hestabraut FNV árið 2018 og með BSc í reiðmennsku og reiðkennslu frá Háskólanum á Hólum árið 2021.

Í nokkur ár hef ég starfað við þjálfun hrossa hjá Bjarna Jónassyni og hef mikinn áhuga á æskulýðsmálum og þeim ungu aðilum sem er að stíga sín fyrstu skref í hestamenskunni. Ég hef meðal annars kennt og kenni unglingum í æskulýðsdeild og keppnisþjálfun Skagfirðings, verið í mótanefnd félagsins frá árinu 2015, stjórn Meistaradeildar KS frá árinu 2017 og starfað í nefnd fyrir Íslandsmót sem haldið var á Hólum 2021. Einnig hef ég setið í stjórn hestamannafélagsins Skagfirðings frá árinu 2020 ásamt því að vera í tölvunefnd félagsins þar sem ég legg mitt að mörkum hvað varðar mótahald og Sportfeng.

Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Hornfirðingi

Ég er uppalin í Herði, er í Hornfirðingi og formaður Glampa á Djúpavogi, nýjasta hestamannafélaginu.

Þegar ég kom á Djúpavog fyrir tveimur árum síðan þá var enginn hestur þar. Við byggðum okkur 15 hesta hús og við eigum tvö pláss í dag. Hesteigendum hefur fjölgað ansi mikið og hratt á Djúpavogi og þetta sýnir hvað nýliðun getur verið erfið, oft þarf einhverjar breytur til að hægt sé að byrja í hestamennsku.

Ég brenn fyrir nýliðun en einnig öryggis og tryggingarmálum og held við getum gert miklu miklu betur í öryggismálum. Takk fyrir.

Þingforseti segir ekki fleiri frambjóðendur til aðalstjórnar hafa óskað eftir að kynna sig eða sýna. Það er eitt framboð til varastjórnar, Gróa Baldvinsdóttir hestamannafélaginu Fáki.

Ávarp:

Kristinn Skúlason vil mæla með henni, hef starfað með henni í landsliðsnefndinni, hún er traust og örugg mannskja, fylgin sér, gengur í málin og klárar þau af einlægni. Góður einstaklingur og góð mannskja og ég mæli með henni. Takk.

Kynningu frambjóðenda er þá lokið.

Sirry - því Valdimar bað um seinnipart:

Hestar teygja langa limi

á leið að markinu

Valdi vill í parafimi

og er á harkinu

Þingforseti segir botnana fína.

Þingforseti segir enn og aftur komna beiðni um umboð til atkvæða. Það þarf að velta þessu fyrir sér fyrir næsta þing, starfsmenn og stjórn.

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Hestamannafélaginu Funa, gef Steingrími Magnússyni umboð mitt til atkvæðagreiðslu. Þannig lagt fyrir þingið og staðfest.

Þá er komið að kosningum til stjórnar. Kjörseðlar verða afhentir í fordyri.

Til að nýta tímann er tekinn fyrir liðurinn önnur mál á meðan kosning fer fram.

Önnur mál:

Dagbjört Hulda Guðmundsdóttir, formaður æskulýðsnefndar LH

Nefndin fagnar þeirri miklu umræðu sem orðið hefur á þinginu um æskulýðsmál og nýliðunarmál. Fulltrúar í nefndinni bjóða sig fram áfram til setu, sérstaklega í kjölfarið á góðum og mikilvægum umræðum um æskulýðsmál á þinginu. Eru sammála Gretari um að á landsþingi eigi þessi umræða að eiga meira pláss enda mikilvægasti málaflokkurinn okkar. Vilja taka undir orð Trausta um að karlmenn þurfi að láta þessi mál sig meira varða, og vonast þau eftir að sjá viðbót í nefndina og fá karlmann inn í nefndina því ykkar rödd á líka heima í þessum málaflokki. Taka einnig undir orð Hjartar, því öll félög geta gert betur, jafnvel miklu betur. Eins vilja þau taka undir orð Atla Más um að félögin verði að vera í stakk búin að taka við nýliðum og bjóða þeim upp á hesthúspláss svo fólk komist inn í þessa skemmtilegu íþrótt.

Nefndin bíður spennt eftir að sjá hvern ný stjórn LH muni skipa í starfshóp ráðuneytisins sem ráðherra ræddi hér um í gær og í nýliðunarnefnd LH.

Það kom fram á nefndafundi æskulýðsnefndar að sveitarfélögin styðja mjög mismunandi við íþróttina og æskulýðsstarfið og var ákall þar um að frá LH komi tillögur að ramma um æskulýðs- og nýliðunarmál, svo öll félög, bæði stór og smá geti fundið þar verkferla sem þau geta nýtt og útfært að sínum félögum til að herja á sveitarfélögin sín til að auka nýliðun greinarinnar.

Nefndin óskar líka eftir því að aðildarfélögin fari yfir lista æskulýðsfulltrúa á vef LH og sendi inn upplýsingar um nýja æskulýðsfulltrúa ef þörf er á. Mikilvægt er að listinn sé réttur svo hægt sé að ná til æskulýðsfulltrúa félaganna.

Fulltrúar nefndarinnar bíða spenntir eftir nýju umboði til starfa og ætla sér að vera í sambandi við félögin með ýmsum hætti.

Stefnum öll saman, lengra, hærra og hraðar í æskulýðs- og nýliðunarmálum.

Við vonumst til að á næsta landsþingi muni þingheimur hafa meira pláss til að ræða mikilvægustu málaflokkana, æskulýðs- og nýliðunarmál. Takk fyrir.

Þingforseti segir smá bið á talningu, það er verið að keyra atkvæðin upp í Borgarnes.

Ólafur Þórisson

Þakkar þingfulltrúum fyrir gott þing. Við komumst ekkert áfram og þróumst ekkert nema hafa skoðun og hafa skiptar skoðanir. Þannig verður framþróun. Er búin að koma upp í pontu 57 sinnum, svo sem allt gert til að reyna að hafa vönduð vinnubrögð og það er í allri þessari undirbúningsvinnu sem manni yfirsést smáatriði, gott að leiðrétta áður en samþykkt er svo þetta sé eins rétt og hægt er. Við Geysisfélagar, við þökkum fyrir okkur og vonandi verður gaman á eftir. Takk.

Þingforseti biður þingið að útskýra fyrir sér hvítan hraðskreiðan pallpíl sem keyrir hring eftir hring á vellinum báða dagana.

Hjörtur

Svara þessu þar sem ég er umráðamaður þessa vallar. En síðustu tvo daga er hvítur bíll á velli, að rúnta til að selja hesta. Þetta er Siggí Matt. Þetta er gríðarlega mikið notað til að selja hesta, vorum fyrst á móti þessu en þetta er í lagi á þessum árstíma og allir hestar sem seljast á hringvellingum, Fákur fær alltaf 15% af andvirði hestsins, þess vegna höfum við getað byggt svona upp aðstöðuna.

Guðni biður um orðið

Var bent á, fyrst við erum á léttum nótum, að það er afmælisbarn í salnum sem er 94 ára í dag, Hestamannafélagið Léttir og legg til að þingfulltrúar syngi afmælisönginn af því tilefni.

Kl. 17.25 Fundarhlé á meðan beðið er eftir niðurstöðum kosninga til aðalstjórnar.

Kl. 18.15 Þingfundi framhaldið og fyrir liggur niðurstaða í kosningum til aðalstjórnar.

Þingforseti gefur formanni kjörnefndar orðið til að greina frá niðurstöðum.

María Júlía Rúnarsdóttir, formaður kjörnefndar greindi frá niðurstöðum kosninga til aðalstjórnar.

Einungis einn var í framboði til formanns, Guðni Halldórsson og skoðast hann rétt kjörinn.

Talin voru 152 atkvæði og niðurstöður voru nokkuð afgerandi.

Þeir sex sem hlutu kosningu í aðalstjórn voru eftirfarandi:

Edda Rún Ragnarsdóttir 140
Ólafur Gunnarsson 132
Hákon Hákonarson 106
Þórhildur Katrín Stefánsdóttir 97
Unnur Rún Sigurpálsdóttir 94 atkvæði
Sóley Margeirsdóttir 91 atkvæði

Teljast þessir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn Landssambands hestamannafélaga.

Þingforseti óskar formanni og aðalstjórn til hamingju með kjörið og segir að þá skuli kjósa fimm fulltrúa í varastjórn, hvorki fleiri né færri. Þingfulltrúar riti nöfnin á kjörseðil.

Valdimar gefur grænt ljós á að þingfulltrúar yfirgefi salinn að kosningu lokinni, að frátöldum frambjóðendum og gefur formanni LH, Guðna Halldórssyni orðið til þingslita.

Guðni óskar nýkjörinni stjórn til hamingju með glæsilega kosningu og þakkar fráfarandi stjórn frábært samstarf sl. tvö ár.

Þakkar þingforsetum fyrir þeirra störf, Fáki fyrir glæsilegar móttökur, frábærlega staðið að öllu hér. Þakkar Ólafi Haraldssyni formanni laganefndar fyrir hans starf, faglega unnið af hans hálfu. Þakkar þingritara, það verður fróðlegt að lesa þinggerðina og gera ctrl find og Ólafur og sjá hvað það kemur oft.

Þakkar fyrir frábært þing, starfsmönnum þingsins, kjörnefnd, kjörbréfanefnd og formönnum nefndanna sem stóðu sig með eindæmum vel. Að þessu sögðu, slít ég þinginu og hlakka til að sjá ykkur í kvöld þegar ný varastjórn verður væntanlega kynnt. Takk fyrir.

Í varastjórn voru kjörin:

Gróa Baldvinsdóttir	113
Randi Holaker	111
Sveinn H. Jóhannesson	87
Birna Tryggvadóttir	83
Valdimar M. Ólafsson	67